

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2010 til 2011

tekin saman af sviðsstjórum

Björgvin E. Björgvinsson
Ægir Sigurðsson

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2010-2011	5
1.1	Inngangur.....	5
1.2	Tölulegar upplýsingar	6
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar.....	13
1.3.1	Stiklur í tímaröð	14
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra	30
2.1	Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni	30
2.1.1	Enska.....	30
2.1.2	Fornám	32
2.1.3	Íslenska	34
2.1.4	Lífsleikni.....	42
2.1.5	Samfélagsfræðigreinar	45
2.1.6	Tungumál önnur en enska	52
2.2	Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir	60
2.2.1	Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir	60
2.2.2	Raungreinar.....	72
2.2.3	Starfsnám (Hestabraut, viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagr.)	76
2.2.4	Stærðfræði.....	81
2.2.5	Verknám	85

Skólameistari

Örlygur Karlsson

Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

Áfangastjóri

Ása Nanna Mikkelsen

Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

Sviðsstjórar

Björgvin E. Björgvinsson

Ægir Sigurðsson

Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir,
listir og íþróttir

Kennslustjórar

Ester Ýr Jónsdóttir

Hörður Ásgeirsson

Íris Þórðardóttir

Jón Özur Snorrason

Ólafur Bjarnason

Svanur Ingvarsson

Sverrir Geir Ingibjartsson

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Þórunn Elva Bjarkadóttir

Ægir Pétur Ellertsson

Raungreinar

Sérkennsla

Viðskipta-, sjúkraliða- og
upplýsingagreinar og starfsnám,

Íslenska

Stærðfræði

Verknám

Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Erlend mál, önnur en enska

Samfélagsgreinar

Enska

Verkefnisstjórar/fagstjórar

Elísabet Valtýsdóttir

Gísli Skúlason

Guðfinna Gunnarsdóttir

Sverrir Geir Ingibjartsson

Danska

Lífsleikni

Fornám

Íþróttir

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorradóttir

Álfhildur Eiríksdóttir

Eyvindur Bjarnason

Félagsmálafulltrúi

Guðfinna Gunnarsdóttir/Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir

Fornvarnarfulltrúi

Íris Þórðardóttir

Erlend samskipti

Lárus Ágúst Bragason

Kennslustjóri á Litla-Hrauni

Ingi Stefán Ingason

1 Starfið veturinn 2010-2011

1.1 Inngangur

Skólaárið 2010 til 2011 var viðburðaríkt líkt og önnur starfsár Fjölbrautaskóla Suðurlands. Í ársskýrslu skólans hefur verið safnað ýmsum gagnlegum upplýsingum um skólann og skólastarfið. Hér er m.a. að finna tölulegar upplýsingar, umfjöllun um innlend og erlend samskipti og helstu verkefni stjórnenda. Raktir eru helstu atburðir á skólaárinu, fyrirlestrar og námskeið sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans. Kennarar, fagstjórar og kennslustjórar tíunda upplýsingar um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari nýjungar og bent á hvað betur má fara.

Skýrslur náms- og starfsráðgjafa, sjálfsmats og verkefnisins Skólinn í okkar höndum eru prentaðar sér en allar eru þær aðgengilegar á vef skólans.

Á haustönn komu kennarar til starfa miðvikudaginn 18. ágúst. Þann 19. voru viðbragðsáætlanir kynntar með því að starfsfólk svaraði spurningum í hópum um hvernig bregðast ætti við hinni fjölbreytilegustu vá sem yfir gæti dunið. Föstudaginn 20. ágúst var í fyrsta sinn í sögu skólans haldinn Nýnemadagur. Þann dag mættu nýnemar skólans og fengu kynningu á hinu nýja starfsumhverfi, aðbúnaði, tölvukerfi og fleiru sem huga þarf að þegar komið er á nýjan vinnustað. Dvöldu þeir hér frá kl 9:00 til 14:30 og voru kvaddir með veitingum áður en þeir héldu heim á leið.

Mánudagurinn 23. ágúst hófst með skólasetningu og kennsla samkvæmt stundaskrá klukkan 9:45 þann dag. Haustfrí var gefið dagana 22. til 25. október. Síðasti kennsludagur haustannar var þriðjudagurinn 30. nóvember. Fyrsti prófdagur annarinnar var miðvikudagurinn 1. desember og síðasti prófdagur fimmtudagurinn 9. desember. Sjúkrapróf voru haldin föstudaginn 10. desember. Á haustönn stunduðu 969 nemendur nám við skólann og fór brautskráning fram í föstudaginn 17. desember. Alls útskrifaði skólinn 84 nemendur að þessu sinni, þar af 55 stúdenta. Flestir brautskráðust af félagsfræði- og náttúrufræðibraut, 20 nemendur af hvorri, og 11 luku sjúkraliðabraut. Fimm nemendur brautskráðust af tveimur brautum.

Á vorönn hófst skólastarfið þriðjudaginn 4. janúar með kennarafundi og kennsla byrjaði fimmtudaginn 6. janúar. *Kátir dagar* voru 2. og 3. mars og *Flóafár* föstudaginn 4. mars. Kennsla lauk 30. apríl og útskrifað var föstudaginn 20. maí. Fjöldi nemenda á vorönn var 938 og brautskráðust alls 109 nemendur. Af stúdentsbrautum brautskráðust 76 nemendur, úr grunndeildum 19 nemendur og af húsasmíðabraut 7 nemendur. Fjórtán nemendur brautskráðust af tveimur brautum.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Gíróseðlar vegna dagskóla voru sendir út í tvennu lagi. Annars vegar í lok maí og hins vegar 21. júní 2010. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 969 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistarskóla á önninni. Nýinnskrifaðir í dagskóla á haustönn voru 273.

Tafla 1. Aldursdreifing nýinnskrifaðra skólaárið 2010-11

Aldur	Fjöldi H'10	Fjöldi V'11
Yngri en 16 ára	6	13
16 ára (fæddir 1994)	202	8
17 ára (fæddir 1992)	13	14
Eldri en 17 ára	52	23
Samtals	273	58

Þann 10. desember 2010 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla vorannar. Greiddir gíróseðlar voru 938. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 938 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistarskóla á önninni. Nýinnskrifaðir í dagskóla á vorönn voru 58.

Í töflu 2 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2010


Tafla 2. Dreifing dagskólanemenda á brautir

Brautir	Nemenda- fjöldi	Hlutfall af heild (%)	Karlar	Konur
AB	8	0,79%	7	1
AF	9	0,89%	8	1
AH	6	0,59%	1	5
AN1	1	0,10%	0	1
AN2	3	0,30%	2	1
AN4	79	7,81%	39	40
AU	53	5,24%	33	20

FÉ	220	21,74%	86	134
GB	31	3,06%	31	0
GBM	23	2,27%	22	1
GR	27	2,67%	23	4
HE	33	3,26%	6	27
HÚ8	10	0,99%	10	0
ÍP	51	5,04%	36	15
ÍP1	7	0,69%	4	3
LN1	28	2,77%	5	23
MB	45	4,45%	14	31
MG	10	0,99%	10	0
NÁ	206	20,36%	100	106
ÓTN	27	2,67%	8	19
SB	8	0,79%	4	4
SB1	24	2,37%	17	7
SJ	35	3,46%	1	34
SJ-brú	6	0,59%	0	6
VH	46	4,55%	24	22
VSS	16	1,58%	8	8
Samtals *	1.012	100,00%	499	513


→ Ath. sumir nemendur eru skráðir á fleiri en eina braut

Á mynd 1 má sjá kynjaskipta dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2010. Athygli vekur að konur eru orðnar fleiri en karlar á öllum brautum nema viðskipta- og hagfræðibraut.



Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2010


Mynd 2 sýnir að langflestir nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands koma frá Selfossi. Alls koma um 90% nemenda af Suðurlandi, frá Þorlákshöfn í vestri og austur í Vík. Aðrir nemendur koma úr öðrum landshlutum. Einn skiptinemi var við nám við skólann veturinn 2010-2011 og kom hann frá Sviss.




Mynd 2: Búsetudreifing nemenda í dagskóla af Suðurlandi á haustönn 2010

Í mörgum áföngum er tekið tillit til mætingaeinkunnar í lokaekunn áfangans, t.d. í LKN106. Til að fá einkunnina 10 í skólasókn þarf nemandi að hafa mætingahlutfall 98,5-100%, en 1 fá þeir í einkunn sem eru með undir 89,5% mætingahlutfalli.

Myndir 3a og 3b sýna dreifingu skólasóknareinkunnna veturinn 2009-10. Skólasóknareinkunnir nemenda eru svipaðar og undanfarin ár.




Mynd 3a: Dreifing skólasóknareinkunnna, veturinn 2010-11 (fjöldi nemenda)




Mynd 3b: Dreifing skólasóknareinkunnna, veturinn 2010-11 (hlutfall af heild)

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 4a sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2010 og 4b sýnir fjölda staðinna eininga að hausti 2010.



Mynd 4a: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2010




Mynd 4b: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2010.


Á haustönn 2010 luku 58 einstaklingar 0 einingum en þar af höfðu 47 hætt á önninni. 11 nemendur þreyttu próf og luku engri einingu.

Á haustönn 2010 voru 969 nemendur í skólanum og 480 þeirra eða 49,54% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2009 var hlutfallið mjög svipað eða 49,27%. Á haustönn 2008 var hlutfallið 54,47% og á haustönn 2007 var hlutfallið 59,8%.

Mynd 5a sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum um 18,3%. Það er svipað og á síðasta ári en lægra en árin þar á undan.




Mynd 5a: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2010-11.



Mynd 5b: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2010-11 (hlutfall af heildarfjölda nemenda)

Einkunnadreifing gefur vísbandingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, Bið á við biðeinkunnir þar sem nemendur hafa ekki náð stafsetningarhluta íslenskuáfanganna 102, 103 eða 202. F stendur fyrir fallið. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2010-11 í dagskóla.

1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Einn fundartími er fastur í töflu allra kennara. Sá tími er nýttur með fjölbreytilegum hætti. Á haustönn 2010 var hann, eins og á vorönn 2009, á miðvikudögum milli 11:05 og 12:20.

Dagskrá fundanna er skipulögð af stjórnendum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2010 til 2011, sem hér greinir.

Miðvikudagaról haust 2010

- 25.8. Samráð í fögum
- 1.9. Heiða Ösp Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, kynnti fyrirhugaða rannsókn sína „Af hverju lífið?“
- 8.9. Ný námskrá - Innleiðing nýrra laga. Þórir Ólafsson.
- 15.9. Sjálfsmatsvinna - Unnið að því að endurnýja spurningar í lykilþáttum 1 og 6
- 22.9. Skólinn í okkar höndum
- 29.9.. Samráð í fögum - Áfangar í boði - Bókalistar vorannar
- 6.10. Stjörnumerkjadagar - Ræsing
- 13.10. Val vegna vorannar 2011
- 27.10. Samráð í fögum
- 3.11. Ný námskrá - innleiðing nýrra laga
- 10.11. Sjálfsmat - Unnið í hópum við að meta lykilþætti 1 og 6
- 17.11. Heilsuefandi skóli - Héðinn Svarfdal Björnsson og Bryndís Elfa Gunnarsdóttir, næringarfræðingur frá Lýðheilsustöð
- 24.11. Kennarafundur/Samráð í fögum

Miðvikudagaról vor 2011

- 4.1. Þriðjudagur: Fyrsti kennarafundur annarinnar
- 12.1. Samráð í fögum
- 19.1. Námskeið: Nemendur með greiningu
- 26.1. Sjálfsmat
- 2.2. Skólinn í okkar höndum
- 9.2. Samráð í fögum
- 16.2. Kennarafélagið
- 23.2. Kennarafundur
- 2.3. Kátir dagar
- 9.3. Skólinn í okkar höndum
- 16.3. Námskeið í gerð námsferla
- 23.3. Valdagur
- 6.4. Sjálfsmat
- 13.4. Samráð í fögum
- 20.4. Páskafri
- 27.4. Kennarafundur

1.3.1 Stíklur í tímaröð

Eftirlitsmenn í FSu

Eftirlitsmannakerfið sem tekið var upp síðastliðið skólaár þótti gefa það góða raun að því var haldið áfram þetta skólaár. Í haust voru ráðir til starfa þeir Magnús Ásgeirsson og William Varadaraj höfðu þeir m.a. eftirlit með að reglum skólans væri fylgt, s.s. banni við notkun tóbaks á lóð skólans, að ekki væri gengið á útiskóm innanhúss og að bílum væri lagt löglega. Ráðning eftirlitsmannanna var í samstarfi við Vinnumálastofnun á Selfossi.

Angel verður Moodle

Í sparnaðarskyni var ákveðið að hætta með kennsluumhverfið Angel og taka þess í stað upp annað kerfi sem nefnist Moodle. Á liðnu ári unnu nokkrir kennarar í tilraunaskyni með Moodle og þótti það hentugt og að mörgu leyti einfaldara. Einnig sýndi reynslan að nemendur voru fljótir að tileinka sér nýja kerfið. Kristín Runólfssdóttir hélt kynningarnámskeið í upphafi haustannar og voru kennarar fljótir að tileinka sér hið nýja umhverfi.

Gagnlegur fundur með grunnskólakennurum

Miðvikudaginn 18. ágúst funduðu kennarar sem kenna dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði í FSu funduðu með grunnskólakennurum á Suðurlandi sem kenna sömu greinar.

Var skipst á skoðunum og upplýsingum í hverri grein fyrir sig og í lokin greindi hver hópur frá niðurstöðum á sal. Þótti þetta þarft framtak og ástæða til að hafa slíka fundi árlega í framtíðinni.

Nýnemadagur í FSu

Föstudaginn 20. ágúst var í fyrsta sinn haldinn Nýnemadagur í FSu. Með honum er hugmyndin að því að taka betur á móti nýnemum en áður. Nýnemar hittu fyrst umsjónarkennara sína og héldu síðan í stöðvavinnu þar sem ýmsar hliðar skólans voru kynntar. Nemendafélagið hafði útbúið ratleik um skólann til að kynna starfsemina og í lokin var boðið upp á næringu í mötuneytinu. Vel var mætt á þennan fyrsta nýnemadag og þótti hann takast með ágætum. Eru meiri líkur en minni á að kynningu sem þessari verði haldið áfram.

Stækkun Hamars

Föstudaginn 20. ágúst var undirritaður samningur um viðbyggingu við verknámshúsið Hamar. Fulltrúar sveitarfélaga og héraðsnefnda á Suðurlandi skrifuðu undir, en fulltrúar ráðuneyta mennta- og fjármála eiga eftir að staðfesta samninginn fyrir hönd ríkisvaldsins. Í samningnum er gert ráð fyrir 1600 fermetra húsi undir verknám af ýmsu tagi. Sveitarfélögin hafa þegar lagt mikið fjármagn í viðbygginguna og vonast er til að ríkið starfi í anda eigin stefnu um að efla iðnmenntun og semji um sinn hlut innan tíðar. Hefja þarf hönnun og framkvæmdir sem fyrst því þörfin er brýn fyrir meira og fjölbreyttara verknám á svæðinu.

Evrópska tungumálamappan í DAN 102

Í vetur var stigið nýtt skref í innleiðingu Evrópsku tungumálamöppunnar (ETM) í áfanganum DAN102. ETM er þróuð af Evrópuráðinu til að gera þeim sem leggja stund á tungumálanám auðveldara með að fylgjast með framvindu í námi sínu meðan á því stendur og skrá árangur sinn í tungumálanámi. Mappan gefur nemendum einnig tækifæri til að setja sér sín eigin markmið í tungumálanáminu. Möppunni er þannig ætlað að stuðla að framförum í tungumálanámi og auka samskiptahæfni milli þjóða auk þess sem hún á að gera fólki auðveldara með að flytja milli landa til náms og starfa. ETM lýsir á hvaða stigi kunnátta nemandans er og nýtist þess vegna betur en hefðbundnar einkunnir þegar þeir sækja um skólavist eða starf erlendis. Hún hvetur einnig til náms í mörgum tungumálum.

Námskeið í Olweusi

Föstudaginn 3. september sóttu Agnes Ósk Snorradóttir og Þórunn Jóna Hauksdóttir verkefnisstjóranámskeið í Olweusarverkefninu gegn einelti sem haldið var í Vallaskóla Selfossi og í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Á námskeiðinu kynntu þær þróun verkefnisins í FSu en skólinn er fyrsti framhaldsskólinn á Íslandi sem nýtir verkfærakistu Olweusar til að bæta skólabrag og vinna gegn einelti og andfélagslegu atferli.

Nýjar námskrár og námsbrautir

Miðvikudaginn 8. september kom Þórir Ólafsson deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu og fyrrum skóalmeistari á kennarafund. Þar ræddi hann meðal annars um reynslu af gildandi innritunarreglum í framhaldsskóla, sem hann taldi í meginatriðum góða. Einnig ræddi hann stöðuna varðandi innleiðinguna svokölluðu, en ný námskrá á nú að taka gildi að fullu eigi síðar en árið 2015.

Tungumálarefill

Evrópska tungumáladaginn, sem haldinn er 26. september árlega, bar upp á sunnudag að þessu sinni. Tungumálakennarar FSu stóðu fyrir uppákomu vikunni á undan, í tilefni af þessum degi til að vekja athygli á þeim tungumálum sem kennd eru við FSu. Hengdu þeir upp langan refill úr dagblaðapappír í alrými skólans og sendu nemendur sína niður í alrýmið til að líma á hann texta af ýmsu tagi á erlendum málum. Sem dæmi um textagerðir má nefna ljóð, skilaboð, uppskriftir, málshætti, skrítlur o.fl. Gjörmingurinn stóð yfir dagana 20. - 24. september.

Fagmennska og fjör

Föstudaginn 24. september var ráðstefnan „Fagmennska og fjör“ haldin í Tryggvaskála. Kennslu lauk kl. 12:20 þennan dag og ráðstefnan hófst laust fyrir klukkan 13. Flutt voru þrettán erindi um ýmislegt er lýtur að kennslu og kennsluháttum í FSu. Kennarar skólans viðruðu nýjungar í kennslunni, héldu hugvekjur, lýstu vandamálum og tilraunum sínum til að leysa þau. Sextán kennarar skólans sömdu og/eða fluttu erindin að þessu sinni og þótti takast vel til. Markmið ráðstefnunnar var að efla faglega umræðu innan skólans, og ljóst eftir þessa tilraun að kennarar hafa margt að segja hver öðrum í því efni.

Indversk matargerðarlist kynnt

Mánudaginn 27. september komu gestakennarar í matreiðsluáfangann í FSu. Það voru William Varadaraj, sem starfar við skólann þó á öðru sviði sé, og Mercy kona hans. Þau kynntu indverska matargerð og stýrðu nemendum inn í vöfundarhús matargerðarlistarinnar. Ekki var annað að sjá en að nemendur kynnu vel að meta þessa tilbreytingu og matinn sem til varð í tímunum.

Músíkfestival

Síðustu viku septembermánaðar stóð nemendafélag FSu fyrir tónlistarhátíð í skólanum. Allnokkrir tónlistarmenn tróðu upp í miðrými skólans í frímínútum og hádegishléum þessa daga og skemmtu viðstöddum. Sem dæmi má nefna að ein djasssveit lék og söng, nokkrir trúbadúrar tjáðu sig með söng og hljóðfærslætti og að minnsta kosti ein rokksveit lét í sér heyra. Þetta er góð hefð sem gjarnan mætti grípa til oftar því frambærilegt tónlistarfólk innan skólans er mun fleira en þarna kom fram.

Samningur um körfuknattleiksakademíu FSu

Þriðjudaginn 28. september var undirritaður samningur milli Fjölbrautaskóla Suðurlands og Körfuknattleiksfélags FSu um Körfuknattleiksakademíu FSu. Finnbogi Magnússon formaður Körfuknattleiksfélagsins ritaði undir fyrir hönd félagsins og Örlygur Karlsson skólameistari fyrir FSu. Nú eru 25 nemendur skráðir í akademíuna og er vonast til að fleiri bætist í hópinn eftir áramót. Valur Ingimundarson er þjálfari akademíunnar.

Námskeiðið „Power Point lifandi frásagnir“

Fimmtudaginn 30. september hélt Sigrún Jóhannsdóttir, frá Tölvumiðstöð fatlaðra, námskeið í FSu. Hún kenndi þátttakendum að búa til frásagnir með myndum, texta, hljóði og tali og kallaði það „Power Point lifandi frásagnir“. Starfsfólk starfsbrautar, leikskólakennarar og starfmenn Svæðisskrifstofu Suðurlands sóttu námskeiðið.

Aðalfundur foreldrafélagsins og foreldrakvöld

Þriðjundagskvöldið 5. október var haldið foreldrakvöld í FSu og jafnframt aðalfundur Foreldrafélags FSu. Nýja stjórn félagsins skipa Dagný Magnúsdóttir formaður, Eva Björk Lárusdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Hafdís Sigurðardóttir og Svanhvít Hermannsdóttir. Í varastjórn eru Ragnhildur Thorlacius og Róbert Karel Guðnason. Á fundinum kynnti Jón Sigfússon frá Rannsóknnum og greiningu rannsóknir sem sýna meðal annars að forvarnastarf í efstu bekkjum grunnskóla skili sér greinilega og mikilvægt sé að framhaldsskólar vinni markvisst að forvörnum í samstarfi við foreldra og forvarnafólk. Þá kynntu skólameistari og námsráðgjafar skólann

Myndlistarmaður í heimsókn

Þriðjudaginn 5. október kom myndlistarmaðurinn Pétur Thomsen í heimsókn í FSu. Sagði hann frá lífi sínu, hvernig er að komast af sem listamaður og sýndi verk sín, en hann vannur með ljósmyndir. Nemendur spurðu um það sem þeim lá á hjarta og Pétur sagði frá sýningum sem hann hefur tekið þátt í. Hann sýnir núna myndaröðina „Innflutt landslag“, sem lýsir umbreytingu landslagsins við Kárahnjúka, í Listasafni Íslands. Heimsóknin var í boði SÍM, Sambands íslenskra myndlistarmanna, í tilefni af degi myndlistar sem var 2. október.

Út í geim

Dagana 6. -7. október skelltu nemendur og starfsfólk sér út í geim viku á stjörnumerkjadögum í FSU. Skólinn var skreyttur hátt og lágt og nemendur skiptu sér í hópa eftir stjörnumerkjum og fengu allir afhentan bol merktan sínu merki. Hvert merki átti sitt svæði og gekk mikið á þegar merkin skemmtu sér og öðrum með tilþrifum á göngum skólans. Veitt voru verðlaun fyrir samheldni, heildarsvip, þátttöku, torfumyndun og utanumhald fyrirliða. Steingeitur unnu verðlaun að þessu sinni sem er afrek út af fyrir sig, þar sem fólk í merki steingeitar var fámennasta stjörnumerkið í skólanum. Þetta uppbrot á skólastarfi þótt takast vel og gaman að sjá hversu frumlegir hóparnir voru og sýndu mikinn sköpunarkraft og gleði.

Pestalozzi verkefni

Helgi Hermannsson, félagsfræðikennari í FSu, fór til Rúmeníu í vinnubúðir um fjölmiðlalæsi og lýðræði á vegum Pestalozzi verkefnis Evrópuráðsins. Evrópuráðið var stofnað 1949 til að verja og efla mannréttindi, lýðræði og virðingu fyrir lögum í Evrópu. Fjörutíu og sjö Evrópulönd eru meðlimir, öll lönd fyrir utan Hvíta Rússland, Kazakstan og Vatíkanið.

Pestalozzi verkefni eru hugsuð fyrir kennara og aðra er vinna að menntunarmálum. Megin verkefni þeirra er að vinna að lýðræðis- og mannréttindaumbótum í Evrópu. Vinnubúðirnar voru styrktar af Evrópuráðinu og rúmenska menntamálaráðuneytinu og voru staðsettar uppi í fjalllendi Rúmeníu, tæpa 30 km. frá kastala Drakúla greifa. Þátttakendur vinnubúðanna komu frá Ítalíu, Tyrklandi, Kýpur, Moldavíu og Rúmeníu, auk Íslands, en þetta var í fyrsta sinn sem Íslendingur tekur þátt í sambærilegu verkefni í Rúmeníu.

Kórinn í kvöldmessu

Þann 17. október tók Kór FSu þátt í kvöldmessu í Selfosskirkju. Var um að ræða blöndu af helgistund og tónleikum. Auk kórsins héldu tveir nemendur skólans örvekjur um lífið og tilveruna með tilvitnanir m.a. í sjálfan Sherlock Holmes. Kórinn söng ýmis dægurlög og var góður rómur gerður að flutningi hans. Einsöngvarar að þessu sinni voru Jóhanna Margrét Einarsdóttir, Karitas Harpa Davíðsdóttir, Krístrún Steingrímsdóttir og Sigmar Atli Guðmundsson. Hallgrímur Davíð Egilsson lék forspil á hörpu auk þess að leika undir í lokalagi kórsins. Um annan undirleik sáu Stefán Þorleifsson og Ragnar Geir Brynjólfsson

Magnús Borgar áfram í Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema

Magnús Borgar Friðriksson, náði þeim góða árangri á dögnum að komast áfram í Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2010-2011 á efra stigi. Keppnin var haldin 13. október sl. og fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Við F.Su. tóku þátt 9 nemendur, 2 á neðra stigi og 7 á efra stigi. Á þriðja hundrað nemenda á hvoru stigi á landinu öllu tóku þátt í keppninni. Tuttugu og einn efstu á neðra stigi og tuttugu og fimm á efra stigi öðlast þátttökurétt í lokakeppninni sem haldin er á vorönn.

Afmælisfundur skólaráðs

Hinn 28. október var haldinn 700. fundur skólaráðs FSu. Fulltrúar úr nemendaráði, þau Sölvi Þór Hannesson, Laufey Rún Þorsteinsdóttir og Anton Guðjónsson, og Sverrir Ingibjartsson kennari komu færandi hendi með 700-tertur á fundinn. Aðrir á fundinum voru Ester Ýr Jónsdóttir kennari, Guðfinna Gunnarsdóttir félagsmálafulltrúi, Ása Nanna Mikkelsen áfangastjóri, Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari og Örlygur Karlsson skólameistari.

Lesið var úr fyrstu fundargerð skólaráðs. Fyrsti fundur skólaráðs var haldinn 7. okt. 1981 á Austurvegi 10. Þrjú mál voru rædd:

"1. Samþ. að skipta gjöldum þeim sem innheimt voru þannig að í nemendasjóð renni kr. 150, í skólasjóð kr. 100.

2. Nemendur gerðu grein fyrir áformum um skemmtanahald. Fyrirhugaðir eru 3 dansleikir fyrir jól, hinn fyrsti 16. okt. Rætt um kostnað.

3. Verkefni skólastjórnar rædd almennt.

Fleira var ekki gert, fundi slitið."

Heimir Pálsson skólameistari skrifaði fundargerð og aðrir á fundinum voru Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir og Árni Óli Þórisson úr nemendaráði. Bárður Guðmundsson og Björn Pálsson kennarar og Þorlákur H. Helgason aðstoðarskólameistari.

Björg Pétursdóttir gestur á kennarafundi

Miðvikudaginn 3. nóvember var Björg Pétursdóttir sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu gestur á kennarafundi. Björg ræddi fyrirhugaðar breytingar á námsskipulagi á framhaldsskólastiginu. Taldi hún þessar breytingar vera kjörið tækifæri til að breyta og bæta nám og kennslu og „taka til í skólakerfinu“ eins og hún orðaði það. Með auknu frelsi gæti hver skóli hugað betur að því sem hann gerir vel nú þegar og lagað hugsanlega vankanta. Fram kom einnig að almennur hluti námskrár væri í lokavinnslu og yrði væntanlega birtur á næstu dögum. Þá hefur nýr vefur verið opnaður í þessu sambandi, namskra.is.

Sigurvegarar í Söngkeppni FSu

Systurnar Margrét Harpa og Þuríður Marín Jónsdætur sigruðu í söngkeppni FSu 2010 sem haldin var í Iðu fimmtudaginn 11. nóvember. Þær sungu lagið „Take Me or Leave

Me“ úr söngleiknum Rent. Í öðru sæti varð Írena Víglundsdóttir og í því þriðja Albert Rútsson.

Heilsueflandi skóli

Miðvikudaginn 17. nóvember heimsóttu FSu þau Héðinn Svarfdal Björnsson verkefnastjóri Heilsueflandi skóla og Bryndís Elfa Gunnarsdóttir næringarfræðingur frá Lýðheilsustöð. Þau sátu fund með stjórnendum og forvarnarteymi skólans og kynntu svo á kennarafundi heilsueflingarverkefni sem FSu er þátttakandi í ásamt 22 öðrum framhaldsskólum. Fyrsta árið verður áhersla lögð á næringu, svo hreyfingu, þá geðrækt og fjórða árið er lífsstíll í brennidepli. Þau Héðinn og Bryndís enduðu heimsóknina á fundi með öllum matráðskonum skólans. Heimsóknin var liður í að undirbúa verkefnið en formlega hefst það haustið 2011.

Unnið í Jólagarðinum

Í nóvembermánuði voru nemendur úr grunndeild rafiðna fengnir til að sjá um raftengingar á kofum í svonefndum Jólagarði sem verið er að koma upp í Tryggvagarði á Selfossi.

Beinakerling í FSu

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember ár hvert er til siðs að gera sér dagamun í FSu sem íslenskukennarar skólans hafa umsjón með. Frá því að þessi siður var tekinn upp hafa ýmsar upptakur farið fram í miðrymi skólans sem á hátíðarmáli kallast *Loftsalir*. Í ár þótti tilhlýðilegt að *varða* hina fjölbreyttu og stundum torsóttu leið íslenskunnar í gegnum aldirnar. Af þeirri ástæðu var henni reist *Beinakerling* sem blasti við nemendum og starfsfólki á leið þeirra í og úr kennslustund. Nemendur lögðu síðan vel valin orð í vörðuna, fleygar tilvitnanir, tökuorð eða nýyrði, vísur eða kvæðisbúta, myndmál af ýmsu tagi, einstakar setningar úr gömlum stafsetningaræfingum eða annað það sem talist getur til lifandi íslensks máls. Ekki var um neinn orðhengilshátt að ræða eða hálfkveðnar vísur. Með þessu athæfi sínu fetuðu nemendur FSu í fótspor forfeðra sinna og -mæðra sem stungu vísur í vörður. Þessar vísur voru stílaðar frá beinakerlingunni til þeirra sem um veginn fóru og voru oft næsta klúrar. Fussumsvei.

Leikrit nemenda

Fimmtudaginn 25. nóvember frumsýndi leikfélag nemenda jólaleikrit sitt. Verkið er alfarið samið af leikhópnum sem einnig sér um leikstjórn. Leikritið var sýnt í leikhúsinu við Sigtún á Selfossi (Gamla iðnskólanum).

Innrás mörgæsa

Sumum brá í brún um níuleytið föstudaginn 26. nóvember þegar hávær mörgæsaflokkur ruddist inn í skólann og truflaði hefðbundið skólastarf. Hvað var á seyði? Voru gróðurhúsaáhrifin orðin svona alvarleg? Mörgum létti hins vegar þegar ljóst varð að hér voru á ferðinni brottfarendur skólans að dimittera. Að venju sungu þeir og trölluðu og veittu sammendum og kennurum ýmsar viðurkenningar. Sérstaka athygli vakti

viðurkenning sem Örn Óskarsson hlaut sem „Besserwisser skólans“, við litla hrifningu þýskudeildarinnar. Að loknu kjötsúpusötri hurfu mörgæsirnar út í nóvembernæðinginn í óvissuferð, þó vonandi ekki alla leið á Suðurskautið.

Desemberprófin

Prófatími haustannar hófst í FSu miðvikudaginn 1. desember. Prófin stóðu til 9. desember og daginn eftir voru sjúkrapróf. Afhending einkunna og prófsýning var 14. desember og brautskráning þann 17.

Norsk heimsókn

Föstudaginn 10. desember heimsóttu 11 kennarar frá Asker videregående skole Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þetta er framhaldsskóli er leggur mikla áherslu á íþróttir. Lárus Bragason alþjóðafulltrúi og Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari tóku á mótí hópnum og gerðu grein fyrir starfsemi FSu. Norðmennirnir sýndu mikinn áhuga og spurðu margs. Einar Guðmundsson aðstoðarskólalastjóri Vallaskóla fór almennt yfir handboltapjálfun á Íslandi en árangur íslenska handboltalandsliðsins vekur alheimsathygli. Að loknum fyrirlestri Einars kynntu Norðmennirnir sinn skóla.

Raunfærnimat

Raunfærnimati í húsasmíði, sem staðið hefur í haust, lauk 1. desember. Ellefu namar útskrifuðust eftir raunfærnimat með viðhöfn 13. desember; alls fengu þeir metnar sem samsvarar 352 námseiningum, allt frá 4 einingum upp í 54 hjá þeim sem fékk flestar einingar metnar. Það voru þau Eydís Katla Guðmundsdóttir, Sólveig Kristinsdóttir og Svanur Ingvarsson sem sáu um matið fyrir hönd FSu og FnS, Edda Jóhannesdóttir frá Iðunni, Jón Ólafsson frá FB og Jón Eiríkur Guðmundsson frá Tækniskólanum.

Brautskráning haustið 2010

Brautskráning fór fram í FSu föstudaginn 17. desember. Alls útskrifaði skólinn 84 nemendur að þessu sinni, þar af 55 stúdenta. Flestir brautskráðust af félagsfræði- og náttúrufræðibraut, 20 nemendur af hvorri, og 11 luku sjúkraliðabraut. Fimm nemendur brautskráðust af tveimur brautum.

Jólatónleikar kórsins

Sunnudaginn 19. desember hélt Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands jólatónleika í sal skólans. Einsöngvari með kórnum var Hlín Pétursdóttir sópransöngkona og trompetleikari Ása Berglind Hjálmarsdóttir. Aðrir hljóðfæraleikarar og einsöngvarar komu úr röðum kórfélaga. Á efnisskránni voru hin ólíkustu lög adventunnar, íslensk sem erlend, allt frá „Hátíð fer að höndum ein“ til „Frosty the Snowman“. Kynnir á tónleikunum var Anna Árnadóttir. Stjórnandi kórs og hljóðfæraleikara, Stefán Þorleifsson.

Upphaf vorannar 2011

Fyrsti kennarafundur vorannar 2011 var haldinn þriðjudaginn 4. janúar. Þar kom meðal annars fram að skráðir nemendur voru 947 í dagskóla, en auk þeirra voru 37

grunnskólanemar í námi í tengslum við FSu. Þrettán nemendur sem voru í 10. bekk fyrir áramót komu alveg yfir í FSu. Mikill vöxtur er í FSu á fangelsasviðinu, en á vegum skólans var á vorönn kennt á Litla-Hrauni og í Bitru, auk þess sem fjarkennsla var á Kvíabryggju.

Fjölbrautaskóli Suðurlands hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2010

Menntanefnd SASS samþykkti á fundi 4. jan. 2011, að Fjölbrautaskóli Suðurlands hlyti Menntaverðlaun Suðurlands árið 2010 fyrir verkefnið "Skólinn í okkar höndum." Tilnefningin beindist að fjórum verkefnum sem eru samtvinnuð: Olweusar-áætlunin gegn einelti, bættur skólabragur, dagamunur og heilsueflandi framhaldsskóli. Skólinn fékk verðlaunin afhent á hátíðarfundum Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands 13. janúar. Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhenti styrkina og menntaverðlaunin.

FSu á Bett

Tólfta til fimmtánda janúar sóttu sjö kennarar úr FSu hina árvissu BETT-sýningu í London. Þar kynna fyrirtæki og stofnanir sem starfar á sviði kennslu og skólastarfs framleiðslu sína og þjónustu. Að venju var sýningin haldin í Olympia-sýningarhöllinni sem byggð var á 19. öld og upphaflega ætluð fyrir landbúnaðarsýningar.

Fundur um námserfiðleika

Á kennarafundi miðvikudaginn 19. janúar var umræðuefnið nemendur með sértæka námserfiðleika og hvernig hægt er að aðstoða þá við námið. Álfhildur Eiríksdóttir fór yfir fjöldatölur í tengslum við námserfiðleika af ýmsum toga í skólanum. Anna Þóra Einarisdóttir gaf fræðilegt yfirlit um lesblindu og Agnes Ósk Snorradóttir vitnaði í frásögn fyrrum nemanda í FSu sem greindist með lesblindu og fékk aðstoð í framhaldi af því. Þá fræddi Hörður Ásgeirsson fundarmenn um ýmis tölvutól sem hægt er að nota og benda fólki á til að auðvelda lestrarglímuna.

Byko og foreldrafélagið gefa

Fimmtudaginn 3. febrúar 2011 afhenti Pálmi Jóhannsson frá Byko Foreldrafélagi FSu gjöf frá fyrirtækinu. Voru það tveir örbylgjuofnar og eitt samlokugrill. Dagný Magnúsdóttir formaður foreldrafélagsins tók við gjöfinni og afhenti síðan skólanum hana. Örbylgjuofnarnir og grillið verða nemendum til afnota í mötuneyti nemenda.

Garðfuglahelgin

28. - 31. janúar var árleg garðfuglatalning Fuglaverndar. Þessi viðburður á upphaf sitt sem verkefni í líffræðiáföngum í FSu. Nokkrir framhaldsskólar ásamt fuglaáhugafólki um allt land hafa tekið þátt í verkefninu undanfarin ár. Síðast voru 329 þátttakendur. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson hafa frá upphafi haft umsjón með og séð um skipulagningu verkefnisins.

Gjöf frá Rafporti

Í tengslum við síðustu útskrift færði fyrirtækið Rafport ehf í Kópavogi skólanum 10 svokallaðar aðaltöflur í hús að gjöf. Þessar töflur eru með raforkumæli frá rafveitu og varnarbúnað fyrir raflagnir hússins, svo sem lekalíða og sjálfvör, auk þess sem búnaður fyrir síma og sjónvarpslagnir er í töflunum. Gjöfin mun nýtast vel í áfanganum RAL 303 þar sem m.a. er farið yfir mismunandi útfærslur á spennukerfum og varúðarráðstafanir gegn of hárra snertispennu.

Þýskukennsla undir smásjóni

Tvær þýskar sómakonur höfðu á dögnum viðdöl í FSu. Þetta voru þær Sabine Sennefelder og Edda Meyer sem eru að afla sér kennsluréttinda í þýsku hér á landi. Hafa þær lokið BA-námi í þýsku við HÍ og eru nú í mastersnámi við sömu stofnun. Eitt af verkefnum þeirra í því námi er að hljóðrita og greina kennslustundir við íslenska framhaldsskóla í ÞÝS 403 og 5X3. Þær hafa komið fjórum sinnum í heimsókn í FSu og lýstu því yfir við Ingis þýskukennara að FSu-hópurinn í ÞÝS 503 „hefði hækkað standardinn“ innan rannsóknarinnar. Taki þeir til sín sem eiga.

Þakkir fyrir góða menntun

Miðvikudaginn 9. febrúar komu hjónin Bolette Höeg Koch og Sigurður Steinþórsson frá Hæli í Gnúpverjahreppi færandi hendi í skólann. Í kortinu sem fylgdi gjöfum þeirra stóð: „Við færum skólanum Monopoly og myndina "Oscar et la dame rose", sem þakklætisvott fyrir góða kennslu og menntun þriggja dætra okkar, sem stunduðu nám við skólann á árunum 2002-2010. Með bestu kveðju, Bolette Höeg Koch, Sigurður Steinþórsson.“ Gjafirnar voru til skólans en sérstaklega ætlaðar frönskudeildinni. Vera Ósk Valgarðsdóttir tók við gjöfunum fyrir hönd skólans.

Grænn dagur í FSu

Fimmtudaginn 10. febrúar var „grænn dagur“ í FSu. Dagurinn var haldinn til heiðurs græna karlinum í eineltishring Olweusar en hann er tákn fyrir verndara, þann sem er á móti einelti og hjálpar eða reynir að hjálpa þolanda eineltis. Verkefnisstjórar Skólans í okkar höndum, Agnes Ósk og Þórunn Jóna, tóku á móti starfsfólki um morguninn og buðu því græna borða í barminn en það var frekar lítið að gera hjá þeim því flestir skörtuðu einhverju grænu. Uppátækið vakti athygli nemenda. Eineltishringurinn var kynntur fyrir þeim sama dag, í umsjónartíma.

Ástráður í LKN

Dagana 14. - 18. febrúar komu fulltrúar frá Ástráði, forvarnastarfi læknanema, í heimsókn í lífsleikni eins og margar undangengnar annir. Ástráður byggir sem kunnugt er á sjálfboðaliðastarfi og heldur fræðsluerindi í framhaldsskólum um allt land. Lögð er áhersla á forvarnastarf gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum sem teljast með helstu heilbrigðisvandamálum ungs fólks.

Sendiherrafrú í heimsókn

Fimmtudaginn 17. febrúar kom frú Gabriele Sausen, eiginkona þýska sendiherrans á Íslandi, í heimsókn í FSu. Í móttöku í þýska sendiráðinu í nóvember sl. hafði hún viðrað þá ósk sína við einn af þýskukennurum FSu að sig fýsti að kynnst af eigin raun starfseminni í íslenskum framhaldsskóla. Kom frú Sausen færandi hendi, hitti nemendur í þremur efstu áföngunum í þýsku sem nú eru kenndir í FSu og ræddi við þá á þýsku að sjálfsögðu. Einnig leiddu þeir Hannes Stefánsson þýskukennari og Örlygur Karlsson skólameistari hana um húsakynni skólans. Var hún ákaflega ánægð með heimsóknina og er óhætt að fullyrða, að nemendur ollu henni ekki vonbrigðum. Jafnframt færði hún skólanum góðar bækur að gjöf frá þýska utanríkisráðuneytinu og eru sumar þeirra þegar komnar á bókasafn FSu.

Hönnun í höfuðborg

Þriðjudaginn 22. febrúar fór hópur nemenda í fata- og textíláföngum FSu í vettvangsferð eftir langt hlé. Heimsóttir voru hönnuðir sem lifa af textíl á Íslandi í dag, ásamt því að skoða tísku og textíl frá ólíkum sjónarhornum í fjölmenninu.

Fulltrúar Haxa kynna líffræðinám við HÍ

Fimmtudaginn 24. febrúar heimsóttu skólann þau Ragnhildur Friðriksdóttir og Holger Páll Sæmundsson, líffræðinemar við HÍ og fulltrúar í stjórn Haxa, Hagsmunafélags líffræðinema. Þau fóru í kennslustundir í Líf 103 (lífeðlisfræði) og Líf 203 (erfðafræði) og kynntu nemendum líffræðinám við HÍ. Kynningin var afar vönduð og vel tókst að glæða áhuga nemenda á líffræði. Hvorki hafði þau órað fyrir þeim fjölbreytileika sem er að finna innan líffræðinnar né þeim mörgu atvinnumöguleikum sem bjóðast á meðan á námi stendur og ekki síður að því loknu.

Út vil ek

MAT1Ú3 er nýr áfangi í FSu. Í þessum áfanga kynnst nemendur meðal annars útiöldun, og hvað hægt er að nýta til matar í villtri náttúru Íslands. Í byrjun annar kom fulltrúi frá Brunavörnum Árnassýslu og fór yfir þær hættur sem þarf að varast við að kveikja eld á opnu svæði. Hann kenndi líka aðferðir við að slökkva eld í fötum og gaf skólanum vatnsslökkvitæki til að hafa við hlóðirnar. Við uppbyggingu á útikennslusvæðinu sá GBS Gröfuþjónusta ehf um hönnun og framkvæmd. Sveitarfélagið Árborg lagði til rekavið af Ströndum í sæti. Kennarar og nemendur í Hamri bjuggu til áhöld til útiöldunar. Afgangstímur úr verknáminu í Hamri er notað til þess að brenna í hlóðunum. Er það von Guðríðar matreiðslukennara að aðrir kennarar noti útikennslusvæðið til kennslu.

Umræðufundur um stærðfræði í framhaldsskólum

Miðvikudaginn 23. febrúar sóttu fimm kennarar Fjölbautaskóla Suðurlands fund íslenska stærðfræðafélagsins um framtíð stærðfræðikennslu í framhaldsskólum. Fundurinn var haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Fram fóru gagnlegar umræður um m.a. tilgang stærðfræðináms, nýja námskrá, námsmat og notkun hjálpartækja. Einnig voru ræddar þær kröfur sem samfélagið gerir til stærðfræðikunnáttu almennings, sem og þær kröfur sem

háskólarnir gera. Um 80 framhaldsskólakennarar mættu á fundinn og auk þeirra mættu kennarar frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri. Lýsa kennarar Fjölbrautaskóla Suðurlands yfir ánægju sinni með að þessi fundur hafi verið haldinn, nauðsynlegt er að efla umræðu um stærðfræðikennslu og að efla tengsl milli stærðfræðikennara á Íslandi.

Brynja kynnt og seld

Í áfanganum Frumkvöðlafræði, Við 133, stofna nemendur fyrirtæki og útbúa og hanna vöru sem þeir bjóða til sölu. Nemendur úr fyrirtækinu Brynja, þau Guðjón Reykdal Óskarsson, Guðjón Gestsson, Halla Kristín Kristinsdóttir, Eyrún Briem Kristjánsdóttir, Kristinn Svansson og Lára Kristinsdóttir, komu til skólameistara á dögnum og kynntu honum vörur sínar sem eru handhæg tölvuútsög, Brynjur, á góðu verði. Þetta eru glæsilegar tölutöskur sem hannaðar eru af nemendum en Vinnu- og hæfingarstöð fatlaða á Selfossi saumar töskurnar. Hvöttu nemendur skólameistara til að kaupa tösku og mæla með vörunni fyrir kennara og nemendur skólans.

Frumleg kvöldmessa með kór FSu

Sunnudaginn 6. mars kl. 20 var kvöldmessa í Selfosskirkju með Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands. Frumleg framsetning var þar í fyrirrúmi því kórfélagar gerðu trú og tilveru skil á óhefðbundinn hátt. Kórinn söng í kvöldmessu í kirkjunni fyrir áramót og vakti gríðarlega lukku meðal viðstaddra en þá var fullt út úr dyrum. Umsjón með kvöldmessunni höfðu Stefán Þorleifsson kórstjóri og sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson prestur.

Gettu betur- lið FSu komst í sjónvarpið

Lið FSu í Gettu betur komst áfram í 3. umferð keppinnar eftir sigur á Menntaskólanum í Kópavogi í febrúar. Þar með komust okkar menn, þeir Magnús Borgar, Óskar og Sigmar Atli, í sjónvarpshluta keppinnar. Laugardaginn 5. mars atti liðið síðan kappi við MRinga í sjónvarpinu sem fóru með sigur af hólmi.

Flóafár og stjörnustríð

Föstudaginn 4. mars var hið árlega Flóafár haldið. Þar kepptu 6 lið nemenda í ýmsum þrautum sem kennarar lögðu fyrir þá. Liðin sem mættu til leiks að þessu sinni nefndust Star Wars, Víkingar, Soldater, Latibær, Konungsríkið og Hálandahöfðingjar. Að lokum höfðu stjörnustríðsmenn nauman sigur í heildarkeppninni og fögnuðu með geislasverðaskaki og pizzuáti.

Ný heimasíða NFSu

Í marsmánuði tók Nemendafélag FSu nýja heimasíðu í gagnið. Auk nýs og glæsilegs útlits eru boðið upp á margvíslegar nýjungar og má til dæmis nefna að nú er hægt að „læka“ og „kommenta“ á allt sem fer inn á síðuna með Smettuaðganginum sínum (Facebook öðru nafni). Kristinn Svansson, nemandi í FSu, sá um að hanna síðuna fyrir nemendafélagið.

Menntaþing í Gunnarsholti

Menntaþing á vegum SASS var haldið í Gunnarsholti 4. mars. Þótti það heppnast ákaflega vel og voru þátttakendur um 80 talsins. Örlygur Karlsson skólameistari og Ragnheiður Ísaksdóttir námsferilsstjóri sóttu þingið fyrir FSu. Þórunn Jóna Hauksdóttir flutti áhugavert erindi um „Samfellu í námi á mörkum grunn- og framhaldsskóla“.

Háskólatorg í FSu

Miðvikudaginn 16. mars stóð náms- og starfsráðgjöf FSu fyrir Háskólatorgi. Þar kynntu allir háskólar á Íslandi, átta talsins, námsframboð sitt fyrir nemendum skólans.

Vandamál í Garðaborg

Stjórnendur skólans, þau Ása Nanna Mikkelsen áfangastjóri, Ragnheiður Ísaksdóttir námsferilsstjóri, Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari og Örlygur Karlsson skólameistari, sóttu námskeið Félags íslenskra framhaldsskóla (FÍF) en í því félagi eru þeir stjórnendur framhaldsskólanna sem eru í 50% starfi eða meira. Námskeiðið var haldið á Flúðum og sóttu það rúmlega 50 stjórnendur. Flensborgarskóli og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ skipulögðu námskeiðið. Þar var fjallað um ýmis vandamál „Framhaldsskólans í Garðaborg“. Þátttakendur voru settir í ýmis stjórnendahlutverk og áttu að leysa vandmál í vinnuhópum. Vandamálin tengdust starfsmannamálum, nemendum, skólareglum, gerð skólasamnings og skipuriti skólans. Var námskeiðið hið besta og bæði til gagns og gamans.

Leynivinadagar í FSu

Í mars gekkst stjórn starfsmannafélags FSu (Steinastjórnin) fyrir leynivinaðögum meðal starfsmanna skólans. Hverjum þátttakanda var úthlutað einum leynivini og tók að sér að gleðja hann í þrjá daga, frá miðvikudegi til föstudags. Á föstudagskvöldi var síðan haldið Baðstofukvöld í Tryggvaskála þar sem hulunni var meðal annars svipt að hinum leyndu vinum.

Alla leið heim

Nemendafélags FSu sýndi söngleikinn „Alla leið heim“ í Hólmaröst á Stokkseyri. Þetta er gamanleikur gerður eftir myndinni O Brother Where Art Thou eftir hina svokölluðu Cohen-bræður. Verkið fjallaði um þrjá strokufanga á leið sinni aftur á heimaslóðir þar sem einn þeirra stóð í þeirri trú að hann ætti fjársjóð.

Verkefni í híbýlahönnun

Í mars tóku menn eftir tilfæringum nemenda við sýningarskápana þrjá framan við gryfjuna í miðrými Odda. Þar voru að störfum nemendur í THL143 (híbýlahönnun) sem æfðu sig í uppstillingum á nytjahlutum sem þeir hafa hannað og framleitt fyrri hluta annar.

Sýning á Bollastöðum

Starfsmenn FSu stóðu fyrir list- og handverkssýningu á Bollastöðum. Þar gat að líta verk unnin á ýmsan hátt, svo sem útsaum, vefnaði og hekli. Meðal verka má nefna veggteppi stór og smá, dúka, skírnarkjól og ýmis smærri plögg sem starfsmenn göldruðu upp úr handröðum sínum.

Góður árangur í forritunarkeppni

Laugardaginn 26. mars var Forritunarkeppni framhaldsskólanna haldin í Háskólanum í Reykjavík. Alls voru 30 lið skráð til leiks í keppninni sem fer fram í þremur deildum, Alfa, Beta og Delta. Liðið /* Forritun */, sem var skipað þeim Ragnheiði Guðbrandsdóttur og Sigtryggi Haukssyni úr MH og Garðari Smára Vilhjálmsyni úr FSu, varð í 1. sæti Delta keppinnar. Liðið "The # ones", skipað Bjarti Thorlacius, Arnari Vilhjálmi Arnarssyni úr MH og Sölva Má Benediktssyni úr FSu, varð í 2. sæti Delta keppinnar. Í Delta keppninni voru skráð 21 lið til leiks en líklega voru það eitthvað um 15 lið sem kepptu. Lið skipað þrem strákum úr FSu þeim Hallgrími Egilssyni, Guðmundi Stefánssyni og Jakobi Reyni Valdimarssyni stóð sig ágætlega og gat leyst meira en helming þrautanna þrátt fyrir að allir þeir séu byrjendur í forritun og hafi farið fyrst og fremst til að vera með.

Stærðfræðikeppni grunnskóla

Miðvikudaginn 16. mars var stærðfræðikeppni grunnskóla á Suðurlandi haldin í FSu. Þátt tóku 49 nemendur í 8.-10. bekk frá 10 grunnskólum víðs vegar af Suðurlandi. Keppni þessi er haldin í samvinnu við Skólaskrifstofu Suðurlands og styrkt af nokkrum fyrirtækjum á svæðinu. Verkefni sem notuð eru í keppninni koma frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði og eru lögð fyrir víða á Reykjavíkursvæðinu á sama tíma. Í keppni 8. bekkja sigraði Guðjón Helgi Auðunsson Grsk. Hveragerði, í 9. bekk Karólína Ursula Guðnason Grsk. Hveragerði og í 10. bekk Garðar Guðmundsson Grsk. Bláskógabyggðar.

Valtýr Freyr náði 8. sæti

Dagana 12. og 13. mars fór fram úrslitakeppni landskeppinnar í efnafræði í Háskóla Íslands Valtýr Freyr Hlynsson nemandi við FSu stóð sig með þryði og endaði í 8. sæti. Alls tóku tólf nemendur þátt í úrslitakeppninni en um 115 tóku þátt í forkeppninni.

Sigur á framhaldsskólamóti í hestaíþróttum

Framhaldsskólamótið í hestaíþróttum fór fram laugardaginn 26. mars í reiðhöllinni Harðarþóli í Mosfellsbæ. Þar voru 5 keppendur frá FSu sem stóðu sig frábærlega og unnu stigakeppni skólanna. Fyrirkomulag mótsins var með því sniði að keppt var í 3 greinum, töltili, fjórgangi og fimmgangi. Aðeins 3 keppendur mega fara í hverja grein frá hverjum skóla. Keppendur í töltili og fjórgangi voru hátt í 40 en í fimmganginum voru 24 keppendur.

Haldin var úrtaka hjá FSu fyrir framhaldsskólamótið þar sem eftirfarandi keppendur komust áfram með sína hesta: Arnar Bjarki Sigurðarson og Rakel Nathalie Kristinsdóttir, sem kepptu í öllum greinum, Edda Hrund Hinriksdóttir í töltili, Birgitta Bjarnadóttir í

fjörgangi og Ragnheiður Hallgrímsdóttir í fimmgangi. Töltilið vann Arnar Bjarki og Edda endaði í 4 sæti. Í fjörganginum var Arnar Bjarki í 2. sæti og í 10. sæti. Fimmgangurinn fór svo að Ragnheiður endaði í 1. sæti, Rakel í 3. sæti og Arnar í 4. sæti. Stigahæsti keppandi mótsins varð svo Arnar Bjarki Sigurðarson.

Gegn fordómum

Umsjónartíminn 31. mars var á vegum Skólans í okkar höndum og var helgaður vakningu um fordóma. Farið var í gegnum myndasögu sem sýndi fordóma með gamansömum hætti, þótt undirtónninn væri vissulega alvarlegur. Þá var kallað eftir skýringum nemenda á hvað fordómar eru og rætt um ýmsa minnihlutahópa sem oft verða fyrir fordómum. Boðskapurinn var að hver og einn ber ábyrgð á að uppræta eigin fordóma og sporna gegn fordómum sem aðrir láta í ljós.

„Bændur flugust á.“

Fimmtudaginn 31. mars komu sviðslistamennirnir Bergur Ebba Benediktsson, Dóri DNA og Ugly Egilsdóttir í skólann með dagskrá sem nefnist „Bændur flugust á“.

Umfjöllunarefnið var Íslendingasögurnar með augum nútímamannsins, ekki síst yngri kynslóðarinnar. Voru ýmsir atburðir sagnanna teknir fyrir, gagnrýndir og settir í spaugilegt samhengi. Vel var mætt á sýninguna, sem var í Iðu, og tókst listamönnum vel að gæða efnið lífi og vekja á því áhuga.

Gjöf til skólans

Í byrjun mars barst FSu góð gjöf. Hildur Jónsdóttir færði skólanum 6 vatnslitamyndir eftir grænlenku listakonuna Kistat Lund. Myndirnar tengjast frásögnum af Leif Iluanaarajooq, sem á íslensku hefur verið nefndur Leifur heppni, og veru hans á Grænlandi. Lárus Ágúst Bragason sögukennari tók við gjöfinni fyrir hönd skólans.

Ukaliusaq-skólinn í heimsókn

Miðvikudaginn 6. apríl tók alþjóðafulltrúi skólans, Lárus Bragason, á móti 50 nemendum og 6 kennurum Ukaliusaq-skólans í Nuuk í Grænlandi. Alþjóðafulltrúi kynnti skólann, skipulag hans og hlutverk. Grænlenku krakkarnir voru áhugasamir og spurðu margs. Að lokinni kynningu var farin stutt skoðunarferð um aðalbygginguna Odda í fylgd alþjóðafulltrúa. Þess má geta að gestirnir dáðust sérstaklega að umgengni í skólanum.

Skólastarfið vegið og metið

Miðvikudaginn 6. apríl var unnið að sjálfsmati í fundatíma. Að þessu sinni var fulltrúum nemenda gefinn kostur á að taka þátt í matinu. Skólinn notast sem kunnugt er við skoskt sjálfsmatskerfi sem heitir “How good is your school” eða „Gæðagreinar“ á íslensku. Að þessu sinni svöruðu starfshópar ýmsum spurningum um skólastarfið og gáfu þáttum þess einkunnir eftir ákveðnu kerfi.

Reise, Reise...

Fimmtudaginn 7. apríl fóru nemendur úr tveimur þýskuáföngum úr skólanum, ÞÝS-403 og ÞÝS-503 með kennara sínum, Inga S. Ingasyni, til Reykjavíkur að heimsækja

sendiherrann og frú hans til að kynna störfum þýska sendiráðsins. Fyrst var förlinn heitið í sendiráðið þar sem sendiherrann, Herrmann Sausen, tók á móti hópnum. Skýrði hann fyrir nemendum hin dæmigerðu störf sendiráða og þeirra embættismanna. Síðan var hann kvaddur og fór hópurn þá á heimili sendiherrahjónanna á Túngötu. Þar biðu þeirra veitingar og myndin „Lila, Lila“ með Íslandsvininum Daniel Brühl í aðalhlutverki og var það samröma gagnrýni hópsins að myndin hefði verið „mjög góð!“ En ekki var það bara myndin sem var talin mjög góð heldur fékk hópurn líka þá sömu gagnrýni frá rútbílstjóra, kennara og opinberum embættismönnum.

Verkefnisstjórar útskrifaðir

Föstudaginn 8. apríl útskrifuðust Agnes Ósk Snorradóttir og Þórunn Jóna Hauksdóttir sem verkefnisstjórar í Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegu atferli. Hafa þær stundað námið af kappi, ásamt öðrum nemendum, frá því í ágúst 2009 undir handleiðslu Þorláks H. Helgasonar framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar á Íslandi og Sigrúnar Ágústsdóttur náms- og starfsráðgjafa í Réttarholtskóla. Þær stóllur hafa lagað áætlunina að FSu en hann er fyrsti framhaldsskólinn til að taka hana upp á Íslandi.

Heimsókn í Hólaskóla

Hópur nema af hestamenskubrautinni við FSu heimsótti Hólaskóla miðvikudaginn 13. apríl með kennara sínum. Erindið er að skoða sig um á Hólastað og kynna sér starfsemi skólans, þó fyrst og fremst hestafræðideildina.

Páskasýning á bókasafninu

Í tilefni bókasafnsdagsins 14. apríl var haldin sýning í stiga Jónasar á íslenskum ljóðum sem fjalla um páskana. Bókasafnsdagurinn er haldinn að frumkvæði Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, í samstarfi við íslensk bókasöfn. Tilgangur dagsins er að vekja athygli á mikilvægi bókasafna fyrir þjóðfélagið. Bókasöfn gegna mikilvægu hlutverki sem miðstöð fræðslu og þekkingar og á bókasafni FSu er m.a. rík áhersla lögð á að efla sjálfstæði nemenda við upplýsingaöflun. Bókasöfn eru auk þess samkomuhús, menningarmiðstöðvar og góður staður til að vera á. Bókasöfn eru heilsulind hugans.

Örtónleikar í Odda

Ein af skólahljómsveitunum, The Assassin of a Beautiful Brunette, hélt örtónleika í Odda fimmtudaginn 14. apríl.

Nýtt menndaráð

Nýtt nemendaráð var kosið þann 14. apríl, og úrslit tilkynnt á kvöldvöku samdægurs. Ráðið verður þannig skipað næsta skólaárið: Formaður er Karen Óskarsdóttir, ritari Margrét Harpa Jónsdóttir, gjaldkeri Sindri Snær Bjarnason, formaður leikráðs Þuríður Marín Jónsdóttir, formaður tækjaráðs Guðmundur Bjarnason, vefstjóri Þórunn Sara Guðbrandsdóttir, markaðsstjóri Andrea Björk Olgeirsdóttir, ritstjóri Nota Bene Gunnar Karl Ólafsson, formaður íþróttaráðs Sara Árnadóttir og formaður skemmtinefndar Guðlaug I. Guðmundsdóttir.

Ólafs Odds minnst

Miðvikudaginn 27. apríl, fyrsta skóladag eftir páskaleyfi, var haldin minningarathöfn um Ólaf Odd Marteinson nemandu við skólann sem lést í umferðarslysi 15. apríl sl. Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson flutti minningarorð við athöfnina.

Útielldhúsið dafnar

Aðstaðan í útielldhúsi skólans batnaði til muna á vorönninni. Sigurður Grímsson og nemendur hans í málmsmíði smíðuðu á dögnum eins konar hlóðaeldavél, fjórfót með stórru götóttri plötu sem hangir í keðju þannig að auðvelt er að stilla hitann á plötunni. Þetta áhald virkar því eins og stór eldavél við hlóðirnar. Svanur Ingvarsson og nemendur hans í trésmíðinni smíðuðu einnig forláta borð úr ösp af Reynivöllum og greni sem börn og unglíngar frá Selfossi plöntuðu á Snæfoksstöðum um 1960. Nú njótum við góðs af þessari vinnu. Aðstandendur MAT1Ú3 eru alsælir með þessa samvinnu við kennara og nemendur í Hamri.

Kallarnir á förum

Föstudaginn 29. apríl kvöddu brottfarendur úr FSu þessa önnina skólann sinn. Dimittendi birtust í skólanum um níuleytið og kom þá í ljós að Kalli kanína hafði aldeilis fjölgað sér. Þegar brottfarendur höfðu kyrjað bragi um skólann og kennarana og verðlaunað samnemendur og lærifeður bauð skólinn upp á kjötsúpu.

Aðalfundur Hollvarðasamtaka FSu

Aðalfundur Hollvarðasamtaka FSu var haldinn föstudaginn 20. maí í skólahúsinu Odda, stofu 201. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann er haldinn um sumarmál ár hvert í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Seturétt á aðalfundi með fullum atkvæðisrétti hafa allir félagsmenn á félagaskrá samtakanna. Fulltrúar lögaðila með aukaaðild eiga rétt á að sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Einkunnaafhending og prófsýning

Þriðjudaginn 17. maí fór fram einkunnaafhending og prófsýning í skólanum.

Brautskráning vorið 2011

Föstudaginn 20. maí brautskráðust 109 nemendur frá FSu, þar af 76 af stúdentsbrautum, 19 úr grunndeildum og 7 af húsasmíðabraut. Fjórtán nemendur brautskráðust af tveimur brautum. Margir útskriftarnemar voru heiðraðir fyrir góðan árangur í einstökum námsgreinum og félagsstörf. Sérstakar viðurkenningar Hollvarðasamtaka FSu fyrir góðan heildarárangur hlutu Aníta Kristjánsdóttir, Magnús Borgar Friðriksson og Rakel Natalie Kristinsdóttir, öll stúdentar af náttúrufræðibraut, og skólanefndin verðlaunaði Magnús Borgar fyrir besta námsárangurinn.

2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

2.1 Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Björgvin E. Björgvinsson

2.1.1 Enska

Kennslustjóri: Ægir Pétur Ellertsson

Kennari	Áfangi Haust 10	Áfangi Vor 11
Guðfinna Gunnarsdóttir	Enska á starfs- braut 6 Ens 403 6 <u>Ens 503 6</u> = 18	í barnsburðarleyfi
Helgi Þorvaldsson	Ens 103 6 Ens 212 12 <u>Ens 303 12</u> = 30	Ens 212 12 <u>Ens 303 12</u> = 24
Kristín Runólfsdóttir	<u>Ens 613 6</u> = 6	<u>Ens 503 12</u> = 12
Kristjana Hrund Bárðardóttir	Ens U936 6 Ens 202 12 <u>Ens 403 6</u> = 24	Ens 102 12 Ens 303 6 <u>Ens 403 12</u> = 30
Paola Daziani	Ens 102 6 <u>Ens 303 18</u> = 24	Enska á starfs- braut 6 Ens 303 12 <u>Ens 423 6</u> = 24
Sveinn Eyjólfur Magnússon	Ens 102 18 <u>Ens 303 6</u> = 24	Ens 103 6 <u>Ens 203 18</u> = 24
Ægir Pétur Ellertsson	Ens 103 12 Ens 203 12 <u>Ens 503 6</u> = 30	Ens 203 18 Ens 403 6 <u>Ens 603 6</u> = 30
	Samtals 158	Samtal 144

Önnur kennsla til viðbótar þessu:

Sveinn Eyjólfur Magnússon sá um kennslu á Litla Hrauni: 9,6 klst. á haustönn og vorönn. Helgi Þorvaldsson annaðist kennslu á Bitru: 3,0 klst. á vorönn. Kristjana sá um áfanga fyrir nemanda á Lækjarbakka í U936 sem ekki lauk áfanganum og um 2 nemendur í ensku 102 á Kvíabryggju og Kristín Runólfsdóttir var með einn nemenda utanskóla í ENS 503 í séráfanga.

Kennsla grunnskólanema var í höndum heimamanna á hverjum stað og nemendur tóku lokapróf sem gildi 100%. Ægir Pétur Ellertsson sá um kennsluáætlun og samningu og yfirferð prófa í ensku 103 á haustönn og í ensku 203 á vorönn, auk þess sem Sveinn Eyjólfur Magnússon sá um ensku 103 á vorönn. 16 nemendur luku prófi á haustönn og á vorönn skiluðu 14 (Ens203) og 10 (Ens103) nemendur sér í lokapróf, Fækkunin á vorönn í Ens 203 skýrist af því að þá hófu tveir þessara nemenda nám hjá okkur í dagskóla, Benda má á að 2 af grunnskólanemendum í ensku 103 á vorönn náðu ekki prófi.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Boðið var upp á áfanga í yndislestri Ens 323 sem gekk vel.

Námsmat. Símat / lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.

Á síðasta skólaári var mörkuð sú stefna að hafa skriflegt lokapróf í Ens 203 og 212, þ.e.a.s. áður en hrað- og hægferð mætast og í desember á þessu skólaári ákváðu kennarar að innleiða lokapróf í öllum byrjendaáföngum, þar sem nemendaeinkunnir úr grunnskóla gefa ákaflega misvísandi upplýsingar um raunverulega getu nemenda. Til viðbótar má nefna að prófleysið getur fleytt áfram fólki sem er samviskusamt en með takmarkaða getu sem síðan kolfellur á lokaprófi þegar að því kemur. Í próflausum áföngum er ennfremur nauðsynlegt að kennarar samræmi betur matið sín á milli.

Námsskeið sem kennarar hafa sótt

Kristjana Hrund Bárðardóttir sótti ráðstefnu á vegum STÍL: "Hvað leynist í gulla-kistunni" og Kristín Runólfsdóttir sótti 7 daga námskeið um Shakespeare, verk hans og tíma, í ágúst við Globe leikhúsið í London og kynnti það á aðalfundi Fekí (félagi enskukennara) nú í vor.

Nýjar bækur og kennslugögn á árinu

Litlar breytingar hafa verið á kennslubókum þetta árið.

Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár.

Á síðasta ári var þeirri hugmynd beint til stjórnenda að tungumálin fengju svigrúm í fundarkassa til að ráða ráðum sínum og miðla hugmyndum þvert á tungumál. Það er ljóst að þetta samráð er kannski sérstaklega mikilvægt fyrir þær deildir þar sem kannski bara einn kennari er, enda bentum við á í skýrslunni fyrir ári að enskudeildin vildi einnig nota tímann fyrir samráð innan deildar. Það sést best á vorönninni hve erfitt er að skipuleggja þetta samráð. Í desember var ákveðið að deildirnar hefðu sjálfar umráð yfir fyrsta gatinu en gat nr. 2 yrði fyrir almennt samráð. Með 5 mínútna fyrirvara var fyrsta gatinu breytt í samráð allra málanna til að samræma leiðréttingarkvarða í Foxit forritinu

(Þetta er forrit sem gerir kleift að fara rafrænt yfir verkefni nemenda sem eru í form pdf. skjala. Þegar að gati 2 kom virtust allir (nema undirritaður!) búinn að gleyma ákvörðun frá í desember um almennt samráð og síðar á önninni var nóg annað til umræðu innan deildar. Það segir sig kannski sjálft að þegar fólk hefur meira en nóg annað að gera að þá verði sófaspjallið útundan.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nú eru samræmd próf ekki lengur til staðar og grunnskólaeinkunnin segir afar lítið um getu nemenda. Æskilegt væri að fylgjast betur með gengi nýnema eftir fyrstu önn í F.Su., ástæða væri til að skoða vel nemendur sem falla í ensku 103 og ef getan er ekki í samræmi við væntingar að færa þá niður í ensku 102 á vorönn.

Eitt atriði að lokum: Nemendur sem hraða ferð sinni í gegnum enskuna með því að taka fyrstu tvo áfanga í grunnskóla eiga sumir hverjir í erfiðleikum í efri áföngum. Er það mat manna að þau hafi einfaldlega ekki þroska til að glíma við það efni.

Selfossi 29. maí 2010
Ægir Pétur Ellertsson

2.1.2 Fornám

Kennslustjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Skólaárið 2010-11 kenndu þrír kennarar í fornámi við skólann, Bryndís Guðjónsdóttir (BG), Ólafur Bjarnason (ÓB), Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS) og Guðfinna Gunnarsdóttir (GG). Náms- og starfsráðgjafi fornáms var Álfhildur Eiríksdóttir. Á haustönn voru 9 nemendur skráðir í fornám, en 1 hætti á önninni. Á vorönn voru 8 skráðir í fornám. 7 nemendur luku prófum á vorönn.

Kennari	Áfangi	Haustönn (fj.kst)	vorönn (fj.kst)
Bryndís Guðjónsdóttir	Ísl F936	6	
Ólafur Bjarnason	StæF936	6	
Guðfinna Gunnarsdóttir	AðsF912	2	
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	AðsF912		2
	Samtals	14	2

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Íslenska – haustönn: Helstu nýjungar voru að finna nýjar leiðir að námsefninu og nýta áhuga og þekkingu nemenda til að vinna efni og tengja það ritun og framsögn.

Nemendur unnu með áhugamál sín og gerðu veggspjöld með myndum og textum sem tengdust áhugamálum þeirra. Nemendur komu með hluti og sýndu öðrum samnemendum sínum þá og sögðu frá þeim. (Skemmtilegt að segja frá því að einn

drengur kom með stuðara af bíl sem hann var að gera upp. Þetta vakti mikla athygli hinna nemendanna.)

Með þessum hætti reyndi ég að vekja áhuga nemendanna til að skrifa um efni sem tengdist beint efni sem þau þekktu. Þetta tókst þokkalega en tveir nemendurnir treystu sér ekki til að skila sínum verkefnum. Einn nemandi lauk ekki sínu verkefni.

Nemendur völdu sér hljómsveitir og texta sem þeir unnu með og kynntu. Nemendur unnu veggspjöld og tókst þetta verkefni betur en verkefni 1. Það held ég að sé vegna þess að efnið kom ekki eins nálægt þeim sjálfum og það fyrra. Þau lögðu sum hver mikið á sig að þýða texta og finna myndir sem tengdust efninu. Þessi nýjung var um 30% af því efni sem ég lagði fyrir. (BG)

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum
Íslenska – haustönn: 50% símat var í áfanganum og 50% lokapróf. (BG)

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bryndís Guðjónsdóttir fór á námskeið í haust 2010 í nýjum kennsluáðferðum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu: Engar

Annað

Sjálfstyrking var ekki kennd á skólaárinu.

Stærðfræði - Á haustönn tók undirritaður að sér kennslu fornámshóps í stærðfræði við FSu stæ F93. Hópurinn var samansettur af 8 drengjum og einni stúlku, samtals 9 nemendur. Mjög fljótlega heltist einn drengurinn úr lestinni. Notað var sama námsefni og í stæ U93 en yfirferð miðuð við getu hvers og eins. Þeim nemendum sem kláruðu ákveðinn hluta af námsefninu á haustönn var boðið að þreyta próf í áfanganum stæ U93. Þetta gerðu 4 nemendur og stóðust allir próf, 2 með einkunnina 8, einn með 6 og einn með 5. Þannig að um áramót voru aðeins 4 nemendur eftir í áfanganum. Þá lagði undirritaður til við skólastjórn að þessi námshópur yrði lagður niður sem slíkur og nemendur vistaðir í stæ U93 á vorönn og varð sú raunin. Undirritaður kenndi þremur af þessum 4 nemendum í U áfanganum á vorönn og voru þeir engum árangri að skila, enda ekkert að gera af neinu viti alla önnina, þeir nenntu hreinlega engu. (ÓB)

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs/Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nú liggur fyrir að fornám í þeirri mynd sem þekkt er innan skólans mun ekki bjóðast nemendum næsta haust. Þessi breyting kemur í kjölfar breytinga á innritun nemenda í skólann, þar sem einkunnir samræmdra prófa liggja ekki lengur til grundvallar við innritun. Nemendum í fornámi hefur vegna þessa fækkað smám saman og hafa aldrei verið færri en á liðnu skólaári.

Þrátt fyrir að fornámið hætti verður áfram þörf á sérstökum úrræðum fyrir nemendur sem þurfa aðstoð við nám og upprifjun í undirstöðum grunngreina eins og stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku. Einnig er áfram þörf fyrir einhverskonar sjálfstyrkingu í því

formi sem talið er henta hverju sinni. Þá mætti hugsa sér að við lok haustannar nýnema, verði nemendum sem ekki hefur gengið nægilega vel boðið upp á námsleið sem felur í sér sömu forsendur og fornámið gerði, þ.e. sértæka aðstoð, minni hópa í þeim grunngreinum sem þeim gengur illa í og meira aðhald umsjónarkennara/kennslustjóra með aðstoð náms- og starfsráðgjafa líkt og gert var áður.

Einnig er spurning hvort ekki sé hægt að víkka út möguleika þessara nemenda í vali á greinum sem þeir hafa áhuga á, en ekki setja þá eingöngu í bóklegar greinar sem þeir eru þá þegar í erfiðleikum með.

Reynsla undirritaðrar hefur verið sú að foreldrar nemenda í fornámi hafi verið mjög ánægðir með það aðhald sem fornámið fól í sér og tengsl skólans við forelda, þ.e. aukin eftirfylgni og regluleg símtöl heim til nemenda. Því sé full ástæða til að ætla að þörf fyrir álíka úrræði og fornámið hefur verið, verði áfram til staðar.

Lagt er til að skipaður verði starfshópur með stjórnendum, áfangastjóra, náms- og starfsráðgjafa, deildarstjóra atvinnulífsbrautar sem og þeim aðilum sem mesta reynslu hafa af kennslu nemenda sem eiga undir högg að sækja. Hópurinn myndi skoða stöðuna og leggja fram hugmyndir að nýjum úrræðum. Fróðlegt væri einnig að fá upplýsingar um hvernig aðrir skólar hafa komið til móts við sína nemendur.

Selfossi, maí 2011

Guðfinna Gunnarsdóttir, kennslustjóri fornáms.

2.1.3 Íslenska

Kennslustjóri: Jón Özur Snorrason

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Björgvin E. Björgvinsson	ÍSL U93	6	
	ÍSL 303	6	6
	ÍSL 103		6
Bryndís Guðjónsdóttir	ÍSL F93	6	
	ÍSL 202	6	12
Gísli Skúlason	ÍSL 103	12	
	ÍSL 202	6	
	ÍSL 202		12
	ÍSL 343		6
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSL 203	12	6
	ÍSL 102	6	12
	ÍSL F91 [Aðstoð]		1

Gylfi Þorkelsson	ÍSL 203	6	6
	ÍSL 303	12	
	ÍSL 212		12
	STA 191		2
	Litlahraun	9,6	9,6
Jón Özur Snorrason	Bitra		3,2
	ÍSL 212	12	
	ÍSL 503	12	18
Katrín Tryggvadóttir	ÍSL 102	12	6
	ÍSL 403	6	6
	ÍSL 663	6	
	ÍSL 303		12
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSL 303	12	6
	ÍSL 503	6	
	ÍSL S-hópur	6	6
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	ÍSL 403	12	18
	STA 191	2	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennslu fornámsnemenda í ÍSL F936 og ÍSL U936 sinntu á síðasta skólaári Bryndís Guðjónsdóttir og Björgvin E. Björgvinsson. Segja má að kennarar sækist lítt eftir því að kenna þessa áfanga og má rekja ástæðuna til þess að sífellt fleiri nemendur sem raðast þar inn þurfa á sérúræðum að halda. Í athugasemdum sínum segir Bryndís meðal annars um nýjungar í kennsluháttum fornáms: „Ég lét nemendur vinna nokkur verkefni munnlega, segja frá einhverju áþreifanlegu eða vinna með texta og tónlist. Þeir kynntu tónlistarmenn og hönnuðu veggspjöld. Nemendur komu með hluti að heiman og einn drengurinn birtist með stóran búi úr stuðara af rallybil. Það var gaman.“

Kennsla í ÍSL 102 hefur á undanförunum árum legið á herðum Guðbjargar Dóru og Katrínar Tryggvadóttur. Kennslunni er að miklu leyti stýrt í gegnum hefti sem þær setja saman í byrjun hvernar annar. Leggja þær mikla alúð og vinnu í kennsluefnið sem að þeirra sögn skilar bættum árangri. Heftið myndar þráð í kennslunni sem er nauðsynlegt fyrir nemendur þessa áfanga. Auk lesefnis náðist að þessu sinni að koma öllum verkefnum þar fyrir „sem er til stórra bóta og gerði það að verkum að nemendur mættu almennt með heftið í tíma og þar með öll gögn sem þeir þurftu að hafa með sér“ segir Katrín.

Kennsla í ÍSL 103 og ÍSL 202 hefur á undanförunum önnum verið stýrt af Gísla Skúlasyni, Bryndísi Guðjónsdóttur og Björgvini E. Björgvinssyni. Verkefnavinna [innlögn og skil] fer að miklu leyti fram í gegnum kennsluumhverfi á netinu og í ár var það breytingin úr Angel kennslukerfinu yfir í

Moodle kerfið sem kallaði á mikla vinnu. Gísli Skúlason sem hefur haft veg og vanda að þessari vinnu segir: „Moodle kennslumhverfið var tekið upp og gekk vel. Þó má minna á að það útheimtir gríðarlega vinnu að færa námsefnið í þessum áföngum úr engli í múðlu.“ Nú er svo komið að nemendur þessara áfanga fá öll verkefni í gegnum múðluna og geta þá séð einkunnir jafnóðum og kennari hefur metið verkefnið.

Ný skáldsaga var tekin upp í ÍSL 103, *Sumarljós og svo kemur nóttin* eftir Jón Kalman Stefánsson og gafst hún nokkuð vel að mati Gísla Skúlasonar sem segir hana hafa boðið „upp á ýmsar þælingar og nemendur lásu hana allvel. Um 40 af um 60 nemendum fengu einkunnina 8 eða hærra í krossaprófum og sluppu þar með við tímaritgerð. Þess má geta að Jón Kalman var nýlega kosinn besti núlifandi rithöfundurinn af hlustendum Rásar 2. Nemendur kvörtuðu ekki mikið og gáfu sögunni gjarnan einkunnina 6-7 af 10 en fáeinir voru reyndar mjög hrifnir.“ Í mati á ritunarmöppum segja kennarar þá breytingu hafa orðið „að meta færni nemenda í þeim þáttum sem kenndir voru fremur en að telja hvert einasta bréfsnifsi eins og áður var gert. Þessi áherslubreyting gafst ágætlega og útheimti ekki meiri kennaravinnu, nema síður væri.“ Gísli Skúlason nefnir að nemendum í ÍSL 202 hafi fækkað verulega á vorönninni og verkefnaskil hafi verið slæm. Greip hann til þess ráðs í skilum á síðustu verkefnamöppu „að láta nemendur skila uppkasti í múðlu, yfirfara og skila aftur til endurbóta. Þetta gafst allvel en hefði varla verið framkvæmanlegt með mikið fleiri nemendum.“

Í ÍSL 203 og 212 er fengist við heimildavinnu og ritgerðarsmið, hljóðfræði, mállýskur, málsögu og norræna goðafræði. Kennslunni er að nokkru leyti stýrt í gegnum kennsluhefti sem kennarar áfangans hafa sett saman. Á síðasta skólaári kenndu þessa áfanga Guðbjörg Dóra, Gylfi Þorkelsson og Jón Özur Snorrason. Val á ritgerðarefni var að þessu sinni einskorðað við norræna goðafræði [og önnur trúarbrögð og siði] í fortíð, nútíð og framtíð og telst það til nýjunga. Tókst það ágætlega að mati kennara. Vægi hljóðfræðinnar og málsögunnar fór minnkandi á síðasta skólaári og myndaðist því aukið rými fyrir goðfræðilegt efni.

Á haustönninni nýtti Guðbjörg Dóra sér það sem hún lærði á námskeiði Félags móðurmálskennara sumarið áður. Í goðafræðikennslunni fengu nemendur úthlutað efni en réðu því sjálfir hvaða tókum þeir tæku það. Guðbjörg kemst svo að orði: „Eina skilyrðið var að þeir lærðu efnið vel og kynntu það fyrir öðrum í áfanganum. Þetta gekk vel og flottar kynningar komu fram. Árangur var einnig góður þegar kom að lokaprófi hvort sem þessi aðferð hefur haft áhrif eða ekki.“

Fáar nýjungar sáu dagsins ljós í kennslu ÍSL 303. Rósa Marta Guðnadóttir segist ævinlega „leggja áherslu á ritun og skapandi starf.“ Katrín Tryggvadóttir minnst á heimildaritgerð um Íslendinga sögur og bætir við að „lítið sé orðið eftir af munnlegum verkefnum í áfanganum. Mér finnst það miður því þar tapast of mikið af umræðunni um Njálu.“ Gylfi Þorkelsson segir í kaldhæðnum tón að „helsta nýsköpunin felist í því að læra sífellt á ný kennsluumsjónarkerfi. Fyrst voru það annarlegar uppfærslur í Angel og nú í Moodle.“

Í ÍSL 343 er fengist við barnabókmenntir og er sá áfangi aðeins í boði á vorönn. Að þessu sinni sá Gísli Skúlason um kennsluna og lýsir þeirri reynslu sinni [og tilfinningu] að það sé eins og kennslutíminn styttest með árunum. Til útskýringar dregur hann fram eftirfarandi: „Nú er svo komið að kennarinn er nánast hættur að halda lærða fyrirlestra heldur fer námið mest fram í

verkefnavinnu, flutningi verkefna og umræðum um þau. Allt er gott í hófi og kannski þarf að finna nýtt jafnvægi á milli verkefnaflutnings og innleggs frá hinum margfróða kennara."

Í kennslu ÍSL 403 var allt með kyrrum kjörum á haustönninni undir stjórn Katrínar Tryggvadóttur og Ragnhildur Elísabetar Sigfúsdóttur. Á vorönninni var lögð áhersla á eitt stórt heimildaverkefni og unnið með fleiri og fjölbreytilegri ljóðatexta. Leikhúsferð að sjá Íslandsklukkuna í leikstjórn Benedikts Erlingssonar tókst vel að mati Ragnhildar og var virkilega skemmtileg. „Það á að nýta hvert tækifæri til að fara með nemendur í leikhús" segir Ragnhildur og tekur kennslustjóri af fullum hug undir þá áskorun.

Í kennslu ÍSL 503 var lítið um stórfelldar nýjungar. Á haustönninni sá Rósa Marta um kennsluna ásamt Jóni Özuri sem kenndi einn þremur hópum á vorönninni. Lokaritgerð í íslensku skipar veigamikinn sess í áfanganum og leggja kennarar áfangans áherslu á að vægi hennar megi ekki minnka. Á haustönninni gátu nemendur valið á milli nokkurra nýútkominna skáldsagna en sú nýbreytni gerð á vorönn að velja á milli smásagna. Tókst það ágætlega.

ÍSL 663 er valáfangi í bókmenntum og byggir fyrst og fremst á lestri vandaðra bókmennta og umfjöllun nemenda um þær. Áfanginn er í boði þriðju hverja önn. Að þessu sinni sá Katrín Tryggvadóttir um áfangann og segir að töluvert hafi verið „aukið við valbókalistann. Hann er nú þrjár blaðsíður. Viðtalstíminn var einnig lengdur í 15 mínútur á nemanda í hvert sinn. Bæði atriðin finnst mér til bóta."

Hin sérstaka kennsla í STA 191 heyrir nú brátt sögunni til. Það fyrirkomulag að gefa nemanda biðeinkunn í íslensku ná hann ekki stafsetningarprófi í áföngum 102, 103, 202 eða 203 kallar á kerfisvanda og mikla og smáatriðasama vinnu fyrir áfangastjóra skólans. Umræður um stafsetningarkennslu og markmið hennar virðist aldrei ná neinni endanlegri niðurstöðu því þegar eitt vandamál er leyst kemur annað fram. Á liðnum vetri sáu Gylfi Þorkelsson og Ragnhildur Elísabet um þessa kennslu og má segja að helsta breytingin hafi falið í sparnaði með því að hætta að nota Stoðkennarann „en þess í stað voru æfingartextar Gísla Skúlasonar settir inn í múðluna og gekk það ágætlega og við skrifuðum og skrifuðum allskonar texta" segir Ragnhildur Elísabet að lokum.

Námsmat og mat á námsmatsaðferðum

Í ÍSLF93 og ÍSLU93 gildir annareinkunn 50% og lokapróf 50% sem gefst vel en nauðsynlegt er „að ýta vel á eftir því að nemendur haldi til haga verkefnum og glósum, jafnvel að taka möppu með slíku tvisvar til þrisvar á önn. Sé það gert eiga margir nemendur góðan pakka til upprifjunar fyrir lokaprófið," segir Björgvin Eyjólfur Björgvinsson sem sá um kennslu ÍSLU93 á liðnu skólaári.

Í ÍSL 102 var símat tekið upp aftur og beitt á báðum önnum. Katrín Tryggvadóttir er ánægð með það „því mér fannst lokaprófið ekki bæta neinu við verkefnaskilin. Það náðu ekki fleiri nemendur þótt lokapróf væri í áfanganum. Símatið er rökréttara miðað við kennsluáætlun heldur en að hafa lokapróf. Inni á önninni voru þrjú áfangapróf og í flestum tilfellum voru þau í samræmi við verkefnaskil."

Í ÍSL103 og 202 er beitt símati og stafsetningarpróf í próftöflu vegur 10%. Að sögn Gísla Skúlasonar féllu nokkrir í báðum áföngum „en það bar helst til tíðinda“ segir hann „að fimmtán ára nemandi úr Sunnulækjarskóla náði einkunninni 10 í ÍSL 103. Í 202 voru margir nemendur sem fallið höfðu í áfanganum. Áhugaleysi var nokkurt og heilsufar með versta móti. Kennari gerði sér far um að miðla upplýsingum um stöðu hvers og eins reglulega og það með öðru varð til þess að allnokkrir tóku sig á og skrifuðu í mark í lokin heilu og höldnu.“ Bryndís Guðjónsdóttir nefnir að „verkefnaskil í ÍSL 202 hafi verið slök þrátt fyrir eftirgangsmuni kennara og þess vegna varð fall mikið.“

ÍSL 203 og 212 byggðist námsmat til jafns á lokaprófi og vetrareinkunn. Að mati Gylfa Þorkelssonar er námsmat þessara áfanga fjölbreytt og víðtækt. „Mikið af stærri og minni verkefnum, bæði einstaklingsverkefnum og hópverkefnum, munnlegum og skriflegum. Mikið af stuttum tímaprófum. Vetrareinkunn gildir 50% af lokaeinkunn og nemendur sem náðu 8,0 í vetrareinkunn töldust með þeim árangri hafa lokið áfanga og þurftu ekki að taka lokaprófið.“ Ennfremur segir Gylfi: „Í ÍSL 203 voru skráðir 32 nemendur en sem betur fer (vegna plássleysis í stofunni) mættu þeir eiginlega aldrei allir í einu. Árangurinn var þokkalegur. Af 32 luku áfanganum 30 (93,8%) en 2 (6,2%) féllu.“

Í ÍSL 303 gildir annareinkunn 50% og lokapróf 50%. Þar hefur verið lokapróf til margra ára. Nemendur sem ná 8,0 í vetrareinkunn mega sleppa við lokapróf. Mjög fáir nemendur náðu því marki. Að sögn kennara verður sífellt erfiðara að fá nemendur til að lesa Eddukvæði og Njálu. Gylfi segir að námsárangur hafi verið eftirfarandi í sínum hópum: Í ÍSL 303 voru skráðir í tveimur hópum 52 nemendur. Af þeim luku námi 32 (61,5%) en 20 féllu (38,5%) þar af mætti einn ekki til prófs (2%).

Í ÍSL 343 er símati beitt. Gísli Skúlason kennari áfangans segir nemendur „standa yfirleitt sína plikt með sóma þó þar hafi fáeinir slugsarar einnig slæðst inn að þessu sinni. Nemendur stóðu sig vel í að lesa bókmenntir og leysa smærri verkefni á önninni en þegar kom að lokaverkefni og meira reyndi á beitingu og hæfni varð frammistaðan öllu lakari hjá drjúgum hluta hópsins. Kannski á kennarinn þarna nokkra sök með því að kenna ekki fólkinu nægilega vel að hugsa og beita þekkingu sinni. Í lok annar var lögð fyrir nemendur könnun á viðhorfum þeirra til áfangans. Viðhorfin voru í heildina jákvæð en ýmsar gagnlegar ábendingar um það sem betur mætti fara og eru þær færðar í skýrslu þessa undir liðnum Annað.“

Í ÍSL 403 er lokapróf en nemendur sem ná 8,0 í vetrareinkunn geta sleppt prófi. Þetta fyrirkomulag hefur hugnast Katrínu Tryggvadóttur vel og var hún þeirrar skoðunar að breyta því ekki fái hún einhverju um það ráðið. En á síðustu önn urðu þáttaskil sem opna líklega á breytingar. Katrín segir: „Hjá þokkalega góðum nemendum skapast keppni að ná átta til að sleppa við lokapróf. Eini gallinn á þessu er sá að hlutapróf [10% til 12%] fara fram í lokaviku annarinnar. Nú er ég farin að efast um ágæti þessa fyrirkomulags því „nöldrurum“ fjölgar sífellt. Liðna vorönn fékk ég nokkuð margar ágætlega duglegar og vel gefnar stelpur sem fannst sjálfsgætt að þær gætu sleppt prófi án þess að leggja nokkuð á sig. Það er of sálarslitandi að tjónka við grenjandi og bálreið kvensköss. Ég mun leggja það til næstu önn að þetta verði lagt niður.“

Ragnhildur Elísabet telur að þetta fyrirkomulag feli í sér „tvöfalt námsmat sem skilar ekki nógu miklu. Ef nemandi nær vetrareinkunn 8,0 þarf hann ekki að þreyta lokapróf. Þetta á að hvetja

nemendur til árangurs yfir alla önnina og gerir það sjálfsagt en þegar líða tekur á önnina og sérstakleg við annarlok þá snýst allt orðið um þessa áttu. Gæti ekki verið að námsfúsir nemendur skili góðri vetrarvinnu hvort sem þessi gulrót er í boði eða ekki? Ég legg til að allir fari í próf eða ekki nokkur kjaftur.”

Í ÍSL 503 er nemendum ekki boðið upp á að sleppa lokaprófi meðal annars í ljósi framangreindra ástæðna. Eins þykir kennurum áfangans nauðsynlegt að nemendur þreyti lokapróf í lokaáfangi íslensku til stúdentsprófs. Á vorönninni var mikið fall en 25 nemendur féllu af 57 sem er 44%. Kom þá berlega í ljós að margir þessara nemenda lásu ekki eða lásu afar illa höfuðbók þessa áfanga sem nefnist *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness. Uppsúða úr þessari „merkustu skáldsögu Íslendinga á 20. öld“ má finna víða á netinu og í glærum og glósum sem ganga á milli nemenda. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu með öllum tiltækum ráðum. Að þessu sinni var farin ný leið í samningu prófsins sem afhjúpaði með skýrum hætti yfirborðskenndan „lestur“ á *Sjálfstæðu fólki*. Í krossaprófum geta nemendur giskað á hið rétta svar í ljósi uppsuðunnar og í hópavinnu geta illa lesnir nemendur setið í skjóli þeirra vellesnu og hallað sér upp að þeim. Markvisst og kröfuhart lokapróf er hins vegar raunverulegt mælitæki til að greina kjarnann frá hisminu. Mikilvægt er við þessar breyttu aðstæður þar sem frumlestur nemenda á bókmenntaverkum fer minnkandi að prófspurningar séu ekki fyrirsjáanlegar og margnotaðar frá önn til annar.

Í ÍSL 663 er beitt jöfnu og stöðugu símati sem byggir að stóru leyti á beinum samskiptum nemanda og kennara. Með orðum Katrínar Tryggvadóttur: „Nemendur skrá sig í viðtöl alla önnina og gera grein fyrir því sem þeir lásu. Þeir skrifa greinargerð um bækurnar í lestrardagbók, lesa Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson og vinna verkefni úr henni. Auk þess lesa þeir eina fræðigrein um skáldsögu og gera grein fyrir henni í lestrardagbók sem er svo skilað inn fyrir annarlok.“

Í STA 191 byggir námsmatið alfarið á jafnri og stöðugri verkefnavinnu nemenda. Lesdagbók er skrifuð (orðasarpur) og próf eða könnun í annarlok. Þeir nemendur sem mæta og vinna jafnt og þétt ná þessum áfanga. Engar tölulegar einkunnir eru gefnar aðeins hvort nemandi stenst kröfur áfangans (S) eða ekki (F).

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Björgvin E. Björgvinsson sat stutta Moodlekynningu í upphafi haustannar 2010. Einnig sótti hann ráðstefnuna *Fagmennska og fjör* sem haldin var í Tryggvaskála í lok september 2010. Auk þess fór hann málþing um námskrárgerð í maí 2011.

Bryndís Guðjónsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, Katrín Tryggvadóttir og Rósa Marta Guðnadóttir sóttu námskeið á vegum Félags móðurmálskennara *Um fjölbreytni og nýjungar í kennslu* á haustmánuðum 2010. Námskeiðið fór fram á Glym í Hvalfirði 17. til 18. september. „Það var ágætt og gott að rifja upp“ segir Katrín Tryggvadóttir um námskeiðið.

Gísli Skúlason sótti námskeið um námstækni og áhugasviðskannanir á vegum F-Líf [Félag lífsleiknikennara] í ágúst 2010 sem haldið var í Hraðbraut. Hann sat múðlunámskeið í FSu í byrjun haustannar 2010 og sótti hina árlegu og alþjóðlegu BETT-sýningu í London í janúar 2011.

Gylfi Þorkelsson var í námsleyfi á skólaárinu 2009 - 2010 og stundaði þá *meistaránám í opinberri stjórnsýslu*. Á liðnum vetri sinnti hann sama námi meðfram kennslu.

Jón Özur Snorrason lauk tveimur áföngum á MA-stigi í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands á skólaárinu 2010 til 2011. Sá fyrri hét *Leikhústexti - textaleikhús* undir handleiðslu doktors Trausta Ólafssonar en sá síðari bar nafnið *Einfarar og utangarðsmenn* undir handleiðslu doktors Bergljótar Kristjánsdóttur.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir sótti kvöldnámskeið *Um vandaða íslensku* hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands dagana 6., 13. og 20. október 2010.

Rósa Marta Guðjónsdóttir sækir námskeið á menntavísindasviði Háskóla Íslands *Um starfendarannsóknir* „sem felst í að skoða eigin vinnubrögð með það að markmiði að bæta sig“ segir Rósa Marta.

Þórunn Jóna Hauksdóttir var í námsleyfi á síðasta skólaári og stundaði MPA nám í *stjórnun menntastofnanna*.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í ÍSLU93 á haustönn var bókakostur með hefðbundnu sniði en ætlunin er að gera breytingar þar á næsta haust. *Korkusaga* er talinn heldur stór biti þar sem allnokkrir nemendur halda ekki út að lesa svo langt verk. Valdar smásögur gætu líklega hentað betur. Einnig eru uppi hugmyndir um að nota Skólavefinn til að hlusta á upplestur valinna verka.

Í ÍSL 102 var sett saman hefti að venju á báðum önnum með öllu kennsluefni vetrarins, að frátaldrí kjörbók, glærum, verkefnum og matskvörðum.

Í ÍSL103 á vorönn og voru kennslugögn hin sömu og verið hafa. Skáldsagan *Sumarljós og svo kemur nóttin* var tekin inn á haustönn í stað *Sölku Völku*. Reynist bókin höfða ágætlega til nemenda. Kennsluumhverfið í Moodle gafst þar mjög vel. Með því kerfi varð mögulegt að setja æfingar unnar í HotPotatoes beint inn í kerfið og tengja þær við gagnagrunn þannig að notendagögn vistast þar.

Í ÍSL 202 er ein kennslustund á viku notuð í tölvustofu þar sem nemendur vinna gagnvirk verkefni í málnotkun og stafsetningu. Þetta efni var fært úr Angel í Moodle í byrjun skólaársins fyrir áfangana 103 og 202 sem krafðist allmikillar vinnu og yfirlegu kennarans. Þessi breyting gafst hins vegar ljómandi vel og nýja kerfið virkar að mörgu leyti betur en hið gamla þó ókeypis sé. Framkvæmd og skipulag þessarar vinnu lagðist á herðar og hug Gísla Skúlasonar og tekur hann fram í gamni og alvöru að frjáls framlög séu vel þegin til vinnu af þessu tagi.

Skáldsagan *Krosstré* eftir Jón Hall Stefánsson var lesin báðar annir í 202 og þarf að finna góða sögu á móti henni á næstu önn þar sem alltaf er allmikið fall í áfanganum og gott að hafa úr fleiri sögum að móða.

Í ÍSL303 var tekin upp ný kennslubók í bókmenntasögu í stað *Leiðslubókar* Jóns Árna Friðjónssonar í byrjun haustannar. Var það verk Ármanns Jakobssonar *Bókmenntir í nýju landi*.

Þegar af stað var farið þótti kennurum hún ágætlega myndum prýdd en helst til rýr svo gömlu góðu glæurnar voru notaðar sem ítarefni á múðlunni. Bókin var einnig kennd á vorönn en verður ekki notuð aftur.

Í ÍSL 503 voru lesnar smásögur eftir valda íslenska höfundar á vorönn 2011 í stað lesturs ljóða. Tókst það ágætlega en kom þó í veg fyrir að ljóð voru lesin í jafn miklum mæli og áður var gert.

Í ÍSL 663, yndislestri var bókalisti lengdur verulega.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Rósa Marta Guðnadóttir leggur til að íslenskukennarar skólans „skipuleggi markvissa ritunarkennslu og þjálfun í öllum áföngum.“

Undir þessa hvatningu tekur kennslustjóri heilshugar en bendir jafnframt á að yfirlýsingar af þessu tagi hafa oft verið settar fram. Nauðsynlegt er að fari saman orð og efndir. Markviss ritunarkennsla fer fram í íslenskukennslu í FSu. Kennarar deildarinnar þurfa í aðalatriðum að samræma vinnubrögð í frágangi texta, heimilda, tilvitnana og tilvísana. Kennslustjóri hvetur til samráðs við aðrar deildir skólans sem stunda „markvissa ritun“ og beinir orðum sínum einkum til sögudeildar, félagsfræðideildar, enskudeildar og annarra deilda skólans sem vinna með skáldaðan eða fræðilegan texta.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Bryndís Guðjónsdóttir leggur til að þeir nemendur sem þurfa að vera í fornámi ættu að fá kennslu hjá sérmenntuðu fólki sem hefur þekkingu og reynslu af nemendum með hegðunarvanda.

Rósa Marta Guðnadóttir leggur til „bætt kaffi og matarmál fyrir starfsfólk.“

Gylfi Þorkelsson hvetur menn til að fara hægar í breytingar á rafrænu námsumhverfi. Hann segir: „Angel kerfið var notað í nokkur ár en í upphafi hverrar annar voru gerðar einhverjar breytingar á því sem skapaði kennurum mikla aukavinnu og tvíverknað. Nú er komið nýtt kerfi, Moodle, og fyrri reynsla af Angel hvetur menn ekki til þess að eyða miklum tíma til að setja sig inn í nýja kerfið. Ef mögulegt er væri gott að skapa meiri stöðugleika í þessu efni.“

Ennfremur hvetur Gylfi skólayfirvöld til „að minnka bómullarnotkun í skólanum en gera auknar kröfur um ástundun og árangur. Það mun skila sér á örfáum árum í bættum skólabrag og vinnusemi nemenda.“

Annað

Gísli Skúlason fer í námsorlof á næsta skólaári og ætlar að eigin sögn að njóta þess. Bryndís Guðjónsdóttir fer í tímabundið leyfi. Samstarfskennarar þeirra í íslenskudeild FSu óska þeim alls hins besta næsta vetur í námi, starfi og leik.

Katrín Tryggvadóttir vill koma á framfæri þakklæti til skólayfirvalda „fyrir að vinna gegn „dagvistun“ nemenda.“ Þá er hún þakklát fyrir skósveinana því henni „finnst þeir hafa breytt umgengni og skólabrag.“

Að mati Katrínar nýttust stoðtímarir þokkalega. „Það mætti enginn nemandi í tvo fyrstu tímuna en eftir það varð mætingin jöfn og vaxandi. Vandinn er sá að vel sjálfbjarga nemendur sækja þessa aðstoð en þeir sem mest þyrftu á henni að halda eru hvergi sjáanlegir. Of margir nemendur líta á þá sem langt matarhlé. Á vorönninni voru þeir ekki eins vel nýttir þar sem of margir notuðu þá til þess að fresta prófi fram yfir helgi og taka það í næsta stoðtíma.“

Katrínu er tíðrætt um stoðtímuna og segir ennfremur: „Afbragðs nemendur í ÍSL 403 notuðu stoðtímuna vel á haustönninni. Þegar þeir áttu að skrifa ritgerð um efni *Íslandsklukkunnar* kvörtuðu þeir fyrirfram um tímaskort. Ég reyndi að eyða því hjali og sagði þeim að nýta stoðtímuna sem og þeir gerðu. Sex eða sjö nemendur mættu í stoðtímann á undan og byrjuðu hálf tíma fyrr á ritgerðinni. Á vorönninni sagði ég nemendum frá þessu og tveir þriðju hlutar þeirra nýttu sér þennan hálf tíma og byrjuðu ritgerðarskrifin í stoðinni. Til þess að þetta sé hægt þurfa tímarnir að liggja saman. Við vorum heppin þessar tvær annir. Það er greinilegt að sumir nemendur eru miklu betri í skipulagningu en ég.“

Að lokum er nauðsynlegt að minnst á samráðsfund grunnskólakennara á Suðurlandi með framhaldsskólakennurum í FSu. Sá fundur var haldinn í húsnæði FSu þann 18. ágúst síðastliðinn. Þó mæting hafi verið misjöfn eftir skólum á svæðinu voru málefnið næg til umræðu: námskrár skólastiganna, málfræðikennsla, val á bókmenntum, læsi og áhugi nemenda á lestri, hugtakanotkun, eyðufyllingar, samræmd próf, mismunandi kennsluaðferðir, tjáning og svo mætti lengi telja. Kennslustjóri stýrði þessum fundi og hvetur til fleiri funda af þessu tagi og leggur til að fundarmenn semji stefnumótandi yfirlýsingu um aukið samstarf milli grunnskólastigs og framhaldsskólastigs á Suðurlandi með það að markmiði að auka metnað og árangur nemenda í íslensku.

Selfossi 30. maí 2011,
Jón Özur Snorrason.

2.1.4 Lífsleikni **Fagstjóri: Gísli Skúlason**

Á haustönn 2009 voru 3 hópar í LKN 106. Á vorönn voru 4 hópar í LKN 106 og einn í 103. Kennarar voru eftirtaldir:

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Jón Özur Snorrason	LKN 106		10
Elísabet Valtýsdóttir	LKN 106		10
Bryndís Guðjónsdóttir	LKN 106	10	10
Ragnhildur E. Sigfúsdóttir	LKN 106	10	10

Guðfinna Gunnarsdóttir	LKN 106	10	
Rósa Marta Guðnadóttir	LKN 106		10
Kjartan Ólason	LKN 106	10	10
	LKN 103		6
Björgvin Eyjólfur Björgvinsson	LKN 106	10	10
	Gísli Skúlason	LKN 106	10
Samtals		60	86

LKN 106

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Eins og undanfarin 20 ár er ákveðinn kjarni í lífsleikninni en þar með er ekki sagt að hver hópur fari í gegnum nákvæmlega sömu verkefnarununa. Þvert á móti hefur hvert kennarapar frelsi til að fara sínar leiðir að markinu, og þannig verða til nýjungar sem aðrir njóta góðs af. Ein slík nýjung var til dæmis kynning nemenda á áhugamálum sínum, sem varð til í einum hóp á haustönn og var tekin upp í öllum 4 hópum á vorönn. Kynningin var opin öllum og allnokkrir kennarar og nemendur nýttu sér það. Hins vegar má segja að verkefni hafi orðið dálítið þreytulegt þegar síðasti hópurinn á vorönn kynnti, sem kann að vera vísbending um að keyra verkefni ekki á sama hátt báðar annir skólaársins.

Björgvin og Gísli: BEB og GSk lögðu nokkra áherslu á að nemendur nýttu sér til gagns þau tæki sem þeir umgangast hvað mest. Í stað þess að banna þeim að nota tölvur var reynt að höfða til ábyrgðar þeirra og nokkur verkefni lögð fyrir sem þeim var beint í að prófa fleiri möguleika tölvanna en ritvinnslu, Google og póst. Þeim leyft að afla upplýsinga og glósa á tölvur sínar og vinna texta beint á vélarnar en verkefnið um tilfinningar var í formi ljósmyndamarabons og unnu margir myndir sínar í forritum. Nemendur sömdu efni, tóku upp á myndband, klipptu og setti inn hljóð og annað í fréttastofuverkefninu. Allmargir hópar nýttu sömu tækni einnig við lokaverkefni áfangans.

Umhverfis- og neytendamál fengu svolítið pláss, þó ekki eins og ætlað var, og ástæða til að auka þann námsþátt.

Gísli tók saman upplýsingar um banaslys í umferðinni og nemendur úr FSu sem látist hafa í slíkum slysum. Þessi pakki var nýttur í einum hópnum á vorönn í forvarnaskyni og þótti gefast allvel.

Bryndís: Kennslan var nokkuð með hefðbundnum hætti. Ragnhildur Elísabet vann með mér þennan vetur. Henni fylgdi ferskur blær, enda hafði hún upplifað að vera nemandi í Saminu og gat miðlað af reynslu sinni sem nemandi.

Helstu breytingar voru þær að við nýttum rýmið fyrir framan stofuna í meira mæli en áður. Á haustönninni voru nemendur með einstaklingskynningar á áhugamálum sínum og aðrir kennarar úr skólanum komu með sína nemendur í heimsókn. Þetta mæltist vel fyrir og tókst vel. Á vorönn kynntu nemendur störf sem þeir völdu, á sama hátt og gert var með áhugamálin á haustönninni. Okkur Ragnhildi fannst það koma betur út þar sem ramminn var skýrari og raunhæfari.

Í fréttastofuverkefninu var sú nýjung að við buðum nemendum upp á að gera sjónvarpsþætti með fjölbreyttu efni. Hóparnir voru stærri en áður, u.þ.b. 8 nemendur í hóp og þeir sáu sjálfir um upptökur og klippingar á efni. Þetta fyrirkomulag skilaði ekki þeirri breidd sem við vonuðumst eftir en það var að reyna að höfða til fleiri þátta en fréttu og þannig opna á fleiri áhugasvið t.d. kynningar á e-h efni s.s. bílum eða tískustraumum eða slíku. Nemendur nýttu lítið þennan möguleika og urðu upptökurnar með frekar hefðbundnum hætti.

Í námsþættinum Lönd og Þjóðir var sú nýjung hjá okkur að við settum efnið inn á Moodle og þar var skýrt vinnuþáttur. Um það leyti sem verkið var hálfnað héldum við fund með hverjum hópi fyrir sig og fórum yfir stöðuna hjá hópnum s.s. skipulag, vinnu og framhald. Þetta tókst nokkuð vel en flestir hóparnir lentu þó í tímahraki þar sem flestir ætluðu sér of mikið.

Ragnhildur: Ætli kennarinn sjálfur hafi ekki verið nokkurs konar nýjung. Annars höfum við sjálfsagt fylgt eldra sniði fyrir utan kannski kynningarnar, annars vegar á áhugamálum og hins vegar starfi. Sú vinna tókst vel og tók á fjölbreyttum þáttum hjá nemendum. Það reyndi á skipulagshæfni, samskiptafærni, framsetningu og það að standa fyrir máli sínu, segja frá. Vinnan einkenndist af krafti og gleði, hjá flestum. Það sem kom skemmtilega á óvart var hve krefjandi kynningin var án þess að nemendur í raun áttuðu sig á því. Kynningarefnið var þeirra hjartans mál og allar spurningar sem þeir fengu óundirbúnar, nemendur vissu ekki af „ráðstefnugestunum“, hversu margir þeir yrðu eða hverjir þeir væru (allt frá góðum vini og til skólameistara).

Rósa Marta: Nú hef ég ekki kennt lífsleikni í nokkuð langan tíma en við fylgdum kennsluáætlun að mestu. Þetta leið á ógnarhraða og sundum hefði ég viljað hafa lengri tíma til að staldra við viðfangsefnið. Mér finnst heppilegra að kafa dýpra í færri efni en að fleyta kerlingar yfir mikið. Annars gekk þetta vel, sérstaklega þegar maður lítur til baka yfir farinn veg J

Á samkomunni í lokin gáfum við nemendum frjálsan taum og kom ótrúlega margt skapandi og skemmtilegt út úr þeirri vinnu. Þetta unga fólk er öflugt og okkur er alveg óhætt að gera kröfur til þeirra eða eins og ég segi við nemendur mína: „Mitt hlutverk er að ýta ykkur aðeins lengra en þið komist...“

Gestir komu frá Ástráði báðar annir. Einnig kom Ninna Sif Svavarsdóttir æskulýðsfulltrúi Selfoskirkju í heimsókn á vorönn og hélt erindi um viðbrögð við áföllum. Þá kynntu nemendur í þýsku og spænsku tungumálanám við FSu.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum
Samkvæmt venju er símat í lífsleikniáföngunum.

Könnun er lögð fyrir nemendur í annarlok í hverjum námshópi, kennurum til upplýsingar. Ekki hefur verið unnið úr þessum könnunum miðlægt að undanförunu, en kennarar nýtt þær hver og einn til að meta starfið.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Gísli sótti námskeið FLíf sem haldið var í Hraðbraut 12. ágúst 2010. Einkum var fjallað um námsaðferðir og kennslu þar að lútandi, svo og áhugasviðskannanir. Einnig fóru Gísli og Elísabet á hina árlegu Bett-sýningu í London í janúar 2011.

Bryndís sótti námskeið hjá Endurmenntun á vegum móðurmálskennara um fjölbreytni og nýjungar í kennsluháttum nú í haust 2010.

BEB, BG og GSk sóttu aðalfund F-líf í Kennarahúsinu þann 12. maí 2011. Þar hlýddu þau m.a. á kynningu á hugbúnaði fyrir síma. Hugbúnaðinn má nýta með ýmsum hætti í kennslu. T.d. búa til ratleiki um heimabyggð og jafnvel lönd og þjóðir.

Rósa Marta sótti haustnámskeið SM 17.-18. september 2010 sem fjallaði um nýjar kennsluaðferðir. Sat einnig 10e kúrs um starfendarannsóknir við HÍ sem felst í að skoða eigin vinnubrögð með það að markmiði að bæta sig J Sótti bæði haust- og vorfund SM sem er alltaf lærdómsríkt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

BEB/GSk. Leysa verður þann vanda, sem upp kemur æ oftar, og fólgin er í því að nemendur með Apple-tölvur geta ekki tengst skjávarpanum í stofu 201.

Koma verður í veg fyrir að nemendur sem falla í LKN eða hverfa frá námi þegar liðið er á önnina séu ekki settir í sama áfangann í næstu tilraun, heldur í LKN 103.

Annað

Fagstjóri vill koma á framfæri ánægju sinni með moodle-kennsluumhverfið, sem honum þykir hafa gefist afar vel loksins þegar hann komst upp á lag með að nota það.

Selfossi 29. maí 2011

Gísli Skúlason, fagstjóri lífsleikni.

2.1.5 Samfélagsfræðigreinar

Kennslustjóri: Þórunn Elva Bjarkadóttir

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Ingibjörg Ó Sigurðardóttir	SÁL103	12	6
	SÁL203	6	6
	SÁL213	6	
	SÁL303		12
	UPP103		6
	UPP203	6	
	UPP303		6

Kristjana Sigmundsdóttir	Sál103	6	6
Vilborg Magnúsdóttir	Sál203		6
Ragneiður Eiríksdóttir	HSP103	6	6
	HSP203		6
	HSP303	6	
Erlingur Brynjólfsson	SAG103	6	12
	SAG303	12	6
	SAG313	12	
	SAG403		12
Már Ingólfur Másson	SAG103		6
Lárus Ág. Bragason	SAG103	12	6
	SAG203	12	18
Helgi Hermannsson	Fél103	6	
	Fél203	12	12
	Fél403		6
Þórunn Elfa Bjarkadóttir	Fél103	12	12
	Fél313	12	
	Fél303		12
	Fjö103	6	
	Fjö203		6

Félagsfræði og fjölmiðlafræði

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áfangarnir voru kenndir með svipuðu sniði og síðustu annir þó einhverjar breytingar hafi verið á fyrirkomulagi verkefna. Áfram unnið að því að auka áherslu á leiðarmat og matskvarða.

Á vorönn komu tveir kennaranemar í æfingakennslu í félagsfræði 103 og 203, þær Álfheiður Tryggvadóttir og Eyrún Björg Magnúsdóttir.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat gefst vel í Félagsfræðinni. Haldið áfram að þróa símat í öllum áföngum félagsfræði og fjölmiðlafræði. Hlutapróf, verkefnaskil og ferilmöppur. Leiðsagnarmat og matskvarðar í félagsfræði.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Engin námskeið sótt, en Þórunn Elfa hóf mastersnám í Alþjóðasamskiptum á vorönn samhliða starfi og verður hún í launalausú námsleyfi á næsta ári.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur á þessu skólaári, Fél 403 og Fjö 203 eru námsbókarlausir áfangar og var haldið áfram að bæta í námsgagnasarp þeirra með ýmsum hætti.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram á hefðbundinni braut.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Gott væri að fá myrkvunartjöld í félagsgreinastofuna, stofu 210. Þar eru ágæt tæki og hátalarar, en nýtingin er ekki góð vegna mikillar birtu bæði á hausti og vori.

Helgi Hermannsson og Þórunn Elfa Bjarkadóttir

Heimspeki

HSP103 Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Eitt af því sem ég er að glíma við í kennslunni er að stór hluti hópsins er oft ekki búinn að lesa efnið sem farið er í í kennslustundum sem m.a. veldur því að erfitt er að fá þau til að taka þátt í umræðum um efnið. Því hef ég stundum horfið aftur til gamalkunna kennsluhátta og gefið ca. 10 mín. í byrjun tíma til að lesa. Þeim tíma er vel varið að mínu mati og eykur meðvitundarstig nemenda.

Á vorönn skipti ég út kvikmyndinni John Q. fyrir Gone, Baby Gone til þess að fjalla um siðfræðina út frá. GBG er með mun flóknari siðferðislegri klemmu og bæði persónurnar og atburðarásin er ekki eins svart/hvít (gott/slæmt) og í John Q. Reyndar sýnir GBG mun dekkri hliðar samfélagsins, er með ljótu orðbragði og reynir meira á mörk nemenda með það hvað sé siðferðislega rétt að gera í erfiðum kringumstæðum. Réttarhöldin sem sett voru upp í hlutverkaleik urðu þá tvö og voru þau vel heppnuð.

HSP103 er símatsáfangi.

Kaflapróf: Lagt var fyrir kaflapróf úr 2 köflum í einu, alls 4 kaflapróf sem giltu 40%. Þessi próf voru fremur gerð til að kanna hvort nemendur hefðu lesið kennslubókina og hvetja þau til þess. Því voru spurningarnar um staðreyndir úr bókinni þó nokkrar spurningar gáfu færi á að nemendur settu sína skoðun fram. Á vorönn þyngdi ég prófin aðeins og voru þau vel heppnuð og virkuðu vel til að hvetja nemendur til að lesa.

Verkefni: Verkefni voru 3, mis umfangsmikil og höfðu mismikið vægi en alls giltu þau 30%. Fyrsta verkefnið var um kvikmyndina The Matrix og var það m.a. byggt á heimildamynd um heimspeki í The Matrix. Annað verkefnið var út frá siðfræðikaflanum og áttu nemendur að lesa tvær blaðagreinar sem kennari valdi og fjalla um siðfræðina sem þar kemur fram og koma með eigin skoðun. Þriðja verkefnið var lífstillraun þar sem nemendur áttu að lifa samkvæmt heimspeki sem farið hafði verið í í eina viku, halda dagbók og skrifa svo skýrslu. Þetta verkefni er mjög vel heppnað en ég velti fyrir mér að gera það aðeins fræðilegra með því að láta nemendur fjalla aðeins fræðilega um þá heimspeki sem þau velja sér að reyna að lifa eftir.

Ritgerð: Nemendur skrifuðu ritgerð um heimspekina í sjálfvalinni kvikmynd sem gildi 20%. Vel heppnuð námsmatsaðferð.
Mæting og virkni giltu svo 10%.

Námsmatið er að mínu mati vel heppnað því það er fjölbreytt og gefur nemendum færi á að sýna þekkingu sína á margvíslegan hátt, bæði að þeir hafi lesið og skilið kennslubókina og að þeir geti beitt heimspekilegri hugsun þegar þeir taka afstöðu og beita gagnrýninni hugsun í verkefnum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu
Eins og fyrr sagði, kvikmyndin Gone Baby Gone út frá siðfræðinni en einnig heimildamyndin The Life of Buddha frá BBC um búddisma.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Þessi áfangi er að mínu mati nokkuð vel mótaður og mun hann verða kenndur með svipuðum hætti næsta skólaár en ætlunin er þó að halda áfram að móta hann og bæta.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Að nemendur sem taka HSP103 geti tekið HSP203 og HSP303 í röð á eftir, þ.e. að seinni áfangarnir verði kenndir oftar.

HSP203 Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Lögð var meiri áhersla á mannréttindi á þessari önn og voru þau tekin betur fyrir og unnin stærrí verkefni út frá þeim. Nemendur voru mjög áhugasamir um þetta efni og má það m.a. rekja til þess að miklar umbyltingar eiga sér stað um þessar mundir í heiminum hvað varðar mannréttindi og var afar áhugavert að tengja það við kennsluna. Horft var á kvikmyndina Blood Diamond sem fjallar um mannréttindabrot í Sierra Leone og var það afar gagnlegt til að auka vitund þeirra um efnið og svo áttu þau að velja sér heimildamynd um mannréttindabrot og halda kynningu á í tíma. Þetta var mjög vel heppnað og greinilegt að þetta vakti þau verulega til umhugsunar. Næst mun ég þó passa að gefa aðeins lengri tíma í þetta verkefni því kynningarnar tóku lengri tíma en ég ráðgerði.

Einnig var meiri áhersla á skapandi hugsun nemenda út frá því sem þau höfðu lært um í stjórnmálaheimspeki þar sem stórt verkefni sem hét Fyrirmyndarríkið okkar var lagt fyrir. Þar áttu nemendur að móta sínar eigin hugmyndir um fyrirmyndarríki í anda Útópíu Platons. Ætlunin var að gera þessa vinnu sýnilega öðrum í skólanum og fékk ég þau til að búa til veggspjöld sem hengd voru upp. Þessi veggspjöld gerðu þó verkefninu alls ekki nógu vel skil og næst ætla ég að hafa úrvinnsluna með öðrum hætti en verkefnið var að öðru leyti vel heppnað.

Verkefni: Stærri verkefni giltu 30% af lokaeinkunn og voru þau fjölbreytt og reyndu á ólíka hæfni hjá nemendum.

Lokapróf: Í þessum áfanga er lokapróf sem gildir 50% af lokaeinkunn og varð ég að ósk nemenda að leggja það fyrir í síðustu kennsluvikunni í stað þess að hafa það í próftöflu. Prófið var þannig upp byggt að 70% voru einhverjar af þeim spurningum sem nemendur höfðu fengið úr hverjum kafla (lesnar spurningar). Þessar spurningar voru nokkuð yfirgripsmiklar og kröfðust þess að nemendur mynduðu sér sína skoðun á heimspekinni. 30% voru fjölvalsspurningar. Það olli mér miklum vonbrigðum hvað nemendur á þessari önn komu margir illa undirbúnir í þetta próf og varð fall töluvert. Það sem má læra af þessu er að líklega taka nemendur prófið alvarlegar ef það er í próftöflu og er það mun eðlilegra að það sé á prófatíma þar sem það gildir svona mikið.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í tengslum við mannréttindakennsluna fann ég mikið af góðu efni af vefsíðum um mannréttindi, m.a. www.humanrights.is og www.youthforhumanrights.org Frá seinni vefsíðunni var hægt að panta námsefni að kostnaðarlausu og gerði ég það og býst við að vera búin að fá til að notast við næst þegar þessi áfangi verður kenndur.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Þessi áfangi verður kenndur næst vorönn 2012 og mun ég þá halda áfram að móta hann og bæta m.a. eins og komið hefur fram hér að ofan.

HSP303

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Þennan áfanga var ég að kenna í 2. sinn en þegar hann var kenndur fyrst var fyrirkomulagið miðað við að ég fór í barneignarleyfi á miðri önn svo þá tók við fjarnám. Svo í raun má segja að áfanginn hafi verið kenndur með hefðbundnu sniði í fyrsta sinn þessa önn.

Markmið mitt var að nemendur læsu fjölbreytta heimspekifrumtexta og að áhugi þeirri fengi að hafa áhrif á efnisvalið. Þetta gekk vel upp þó svo að á tímabili hafi ég sjálf ekki alveg séð þráðinn og var ekki viss hvað tæki við næst en svo kom alltaf einhver tenging við áhugavert efni sem ég gat sýnt þeim. Það vakti mig til umhugsunar hversu efnisvalið varð bölsýnt hjá okkur og gagnrýnin mikil en við ræddum það að það sé hollt fyrir hvern mann að skoða og þekkja bæði jákvæðu og neikvæðu afstöðuna til lífsins til að geta

tekið upplýsta ákvörðun um þá afstöðu sem manni hugnast best.

Ég rukkaði nemendur um 1000 kr. í ljósritunarkostnað í byrjun annar og ljósritaði greinar og hluta úr bókum fyrir þau sem við fórum í. Ég vildi fara í frekar nákvæma textagreiningu með þeim þar sem kennslubókin sem notuð eru í 103 og 203 fer frekar grunnt í efnið og gefur þannig ekki rétta mynd af því hvernig heimspekin skoðar nákvæmlega hvað felst í heimspekilegum hugmyndum. Þetta var vel heppnað en þó verður að segja að nemendum þótti þetta stundum of þungt og höfðu ekki öll polinmæði í svona vinnu. Það sem læra má af því er að svona vinna má ekki vara lengur en 30 mín af kennslustund en þá verður að skipta yfir í annað.

Þegar við vorum búin að fara yfir tiltekið efni að þá í stað þess að ég kæmi með verkefni eða spurningar út frá efninu að þá lét ég þau búa til ca. 5 spurningar um það sem vakti þau til umhugsunar í textanum. Þetta fannst mér heppnast mjög vel og komu margir auga að áhugaverða punkta í efninu sem ég hafði ekki tekið eftir. Það er jafnvel spurning hvort hægt væri að láta nemendur gera þetta áður en efnið er tekið fyrir í tíma og notast þá við spurningar þeirra sem umræðupunkta. Líklegast þarf þó að útskýra efnið fyrst aðeins og svo væri þetta hægt.

HSP303

Áfanginn er símatsáfangi

Verkefni: Eins of fyrr sagði að þegar unnið var með texta hafði ég úrvinnsluna nokkrum sinnum þannig að nemendur áttu að búa til spurningar úr honum og gera tilraun til að svara þeim sjálf. Þannig vildi ég fá fram hvað það var í textanum sem vakti þau til umhugsunar og var merkilegt að þeirra mati í stað þess að ég semji spurningar um það sem mér þykir áhugvert. Meðaltal þessara verkefna giltu 60% og þótti mér það námsmat vera vel heppnað.

Ritgerð: Nemendur unnu ritgerð út frá lífstilrauninni sem gildi 30% af lokaekinnun. Í fræðilega kaflanum varð ég fyrir miklum vonbrigðum með hve margir tóku efni beint af vefnum og tel ég að það hljóti að þurfa að fara betur í reglur varðandi tilvitnanir o.þ.h. í íslensku því þau virtust alveg koma af fjöllum sum þegar ég benti þeim á að þetta væri ekki leyfilegt.

Virkni gildi 10% og var það metið út frá þátttöku í umræðutímum. Næst mun ég hafa mat á virkni markvissara.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Allt lesefnið var nýtt þar sem áhugi nemenda fékk að ráða efnisvalinu að mestu leyti. Nemendur greiddu 1000 kr. í ljósritunarkostnað og fengu lesefnið jafnt og þétt yfir önnina. Lesefnið var:

Hvað er heimspeki? Inngangur að bókinni Saga heimspekinnar eftir Gunnar Dal, *Lífsskoðun fjölhyggjumannsins*. Grein eftir Róbert Haraldsson, *Hvað er haldbær menntun?* Grein eftir Ólaf Pál Jónsson af Netlu, *Hugsanir á dósun – um hjarðhugsun og andlega leti*. Grein eftir Eyju Margréti Brynjarsdóttur, *Borgar sig að vera réttlátur?* Grein eftir Atla Harðarson, *The Vanity and Suffering of Life*. Ritgerð eftir Arthur Schopenhauer, *Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi*. Ritgerð eftir Friedrich Nietzsche, *The Real Matrix*. Myndband af www.freedomainradio.com um stjórnmálaheimspeki.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Næst þegar þessi áfangi verður kenndur vil ég endilega reyna aftur að láta áhuga nemenda ráða svona efnisvalinu en ég velti fyrir mér hvort ekki sé við hæfi að reyna að koma inn lesefni eftir Platon og/eða jafnvel að láta nemendur lesa stutta, auðlesna bók eins og t.d. Leitin að tilgangi lífsins eftir Viktor Frankl. En á móti kæmi þá að ekki gæfist færi á að láta nemendur lesa eins mikið af sjálfvöldu efni.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Að mínu mati þyrfti að leggja meiri áherslu á ritun og reglur varðandi ritgerðasmíð í íslensku. (*Ragnheiður Eiríksdóttir*)

Saga

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla hefur verið með hefðbundnu sniði á þessu ári.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í SAG 103 og 203 er lokapróf en í öðrum áföngum símat.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur en til stendur að skipta um námsbók í SAG203 á næstu önn.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Myrkvunartjöld í stofur svo hægt sé að nota þær græjur sem eru í stofunum.

(*Erlingur Brynjólfsson, Lárus Ágúst Bragason, Már Ingólfur Másson*)

Sálfræði

Nýjungar á vorönn voru helstar þær að í Sál 303 var kennt eftir kennslubók sem ekki hefur verið notuð í sálfræðikennslu í FSu. áður. Þetta var bókin Flokkar geðraskana eftir Kristján Guðmundsson, kennara við Kvennaskólann í Reykjavík. Taldi ég að það hafi gefist vel og virtust nemendur ánægðir með bókina eftir að þeir fóru að átta sig á henni. Aðrar nýjungar voru ekki á ferðinni að þessu sinni. (*Ingibjörg Ólöf Sigurðard.*)

27. maí 2011

Þórunn Elva Bjarkadóttir

2.1.6 Tungumál önnur en enska

Kennslustjóri: Vera Valgarðsdóttir

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
<i>Aðalheiður Jónasdóttir</i>	Dan103	12	
	Dan5S36	6	
<i>Brynja Ingadóttir</i>	Dan102	12	6
	DanU936	6	
	Dan 2026		12
<i>Elísabet Valtýsdóttir</i>	Dan102	12	
	Dan 1036		6
	Dan 2036		6
	Dan303	6	
	Dan 403		4
<i>Ída Lön</i>	Dan 202	12	
	Dan 203	6	6
	Dan 212	6	12
	Dan U936	6	
<i>Málfríður Garðarsdóttir</i>	Dan 1026		6
	Dan 2026		6
	Dan S-hópar		6
	<u>Samtals</u>	<u>84</u>	<u>70</u>
<i>Elísabet Valtýsdóttir</i>	Lat 1036	6	
<i>Vera Ósk Valgarðsdóttir</i>	Fra103	6	6
	Fra203	6	6
	Fra303	4	4
	Fra403	6	4
	Fra503		3
	<u>Samtals</u>	<u>22</u>	<u>23</u>
<i>Anna S. Árnadóttir</i>	Spæ 203	6	
	Spæ 303	6	12
	Spæ 403	12	12

Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	Spæ 103	6	18
	Spæ 203	6	
	Spæ 303	6	
	Spæ 503		6
Kristín Arna Bragadóttir	Spæ 103	12	
	Spæ 203		18
	<u>Samtals</u>	<u>54</u>	<u>66</u>
Brynja Ingadóttir	Þýs103	6	
	Þýs203		6
Hannes Stefánsson	Þýs 103	6	6
	Þýs 203	6	
	Þýs 303		6
Ingis Ingason	Þýs 303	6	
	Þýs 403	4	4
	Þýs 503		3
	<u>Samtals</u>	<u>28</u>	<u>25</u>

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Dönskudeild. Þjálfun í munnlegri færni hefur aukist í öllum dönskuáföngunum, og var ekki vanþörf á, en ljóst er að það þarf að undirbúa nemendur betur undir munnleg próf en gert var á skólaárinu. Stefnt verður að því að breyta því smám saman.

Það er nýjung í dönskudeild að vera með diktatshlustanir upp úr smásögunum, en þá er lesinn upp lykilorðaforði úr textunum, og hefur það gengið mjög vel.

Dönskukennarar eru farnir að nota meira efni af netinu, en öllum verkefnum við það efni hefur verið mismikið stýrt af kennara.

Dan 303 og 403 eru aldrei alveg eins og eru í sífelldri endurnýjun á hverri önn. Námsefni er að miklu leyti fundið á netinu, en slíkt efni velja nemendur sjálfir. Hins vegar velur kennari smásögurnar og skáldsögurnar eins og áður var.

Haldið var áfram að vinna með ETM í Dan 102 og 202.

Smásögurnar voru lesnar upphátt fyrir 102 í tíma, bútur og bútur í senn. Það var svo spjallað um þær og að lokum tóku nemendur krossapróf úr þeim. Með því að lesa textann upp fyrir nemendur næst langtum betri árangur á krossaprófinu sem fylgir, en þegar nemendur verða að lesa textann sjálfir.

Frönskudeild. Í vetur sá VV ein um frönskuna, sem má kallast nýjung. HC var í launalausú leyfi. Helstu nýjungar á skólaárinu voru þær að nýtt námsefni var tekið upp. *TAXI* er að renna sitt skeið á enda og *LATITUDES* kemur sterk inn. Það er alltaf ögrandi verkefni að vinna með nýtt efni og það var það einnig í þetta sinn. Hið nýja kennsluefni byggir meir á þjálfun í hlustun og tali og það hefur gefist nokkuð vel. Nemendur voru mjög duglegir og jákvæðir.

Leiðarboðin spilar enn veigamikil hlutverk sem og sjálfsmat.

Fleiri áfangar voru kenndir skertir sem er verulega bagalegt fyrir suma nemendur. Kennari hefur áhyggjur af þessari þróun einkum ef byrjendaáfangar verða skertir (fra103/203).

Í FRA403 á haustönn lét kennari nemendur vera með leiklestur. Þeir fluttu leikrit bæði með handriti sem og utanboðar. Þetta tókst vel og allir höfðu gaman af.

Spænskudeild. Í 403 var aukið vægi á talmáli og kynningu á menningu í spænskumælandi löndum. Nemendur unnu verkefni þar að lútandi, t.a.m. settu upp kynningu á helstu listgreinum og höfðu frjálssar hendur í útfærslu og kynningu fyrir samnemendur sína. Áfanginn var símatsáfangi en nemendur tóku nokkur próf á önn sem þeir fengu til baka og leiðréttu sjálfir til að hækka einkunnir sínar. Þetta reyndist vel og þeir nemendur sem leiðréttu prófin sín töldu það hjálpa verulega.

Líkt og í 403 var lögð mikil áhersla á talmál í 503 og mikil áhersla var lögð á leiki til að auka færni nemenda. Áfanginn var símatsáfangi.

Aukin áhersla á leikræna tjáningu og notkun talmáls sem skapast í daglegu lífi í öllum áföngum.

Í SPÆ 203 var fjórþætt lokamat á nemendum (ritun, hlustun, tal og

skilningur). Og í bæði 103 og 203 var lögð áhersla á munnlega færni t.d. með því

að nemendur voru látnir spyrja á spænsku ef þeir þurftu að yfirgefa tímunn (fara á salernið),

spyrja hvað eitthvað þýðir o.s.frv.

Nemendur voru látnir skila námsmökkum um miðja önn í stað þess að skila í lok annarinnar og það heppnaðist vel. Þau sem vildu hækka einkunnir sínar fengu tækifæri til að laga möppurnar og skila þeim aftur.

Þýskudeild. Fimmtudaginn 17. febrúar kom Gabriele Sausen, eiginkona þýska sendiherrans á Íslandi, í heimsókn í FSu. Frú Sausen er enskukennari að mennt og hafði lýst áhuga sínum á því að fá að vera viðstödd kennslustundir í skólanum og var frá því gengið, að hún sæi um þýskalandskynningu fyrir nemendur í 303-, 403- og 503-hópnum. Auk þess leiddu Hannes og Örylgur hana um skólahúsnæðið.

Fimmtudaginn 7. apríl fóru flestir nemendur úr ÞÝS 403 og 503 í heimboð í þýska sendiráðið í Reykjavík og kynntust starfseminni þar. Að því loknu var þeim öllum boðið að sjá þýsku kvikmyndina Lila, Lila á heimili þeirra Sausen-hjónanna við Túngötuna. Þótti ferðin takast afar vel og létu nemendur vel af henni.

Vonir standa til, að áframhald verði á þessum samskiptum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Dönskudeildin hefur haldið áfram að notast við símat í öllum einingarbærum áföngum, nema í 202 og 103, en þar er skriflegt lokapróf á prófatíma. Almenn ánægja er bæði meðal nemenda og kennara í þeim áföngum, þar sem ekki er lagt fyrir skriflegt lokapróf.

Vægi ritunar í námsmökkum hefur aukist frá því sem var þegar ástundun og frágangur vógu talsvert af einkunn.

Vægið í hinum ýmsu þáttum sem eru metnir til einkunnar í Dan 203 breyttist þannig, að jafnari áhersla var lögð á alla færniþættina þ.e. hlustun, lestur, tal og ritun. Enn þá vegur lestur þó þyngst í einkunn.

Munnlegt próf var tekið upp í Dan 103, 102 og 202 á skólaárinu, þannig að nú eru munnleg próf í öllum áföngum sem metnir eru til eininga. Er það í samræmi við aukna áherslu á þjálfun munnlegrar færni.

Eins og verið hefur í alllangan tíma eru Dan 303 og 403 símatsáfangar.

Í frönskudeild var námsmat nokkuð hefðbundið í fyrst þremur áföngunum, þ.e. skriflegt próf í lok annar. Í 403 og 503 var símat. Einn nemandi í FRA 203 á vorönn kaus að koma í skrifl.pr. þó svo að honum bæri það ekki vegna góðrar annareinkunnar. Var það gert í þeirri von að ná tíunni. Það tókst.

Á vorönn voru munnleg próf í öllum áföngum, sem og hlustunarpróf. Þetta námsmat verður þróað enn frekar.

Nemendur 403/503 þurftu að vinna mjög mikið efni sjálfstætt heima og það gekk mjög misjafnlega. Í 503 heltist einn (af fjórum!) nemandi fljótt úr lestinni vegna skorts á sjálfsga. Hinir luku með einkunninni 5 og 6 sem verður að teljast mjög slakt.

Spæ103: 50% skriflegt lokapróf. Inni í annareinkunn voru svo 5% munnlegt lokapróf og 5% hlustunarpróf.

Spæ203: 50% skriflegt lokapróf. Inni annareinkunn voru svo 10% munnlegt lokapróf, 5% ritun og 5% hlustun.

Spæ303: 50% skriflegt lokapróf, 15% kaflapróf, 30% vinna á önn og munnlegt próf 5%.

Spæ403 og 503 voru símatsáfangar.

Þetta mat skilaði sér ágætlega. Okkur finnst mikilvægt að hafa frekar fjölbreytt munnleg verkefni yfir önnina t.d. kynningar og leikþætti og það mætti auka vægi þeirra. Við teljum að það væri betra að meta munnlega færni og hlustun oftar yfir önnina í stað þess að hafa sérstakt lokapróf í lok annar í þessum færniþáttum.

Mikil ánægja er með það hjá öllum kennurum í deildinni að þeir nemendur sem fá 9 sleppi við lokapróf.

Þýskudeild. Með tilkomu nýrrar byrjendabókar var á haustönn í fyrsta skipti munnlegt próf í Þýs103 sem hluti af námsmati (10%). Það sama var gert á vorönn. Reynsla af þessu var góð. Margir nemendur sýndu munnlega frammistöðu umfram það sem búast mátti við af þeim. Vægi munnlegs prófs í Þýs203 var aukið í 15 % á vorönn.

Námsmat í Þýs 403 var með hefðbundnum hætti báðar annir, en sú nýbreytni var tekinn upp að setja hljóðskrár inn í Moodle og var hlustuskilningur þjálfaður og prófaður á þann hátt.

Námsmat í Þýs 303 var sömuleiðis með hefðbundnu sniði báðar annir.

Skriflegt lokapróf í Þýs 503 vó að þessu sinni aðeins 20% af lokaekunn, en hlustuskilningur og munnlegt próf ásamt verkefnum sem skila átti reglulega í gegnum Moodle fékk aukið vægi frá því sem verið hefur. Telst árangur af því góður, en þó ber að taka það fram, að nemendahópurinn var mjög getumikill og árangur flestra í samræmi við það.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Dönskudeild. EV sótti vikulangt námskeið fyrir íslenska dönskukennara í ágúst 2010, en það var haldið á Schaeffergården í Danmörku.

Einnig sótti EV alþjóðlega námstefnu sem haldin var af STÍL dagana 18. – 19. júní 2010.

Í janúar 2011 sótti EV upplýsingatæknisýninguna BETT í London. Þegar skólinn hefur aftur yfir meira fé að ráða mun EV leggja það til að athuguð verði kaup á hugbúnaði, sem kemur í stað málvers og gegnir svipuðu hlutverki, en sem býður upp á fleiri möguleika en málverin hafa gert.

Frönskudeild. Í júní 2010 sótti VV árlegt námskeið frönskukennara að Hótel Heklu um nýjungar í orðforðatíleinkun.

VV fór ásamt Önnu Árna á námskeið hjá Endurmenntun, um prófauppsetningu og námsmat. VV ásamt EV sótti alþjóðlega ráðstefnu á vegum STÍL í júnímánuði. Ráðstefnan nefndist „*Hvað er í gullkistunni*“ og var m.a. haldin í Viðey. Þar sögðu ýmsir aðilar, innlendir sem erlendir, frá því sem þeir væru að gera í sinni kennslu, frá rannsóknum sínum o.fl.

Spænskudeild. Anna sótti námskeið í prófauppsetningu og námsmati hjá Endurmenntun H.Í. Gunnþórunn er í Mastersnámi í spænskukennslu og lauk 30 einingum á Menntavisindasviði og 10 í spænsku.

Þýskudeild. Brynja og Hannes sóttu þrjú námskeið í Borgarholtsskóla á vegum Félags þýzkukennara. Eitt var í ágúst um notkun ýmiss konar texta í tungumálakennslu. Í framhaldi af því var móttaka hjá nýjum sendiherra Þýskalands. Annað var í nóv. um notagildi evrópska tungumálarammans. Það þriðja var í febr. um notkun kvikmynda og stuttmynda í þýskukennslu. Ingis sótti hálf námskeið á vegum PASCH, en það var einnig haldið í Borgarholtsskóla einn laugardag á vorönn. Fyrri hluti þess hafði verið haldinn föstudaginn áður og voru Brynja og Hannes þar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Dönskudeild. Engar nýjar kennslubækur eða kennslugögn voru tekin í notkun í dönskunni á skólaárinu, nema í Dan 303 og 403 þar sem alltaf er um talsverða endurnýjun að ræða bæði hvað varðar textalestur, skáldsögur o.fl.

Frönskudeild. Eins og fyrr er getið þá var ný kennslubók, LATITUDES, tekin inn hjá FRA103 á haustönn. Á vorönn voru því tveir áfangar, FRA103/203 með þetta efni. Kennsluefnið samanstendur af textabók og verkefnabók og báðum bókum fylgja geisladiskar. Aukaefni má finna á vef, en það er einkum ætlað kennara.

Kennari tók saman leshefti fyrir nemendur í FRA403 á vorönn. Það verður eitthvað notað áfram.

Þýskudeild. Á haustönn 2010 var tekið í notkun nýtt kennsluefni fyrir byrjendur eftir 10 ára notkun á *Þýska fyrir þig*. Um var að ræða kennsluefnið *Schritte international 1* og í Þýs203 á vorönn 2011 var svo haldið áfram með bók 2 í sama flokki. Með þessari bók minnkar vægi málfræði en tekið er meira mið af færniþáttum skv. evrópska tungumálarammanum. Þetta leiðir af sér hægari uppbyggingu beygingafræðigrunnns. Frekara mat á þetta kennsluverk verður lagt eftir næsta skólaár þegar búið verður að kenna það til 12 eininga. Á vorönn lásu nemendur auk þess léttlestrarbók í Þýs203 og tóku munnlegt próf úr henni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Dönskudeild. Vegna mikilla mannabreytinga í dönskudeildinni verða ekki miklar breytingar í kennsluháttum á næsta skólaári.

Nauðsynlegt er að halda áfram vinnu við innleiðingu nýrrar námskrár með skipulegum hætti. Kannski mætti hugsa sér að einn dagur (hálfur dagur?) væri nýttur til fjarkennslu þar sem

nemendur ynnu heima að ákveðnum verkefnum skv. fyrirmælum í Moodle. A.m.k. ætti það að vera hægt í mörgum bóknámsáföngum. Tímenn myndu kennarar nota til að vinna við að skapa nýjan skóla: nýja námskrá, nýja áfanga, nýjar námsbrautir.

Kennarar haldi á hverju ári mininámskeið, þar sem þeir miðla til annarra einhverju sem þeir vita eitthvað um (eftir t.d. námskeið) – í stíl við „Fagmennsku og fjör“.

Frönskudeild. HC kemur aftur til starfa á næstu önn en vegna þess hve lítil franska er kennd nú, verður HC væntanlega í öðrum verkefnum, því miður.

VV ætlar að vinna efni fyrir FRA403 í sumar, með nákvæmum útlístunum um námsmat, verkefnaskil o.fl. Vonandi tekst þetta með „einari“.

Spænskudeild. Eingöngu nemendur í 103 og 203 verða látnir skila verkefnaöppu (sleppa því í efri áföngunum). Þau eiga að kunna eftir það að halda utan um námsefnið sitt sjálf.

Þýskudeild. Fyrir liggur, að Hannes fer í námsleyfi og kennir Ægir Pétur Ellertsson Þýs 103 í hans stað. Líklegt er, að enginn 5XX-áfangi verði í boði á næstu önn. Fyrirhugað er að skerða tímafjölda til kennslu í a.m.k. einum áfanga í þýskunni á næstu önn. Hvort það er gert með hagsmuni viðkomandi nemenda að leiðarljósi, skal ósagt látið.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Frá dönskudeild. Nauðsynlegt er að fá myrkratjöld í stofu 211 ekki síst vegna

kvikmyndaáfangans sem er í boði 3. hverja önn í dönsku. En dönskukennarar nota mikið skjávarpann og því myndu myrkratjöldin vera mikið notuð hjá okkur.

Gluggatjöld í stofu 212 eru ónýtt að mati kennaranna, og þurfa þau nauðsynlega að komast í viðgerð eða vera endurnýjuð alveg. Nemendur sjá í mörgum tilfellum ekki á töfluna vegna mikillar birtu og glampa.

Kominn er tími á að endurnýja töflurnar í gamla hluta Odda, a.m.k. er yfirborðið á töflunum í 211 og 212 orðið svo slitnið að erfitt er að þurrka af töflunni eftir notkun. Skriftin hverfur ekki nema að litlu leyti.

Í tilefni af 30 ára afmæli skólans gæti verið góð hugmynd að starfsfólk og nemendur fari í svolitla naflaskoðun. Skólinn er búinn að slíta barnsskónum og er kominn til að vera. Er þetta ekki góður tímamunktur til að allir skoði sjálfsmynd skólans, hver er skólinn og fyrir hvað stendur hann?

Hvað það er sem gerir okkur stolt af honum? Í skólum eins og MR og MH ganga nemendur beint inn í skóla þar sem hefðirnar eru miklar, og enginn velkist í vafa um fyrir hvað þessir skólar standa. Gera nemendur og starfsmenn FSu það líka í sambandi við sinn skóla? Eru kostir og styrkur skólans öllum augljósir?

Nefna má sem dæmi um styrk FSu að þar er fjölbreytileiki í námsframboði mikill, kennsluáferðir eru í mörgum tilfellum nútímalegar, svo eru hér akademíurnar og hestabraut. Breiddin í nemendahópnum er mjög mikil og meiri en margir skólar geta státað sig af. Erum við skólinn sem kemur til móts við allar tegundir af nemendum? Og hvað er FSu fyrir utan það að vera fjölbrautaskóli? Hvað hefur skólasvæði FSu til að bera sem aðrir staðir hafa ekki? Mestallt Suðurland sendir jú nemendur hingað. FSu gæti verið draumaskóli í tengslum við það að vera „Heilsueflandi skóli“. Hvernig er hægt að tryggja að hann sé það?

Einnig viljum við benda á, að nú þegar hafin er vinna við að semja nýjar námskrár, væri ekki úr vegi að skoða hvar skólinn stendur nú þegar í sambandi við grunnþætti náms sem tíundaðir eru í nýju lögunum (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun)?

Hvernig birtast þessir þættir nú þegar í áföngunum og hvernig geta kennarar komið þessum grunnþáttum inn í kennsluna hjá sér, ef þeir eru ekki til staðar nú þegar?

Í tengslum við sjálfbærni viljum við nefna, að skv. rannsókn sem unnin hefur verið hér á landi nýverið (Mastersritgerð) er umhverfisumhyggja íslenskra ungmenna minni hér á landi en erlendis (í þeim löndum sem við berum okkur saman við). Getur skólinn staðið framari í umhverfisfræðslu en nú er? Getur skólinn kennt nemendum að bera virðingu fyrir umhverfinu? Frönskudeild. Á s.l. önn fengum við myrkvunartjöld í stofu 312 og það var frábært. Takk fyrir það.

Okkur í *Brussuseli* finnst ótækt að bjóða Herði upp á þá vinnuástöðu sem hann hefur. Það er mikið kallað á hann í síma, hann þarf oft að ræða viðkvæm málefni við foreldra og hefur í raun engan samastað til þess. Það mætti t.d. bjóða honum upp á að hafa sinn eigin síma, því 90% símtalanna eru til Harðar.

Spænskudeild vildi gjarnan fá sína "eigin" kennslustofu eins og hin tungumálin þar sem væri hægt að skreyta vegg og geyma hluti tengda kennslunni:).

Þýskudeild. Gluggatjöld í stofu 212 eru ónýtt og því nauðsynlegt að fá ný. Einnig þarf að lagfæra festingu á tjaldi í sömu stofu.

- Í byrjun annar þurfa skólustofur að vera lausar við gömul gögn úr hillum og skúffum. Gera þarf kröfur til kennara/deilda um að stofurnar séu í lagi í byrjun hvorrar annar.
- Hörður Ásgeirsson þarf að fá síma á sitt borð. Mikil truflun er fyrir aðra á sama vinnusvæði að svara síma sem oftast er til Harðar.
- Skortur er á viðtalsherbergjum.
- Æskilegt er að allir starfsmenn/kennarar skólans fái upplýsingar, t.d. í tölvupósti, um hvaða málefni/þættir úr skýrslum skólaársins fá afgreiðslu og hvernig afgreiðslu og einnig hver fá ekki afgreiðslu og þá hvers vegna.
- Ljóst má vera, að slakir nemendur þola illa skerðingu á kennslustundum og gildir þá einu, hvort nemendahópurinn er stór eða smár.

Annað

Dönskudeild. Stoðtímar hafa nýst vel sérstaklega í hraðferðaráföngunum, þar sem nemendur komu til að taka próf sem þeir misstu af.

Hins vegar eru nemendur ekki nógu duglegir að koma af eigin hvötum til að fá aðstoð við námið / námsefnið. Okkur virðist sem margir nemendur skilji ekki tilganginn með stoðtímana. Við teljum að sumir nemendur líti á stoðtímana sem refsingu. Hvað getum við gert í því?

Dönskukennarar vilja benda á að allt of margir nemendur mæta ekki vel í umsjónartímana, og þeir sem mæta eru oft pirraðir og óþreyjufullir. Þar við bætist að kennarar eru misvel í stakk búnir til að sinna t.d. fræðslu um einelti. Þá eru margir umsjónarkennarar óánægðir með að vinnan í kringum umsjón er orðin miklu meiri en áður var. Við teljum að það séu nýnemar sem hafa mesta þörf fyrir umsjónarkennara. Eldri nemendur eru stundum að hlusta á sömu fyrirlestra kennaranna í jafnvel 4., 5., 6., 7., 8. sinn, og þá skiljum við vel sjónarmið þeirra, að þeim þyki vera illa farið með tíma þeirra.

Sem innlegg í lífandi umræðu um hvaðeina sem lýtur að skólanum viljum við varpa fram þeirri spurningu, hvort hægt sé að nota hluta umsjónartímanna í að taka viðtal við einn nemanda í einu (2 – 3 á hálf tíma). Þannig gæfist umsjónarkennara færi á að kynna nemandanum betur með því að ræða við hann um nám hans og líðan í skólanum. Þannig myndu skapast betri tengsl við einstaklingana. En kannski liggur það misvel við umsjónarkennurum eins og margt annað? En

hvað um það, við teljum að öll umræða sé af hinu góða og að nauðsynlegt sé að sem flest sjónarmið komi fram.

Á meðan ekki er gert ráð fyrir tíma í „pædagogisk forum“ í kjarasamningi kennara, verður að okkar mati að reyna að finna tíma annars staðar til að hægt sé að halda uppi umræðum um skólann og málefni hans. Okkur hefur dottið í hug að hægt sé að búa til tíma með því t.d. að senda meira af beinum upplýsingum til allra með tölvupósti í stað þess að nota dýrmætan tíma kennarafundanna til þess. Kennurum væri þá ætlað að lesa hann, og þeir geta komið með athugasemdir og fyrirspurnir ef ástæða þykir til. Sjálfsmatið sem kennarar vinna annað slagíð yfir önnina gefur reyndar gott og kærkomið tækifæri til að skapa umræður, en þá er umræðuefni hvers hóps mjög takmarkað og hóparnir sem ræða hvert efni fyrir sig eru litlir. Hugsanlega væri hægt að vikka út þær umræður á einhvern hátt? Umræðurnar sem hafa skapast á fundum hópanna í „Skólinn í okkar höndum“ hafa oft verið mjög líflegar og gefandi og þar hefur umræðuglöðu starfsfólki gefist kostur á að leggja orð í belg.

Umræður og skoðanaskipti eru einn af hornsteinum lýðræðis og við trúum ekki öðru en að allir kennarar/starfsmenn séu fúsir og áhugasamir um að gera skólann okkar að enn betri skóla, m.a. með því að taka virkan þátt í umræðum um málefni skólans, hver svo sem þau séu.

Að lokum viljum við biðja um að allir kennarar fái póst um hvað gert er við óskir um úrbætur frá hverju fagi fyrir sig, þannig að allir geti fylgst með öllu sem beðið er um og hvernig þessar óskir eru afgreiddar.

Frönskudeild. VV gerir það að tillögu sinni að það verði skylda í lok skólaárs að taka til á sínu svæði, sinni stofu.

Í tilefni útskriftar yngstu dóttur sinnar frá FSu færði Bolette Hoeg frá Hæli Gnúpverjahreppi frönskudeildinni að gjöf spilið Monopoly og kvikmyndina *Oscar et la dame rose*, en þá bók lesa nemendur í FRA503. Fyrir þetta kunnum við henni bestu þakkir. Það er ánægjulegt þegar maður finnur að foreldrar/nemendur séu ánægðir með störf kennarans/kennaranna. Sem sagt, alltaf gott að fá klapp á bakið, en það er nokkuð sem við erum ansi spör á hér við skólann.

Það er okkur mikið áhyggjuefni hve aðsókn í frönsku fer minnkandi hér í FSu sem og víðar. Minnkandi franska í framhaldsskólum landsins er mjög bagaleg þróun, þar sem franskan spilar mjög mikilvægt hlutverk á mörgum sviðum, s.s. í ferðamennsku og öllu Evrópusamstarfi. Hvað er til ráða?

Takk fyrir að gefa frönskunni áfram möguleika í starfi FSu.

Að lokum takk fyrir þetta skólaár. Óskum öllum velfarnaðar í sumarfríinu þeirra.

FSu, 26. maí 2011.

f.h. deildar 3.tungumáls og dönsku

Vera Ósk Valgarðsdóttir

2.2 Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir Sviðsstjóri: Ægir Sigurðsson

2.2.1 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir Kennslustjóri: Sverrir Geir Ingibjartsson

Listir og menning

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Már Ingólfur Másson	KVK 103	6	0
	KVK 203	0	6
	Lim 103	6	0
	Lim 203	0	6
	Samtals	12	12

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nemendur unnu mikið í hópum í LIM 103-203. Nemendur stjórnðu að miklu leyti því hvernig nálgast var efnið og hver efnistösk voru í hverjum hluta fyrir sig.

Í KVK 103-203 voru opnaðar spjallrásir á Moodle þar sem nemendur ræddu sín á milli myndirnar sem horft var á. Þá voru einnig heimapróf.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. Nemendur unnu verkefni jafnt og þétt alla önnina. Skila þurfti inn ákveðnum fjölda verkefna til að ná áfanganum. Nemendur skiluðu inn jafningjamati í hópverkefnum og sjálfsmati í LIM 203 þar sem þeir mátu frammistöðu sína um miðbik annar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

KVK 103 Saga kvikmyndana. Annað efni var fengið af internetinu.

Tónlist

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Stefán Þorleifsson	UTT 122 (vor)		2
	TLS 122 (haust)	2	
	TÓS 173 (haust)	3	
	TÓS 273 (vor)		3

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

UTT 122 – upptökutækni – nýr áfangi þar sem unnið er með upptökuforrit/hljóð-blöndun o.fl.

TLS 122 – Saga djasstónlistar – uppistaða áfangans var svokölluð podcast vinna.

Nemendur völdu sér viðfangsefni og gerðu “útvarpsþátt” um viðkomandi. Þessir þættir voru svo klipptir til af kennara og lagðir á netið: <http://tonlist.net/podcast/>

TÓS 173 & TÓS 273 – samspil. Áfangarnir byggðir upp á sama hátt. Hér reyndi mikið á kennara að láta allt ganga upp vegna aðstöðuleysis. Tvö bönd spiluðu í kjallaranum – via heaphone en veggur sem átti að koma í upphafi haustannar er ennþá ekki fullkláraður. Einnig notaði ég sal skólans þegar tækifæri gafst. Samhliða því að vera með 3 hópa starfandi í TÓS 273 sinnti ég svo samtímis kennslu í UTT 122!

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat í UTT: Munnlegt vorpróf 20%, Verklegt vorpróf 1 (Meistari Jakob) 20%, Verklegt vorpróf 2 (Bolero) 20%, Skilaverkefni í Moodle 10%, Verkefni tengt kirkjutónleikum kórs 10%, Klippingar/hljóðblöndun: 10%, Ástundun/Raunm. 10%

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Aðstaðan léleg. Skólinn verslaði af mér eina gamla Apple tölvu – Ég keypti svo aðra persónulega og mætti með í skólann svo hægt væri að vinna á 2 tölum samtímis í UTT. Erfitt að spila vegna smits á milli vinnustaða.

Annað

Hér er hægt að gera miklu betur – en þarf tækjabúnað J

KÓR

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Stefán Þorleifsson	Kór 100-900		

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Jólatónleikar í sal skólans voru haldnir í desember. Nýtt hljóðkerfi var notað. Hljóðfæraleikarar komu úr röðum kórsins. Einsöngvari var Hlín Pétursdóttir.
- Farinn var æfingadagur í Listaháskóla Íslands á haustönn.
- Kórinn söng við kvöldmessur í Selfoskirkju – einu sinni á hvorri önn.
- Á vorönn voru æfingabúðir í Gunnarshólma í Fljótshlíð
- Vortónleikar í skólanum – a-capella söngur 15. maí sl.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Ekkert hefðbundið námsmat er viðhaft í kóraáföngunum. Nemendur annað hvort standast áfangann eður ei. Hins vegar fá nemendur aukamætingu fyrir söng á útskrift og þátttöku í kórabúðum. Að öðru leyti er stuðst við raunmætingu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu
Nýjar útsetningar unnar af Stefáni Þorleifssyni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Á hausti komanda er ætlunin að fara á kóramót til Parísar með 23 nemendur. Nemendur safna af miklum krafti fyrir ferðinni, m.a. með sölu salernispappírs, happdrættismiða, konfekts o.fl. Því miður komast ekki þrír nemendur í ferðina vegna slægrar þátttöku/virkni í starfi kórsins. Vegna þessa verður hér eftir gerð nákvæm kennsluáætlun í upphafi annar, þar sem markmið, kröfur, námsmat o.fl. verður skilgreint nákvæmlega. Vangaveltur eru um að hafa próf í lok hverrar annar – verklegt söngpróf.

23. maí 2011

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Matreiðsla

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Guðríður Egilsdóttir	MAT 1Ú3		6
Kristín Stefánsdóttir	MAT 173	24	24
Margrét J Stefánsdóttir	MAT sérdeild	12	12

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á skólaárinu var boðið upp á nýjan áfanga, heilsusamleg matreiðsla og útiildun. Guðríður Egilsdóttir kennir áfangann og hefur útbúið skemmtilega útikennslustofu í trjálundi á skólalóðinni.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat, verkefnaskil verkefnamappa og skriflegt próf í MAT 173.

Símat, verkefnavinna, ferilmappa og sjálfsmat í MAT 1Ú3.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristín og Margrét sóttu námskeið hússtjórnakennarafélagsins um merkingar og efnainnihald matvæla, sem haldið Hótel Brú í Borgarfirði 5. og 6 maí 2011.

Guðríður sótti Moodle námskeið sem haldið var á vegum skólans.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar kennslubækur eru notaðar en kennarar fá hugmyndir úr ýmsum bókum t.d Cookery eftir Claudia Pearson. Einnig er netið notað.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Hægt er að auka við verklega kennslu á matvælasviði með stuttum námsleiðum. Það eru miklir möguleikar í boði í þessu stóra matvæla héraði. Að öðru leyti er stefnt að svipuðu skipulagi næsta skólaár

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir
Skólayfirvöld eru jákvæð fyrir úrbótum. Búið er að útbúa góða aðstöðu fyrir
útimatreiðslu og í eldhúsi eru endurnýjuð tæki þegar þörf krefur, t.d. er kominn nýr
ísskápur og þvottavél og e.t.v. verða endurnýjaðar 2 eldavélar.
Þó mætti ganga harðar fram í að framfylgja reykingabanni á skólalóðinni en
reykingarfólk úr hópi nemenda hefur fundið sér afdrep við og í útielhdúsinu.

Myndlist

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Elísabet Helga Harðardóttir	LER XS1	6	4
	MYL103	12	
	MYL203		6
	SJL 1036+MYNXS3	12	12
	Samtals	30	22

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla hefur verið með hefðbundnu sniði. Taflan, skjávarpinn, fyrirlestrar og einstaklingsvinna í tímum. Heimavinna hjá þeim sem vilja bæta við sig eða hafa misst úr tímum. Sparnaður hefur sín áhrif, engar myndlistarferðir út fyrir skólann en reynt að nýta allt sem er til staðar. Í MYL203 voru skráðir 20 nemendur sem er of mikill fjöldi fyrir plássfrekar aðgerðir. Þess vegna var ekki skylda að vinna aðferðir eins og grafík en það var val hvers nemanda hvort hann skilaði grafíkmyndum.

Vorum svo heppin að fá til okkar kennaranemann Ágústu Ragnarsdóttur. Hún er líka grafískur hönnuður og nemendur fengu innsýn í vinnu og nám í grafískri hönnu

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat er símat. Eitt skyndipróf á önn í SJL103 og lokayfirferð á möppum í lok annar. Námið er byggt upp í lotum, hver lota metin og allt talið saman í lokin. Í LER og MYN áföngum eru verkefni metin og umgengni, vinnusemi, frumleiki, sjálfstæði, áhugi og vandvirkni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið í teikningu, vatnslitun og olíumálun. 2 helgar í ágúst og september á vegum FÍMK í Myndlistarskóla Kópavogs, kennarar; Ingólfur Arnarson, Derek Karl Mundell og Bjarni Sigurbjörnsson.

Námskeið í tálgun á ferskum viði, "Tálgunámskeið og ferskar viðarnytjar". Ein helgi í apríl á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og fór það fram í Garðyrkju-skólanum í Hveragerði. Kennari; Ólafur Oddsson.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Kennsluefni á neti sem er í stöðugri endurnýjun.

Möppur með mynddæmum sem safnast hafa í gegnum tíðina. Bæði mynddæmi frá nemendum og kennara.


Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Hér er sama tillaga og síðasta ár að fjölga áföngum í myndlist á listnámsbraut alla vega um einn. Boðið verður upp á MYL 173 á næstu önn annars væri enginn áfangi í boði fyrir nemendur með myndlistaráhuga sem lokið hafa SJL103.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Loftslag í myndlistastofu hefur lagast við það að nota jarleir. Hann þarf ekki eins háan hita og sparar rafmagn. Ræstitæknir kvartar ekki undan loftslaginu. Ætla ekki að suða um að fá háf yfir ofninn eða eiturgleypi.

Annað



Takk fyrir veturinn



Gleðilegt sumar

Elísabet H. Harðar.

Textíldéild

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Helga Jóhannesdóttir	THL 103	6	6
	THL 173	0	0
	THL 143	0	12
	THL 136	12	0
	FAT1S3 o.s.frv.	6	6
	Alls	24	24
Kristín Sigurmarsdóttir	THL 103	0	0
	THL 203	0	6
	THL 173	6	6
	THL 136	12	0
	FAT1S3 o.s.frv.	0	0
	Alls	18	12

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

THL103 Fatahönnun o.fl.: 1) Hefðbundin fataefni notuð í prufurnar í stað lérefts – gaf ekki góða raun, of erfitt fyrir byrjendur. 2) Aukin áhersla á sjálfstæða vinnu við eigin möppugerð, byrjað með bráðabirgða plaströppu frá kennara, biðtími og heimavinna í að byggja smám saman upp eigin möppu, þetta kom vel út, tíminn nýttist betur og í ljós kom mismunandi metnaður. Þarna skipti símats-skjal hópsins miklu máli og þrjú möppuskil yfir önnina, hvorutveggja hvetjandi.

THL203 Fatahönnun o.fl.: Mikill tími fór í saumaskap á fóðruðum jakka – lítill tími í jersey-verkefni.

THL173 Fatasaumur: Nýjung var að tveir nemar af Starfsbraut voru í áfanganum. Gekk þokkalega vel, en ekki alveg marktækt þar sem hópurinn var óvenju fámennur.

THL136 Textilhönnun: Nýjung var í ullarvinnsluþættinum á miðri önn; kom mjög vel út að láta nemendur hanna og framleiða lítinn og einfaldan nytjahlut úr ull sem til var í safni deildarinnar. Sýning sett upp að lokinni ullarviku. Áætlun um möppugerð gekk ekki upp vegna tímaskorts.

THL143 Híbýlahönnun: Aðalverkefnið „Einfaldur nytjahlutur á sýningu í sýn.skápum í Odda við miðannarmat“ kom mjög vel út, virkaði hvetjandi og flestar réðu við þetta. Lokaverkefnið „Vor í híbýlahönnun, sýning á nemendaverkefnum, verkfærum og efnivið Textíldéildar, skilin eftir í skápum fram á vor“, kom ekki eins vel út, óvenju margir nemendur áttu í erfiðleikum með að ná lágmarkseinkunn í áfanganum – margar ástæður, fyrst og fremst vegna margvíslegra námserfiðleika.

FAT-áfangar eða Starfsbraut: Ekkert nýtt, fyrir utan nýja reynslu af því að kenna blindum nemanda. Mikil lífsreynsla að vinna með mikið fötluðum nemendum, sérstaklega fyrir okkur sem höfum ekki sérmenntun í slíkri kennslu. Samstarfsfólkið sem aðstoðar fatlaða nemendur skiptir lykilmáli og að vera opin fyrir að gera tilraunir í samvinnu við þær.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Höldum áfram með þá stefnu að vera með símat í stað prófa.
- Ágætt að nota excel-formið, sem nú orðið er krafist af kerfinu, og þar með skilað til prófstjórnanda, R.Í.
- Sameiginlegt mat okkar kennaranna er dýrmætt, þ.e. að hafa prófdómara og uppbyggilega gagnrýni á verkefnum hjá hvor annarri, er mikilvægur hluti af því að reyna að vera eins hlutlægar og hlutlausar – ekki huglægar, í störfum okkar sem dómara á námsverðleika nemenda okkar. Erum sammála um að einstaklega erfitt sé að meta verklega hlutann í verklegum áföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sumarið 2010 tóku HJ og KS báðar 3 daga FATEX og EHÍ námskeið í “Frjáls útsaumur í saumavél” haldið í FG.

11. og 12. mars 2011 tók HJ þátt í 8 klst. námskeiði í samvinnu FATEX og Heimilisiðnaðarfélagins í Pappírsgerð og þrykk.

Í ágúst 2011 fór KS á vikulangt vefnaðarnámskeið á vegum Heimilisiðnaðarfélagins.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

THL103: Nei

THL203: Sniðabókin Snið og sniðteikning var notuð, en nemendum ekki skylt að kaupa hana. Það gekk upp.

THL173: Nei, enda verklegasti áfangi Textildeildar – lítið rými fyrir annað bóklegt en tilbúin sniðablöð og einföld möppugerð með úrklippum og fáum ljósritum.

THL136: Nei, nema fleiri og nýrri bækur og útprent um textilhönnun og ullarvinnslu kynnt og nýtt í tímum.

THL143: Stuðst við heftið Hönnun og hugmyndavinna

FAT: Nei, engin ástæða, enda örfáir nemendur og hver og einn á sínu róli í að finna eitthvað sem nemandi ræður við og getur notað sér til gagns og gamans.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

1. Já, stuðla að því að eftir því sem kreppunni léttir á okkur öllum, séum við tilbúin með vel unna hugmyndavinnu um þróun deildarinnar = spara í hófi!
2. Leita leiða til að draga úr óhóflegri yfirvinnu vegna mikillar efnissöfnunar og tímaskorts – 75 mínútna tímar eru allt of stuttir fyrir verklegar greinar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

1. Vera vakandi fyrir því að “Textildeildin” hefur upp á þrennt sérstakt að bjóða í FSu nú orðið: A) Kvenlegt námsframboð, þ.e. greinar sem tengjast algengum áhugamálum kvenna. B) Verklega áfanga sem margir telja henta nemendum sem eiga við margvíslega námserfiðleika að stríða. C) Áfangar sem tengjast

- atvinnulífínu og skarast á við iðnnám. Þessar staðreyndir hafa mikil áhrif á nám og kennslu í deildinni, sem við leyfum okkur að kalla svo, sem samnefningu þess sem ekki síður mætti kalla "Þráðlist". Hugleiðing um "Tískusýningarhefð í FSu" nýlega lýsir því vel hvernig þróun umrædds nemendahóps hefur verið á undanförunum árum – sjá undir Annað hér að neðan.
2. Sem hluti af hönnunarvinnu við nýtt verknámshús má sjá fyrir sér þann styrkjandi möguleika að tengsl yrðu milli mögulegrar hárgreiðslubrautar, snyrtibrautar og Textíldeildar.
 3. Í vinnu um Nýja námskrá og innleiðingu nýrra laga um framhaldsskólanám, hefur orðið ljóst að mikil þörf er á að samræma að einhverju leyti kennsluhætti og námsgögn sem notuð eru í framhaldsskólunum innan sömu greina, t.d. er mikilvægt að samræmt verði á milli skóla hvað felst í mati á hugtakinu "hönnun". Þarna er fyrst og fremst átt við mat á námi milli skóla. Kennarar hafa í dag mikil völd til að semja kennsluáætlun, kennslumat og kennsluhætti að eigin geðþótta og námsframboðið því persónutengt. Með því að samræma meir og betur kennslu og nám í textílgreinum, ætti að nást meiri virðing fyrir textílgreinunum og betri námsárangur almennt en það sem við erum að sjá í dag. Skilgreining á hönnun annars vegar og handverki hinsvegar þarf að koma til.
 4. Draumaskólinn: Þverfaglega möguleika mætti reyna með einhverskonar "Lífsins skóli – LSK áfanga = Að kenna nemendum með námserfiðleika grunnfögin í gegnum verkleg verkefni, t.d. íslensku í matreiðslu, stærðfræði í fatagerð, eðlisfræði í rafmagni, samfélagsfræði í smíði og heimsspeki með jóga svo eitthvað sé nefnt. Verkefnagerð verði tengd atvinnulífínu.

Annað:

1. Tillaga um nýjan áfanga í FSu: Textílfraði 101: Ef skoðaðar eru kennsluáætlanir í öðrum skólum má sjá að textíl/vefjarefnafræði er ýmist fléttuð inn á grunnáfanga í textíl eða fatahönnun EDA sem sér áfangi, t.d. í FG er boðið upp á THL122 Textíl- og markaðsfræði og í FB heitir áfanginn VFJ Vefjarefnafræði 101. Við teljum þörf á að kenna þessa fræðigrein sér og mætti jafnvel nota hana sem hluta að viðskiptanámi og/eða öðru tengt neyslu (allir ganga jú í fötum alla ævi) og markaðsfræði.
2. 30 ára afmæli FSu í september 2011: Í skýrslu ársins 2010 skrifuðum við "Að tækja og vélakostur deildarinnar er orðinn slitinn. Og þar sem sparnaður er að verða sjálfsagður, að styðja þá við aðrar og óhefðbundnari leiðir til að styrkja aldagamlar, þjóðlegar og kvenlegar greinar eins og þær sem kenndar eru nú við FSu. Kennari utan okkar deildar benti á þá framúrstefnulegu hugmynd að kvenfélag eitt í grenndinni gæfi skólanum vefstól. Á bak við hugmyndina er draumur margra kvenna um að bjarga og viðhalda þekkingu á handverkinu. Vefstóll er mikilvægur hluti af sér íslenskrri menningu. Vefstóll er ekki rafmagnstæki sem úreldist, heldur gripur sem hefur hvorutveggja táknað gildi lista og sköpunar, ásamt því að vera beinlínis nytsamlegur, bæði í þráðlist og myndlist!
3. Hugleiðing eftir fyrstu alvöru, hefðbundnu tískusýninguna í Textíldeild í a.m.k. tug ára:

Í gærkvöld fór fram vel heppnuð tiskusýning á flikum og fylgihlutum eftir nemendur í FSu, í samvinnu við nemendaráð, á kvöldvöku þeirra í gærkvöld.

Ástæða skrifa minna nú er sú von mín að "átakið" verði kveikja að mögulegri tiskusýningahefð í FSu næstu árin.

Tilgangur tiskusýningar er í mínum huga sá að þeir sem nema hönnun, sköpun og handverk, fái þarna tækifæri til að koma sköpun sinni á framfæri. Slíkt er mikilvægur hluti allrar sköpunar.

Í gegnum tíðina sem ég hef unnið við kennslu í fata- og textilhönnun í FSu, þ.e. frá árinu 1987 hef ég litið á einhverskonar sýningu í lok anna sem sjálfsagðan hlut af starfi mínu.

Fljótt kom í ljós hve litlar forsendur voru og eru að hluta til enn fyrir hendi hér hjá okkur, í "Framhaldsskóla Sunnlendinga", til að byggja upp það sem við nefnum oft "alvöru tiskusýningu".

Í fyrsta lagi vegna þess hve blandaður hópur velur námsgreinar í Textildeild, sem fyrstu árin var eingöngu Hússtjórnarbraut, síðan valáfangar í "saum" og "hönnun" og síðasta áratuginn hluti af Listnámsbraut.

Má segja gróflega að um helmingur nemenda á þessum tímum séu nemendur sem eiga í ýmiskonar námserfiðleikum og leita því í eitthvað sem almennt er talið léttvægt.

Og að um fjórðungur nemenda velji greinar í deildinni af praktískum ástæðum – allir ganga jú í fötum alla ævi !

Og að eingöngu og aftur gróflega áætlaður fjórðungur velji sér "fata- og textilgreinar" af einskærum áhuga.

Brottfall, virðingarleysi fyrir námi sem vinnu og almenn "vesalvæðing í samfélaginu" núna – ég bendi á tölur um brottfall og tapaðar einingar undanfarin ár máli mínu til sönnunar - dregur kraftinn úr einhverjum nemendum á hverri önn.

Í öðru lagi virka ofangreind vandamál þannig að í lok annar er oft lítið til að sýna.

EN, það góða er að ALLTAF er eitthvert hlutfall nemenda sem virkilega nýtur þess að hanna og framleiða föt og aðra nytjahluti, sér til gagns og gamans.

Og bara þessi staðreynd – OG sú að fatahönnun, tíska og allt það sem tengist þeim hluta af hinum "kvenlega heimi", hefur fylgt menningunni eins langt aftur og samfélög urðu saga!

Reynslan í gærkvöld er í svo miklum mæli jákvæð, að ég ætla að henda niður á blað og æskja eftir skráningu, hugmynd um vinnuferli á haustönn 2011:

1. Að nemendaráð og kennarar í Textildeild geri með sér samning um tiskusýningu í annarlök – á ákveðnum tíma, við ákveðið tækifæri – annað hvort sér sýning eða í tengslum við annan viðburð nemendaráðs.

2. Í samningnum komi fram að nemendaráð verði ábyrgt fyrir sýningunni sem slíkri.
3. Og að kennarar deildarinnar semji við sína nemendur í fatahönnun og öðrum fögum sem hanna og framleiða sýningagripi, um að þeir leggi sitt af mörkum í sýninguna – að ein ákveðin flík verði hluti af ákveðinni sýningu, sem þýði að EF nemandi hverfi úr námi á tímabilinu EDA nái ekki að klára umrædda skylduflík, skuldbindi hann sig til þess að láta nemendaráði eftir flík sína á sýninguna – þ.e. að nemendaráð geti og megi klára flíkina, nota á umrædda tiskusýningu, en skila henni þar á eftir til deildarinnar, svo nemandi geti nálgast hana sjálfur í annarlok, eftir sýningu.
4. Það verði sem sagt í höndum nemenda að byggja upp sýninguna, en kennara að stuðla að öflun nægra nemendaverkefna til að sýna í annarlok.

Að lokum; Sonur minn, Sölvi Þór Hannesson er í raun kveikjan að þeirri hugmynd að slá saman tiskusýningu og kvöldvöku.

Samtöl okkar í síðasta jólafríi urðu til þess að ég ákvað að stefna að því að prófa þessa leið áður en við hyrfum bæði frá störfum í FSu nú í vor, hann sem nemandi og síðasta árið formaður nemendaráðs, þar áður sem formaður skemmtinefndar NFSu. Og ég fer nú burt í námsleyfi í eitt ár.

Að upplifa tilhlökkun, eftirvæntingu, samstarfsvilja, dugnað, löngun til að standa sig og alla þá gleði sem ég varð vitni að með þessum krökkum í gær, vegur sterklega upp á móti vonbrigðum og erfiðleikum þeim sem lélegar mætingar og metnaðarleysi hafa valdið !

Sjö af átta “innkomum” rættust, þ.e. að sjö þör af nemendum, klæddir fjórtán flíkum, sem allar hafa verið hannaðar og framleiddar af nemendum Textíleildar voru sýndar á sviði FSu í gær;

Þar af voru níu flíkur af þessari önn, THL103 Fatahönnun o.fl. og THL203 Fatahönnun o.fl., unnið í skólanum undir handleiðslu kennara.

Fimm flíkur voru samtíningur á síðustu stundu til að bjarga sýningu sem búið var að auglýsa; flíkur sem nemendur unnu á síðustu önnum, í ýmsum áföngum eða meira eða minna sjálfstætt heima.

Tvær flíkur urðu útundan vegna þess að einn nemandi/sýnandi hreinlega mætti ekki.

Einnig skapaði það vandamál að sýnandi var læstur úti – gleymdist að gera ráð fyrir því að á æfingatímanum var skólinn læstur.

Reynsla þessi, ásamt öllu því sem áður hefur verið unnið í “tiskusýningamálum”, er að EF VILJI ER FYRIR HENDI og skynsamlega undirbúið, þannig að ábyrgð hvers og eins sé á hreinu, þá er ALLT hægt !

Góða skemmtun.

Helga

E.S.: Læt hér inn sýnishorn í gamni til að minna á hefðir hinna skólanna stóru, sem bjóða upp á “Textíleildir” í svipuðu formi og FSu nú.

Helga Jóhannesdóttir og Kristín Sigurmarsdóttir

Íþróttir

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Magnús Tryggvason	ÍþR 101	16	
	ÍþR 111		14
	ÍþR 201	10	
	ÍþR 211		12
	ÍþR 3A1		2
	ÍþR 331		2
	ÍþR 371	8	
	ÍþF 111		2
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍþR 3J1	4	2
	ÍþR 4J1	2	2
Sigríður Sæland	ÍþR Starfsbraut	2	2
	ÍþR 3D1		2
	SKY 101	2	4
Sverrir Ingibjartsson	ÍþF 102		4
	ÍþF 222	4	
	ÍþF 203		6
	ÍþG 102	4	
	ÍþG 112		4
	ÍþG 162	4	
	ÍþR 101	4	
	ÍþR 111		4
	ÍþR 201	4	
	ÍþR 211		4
	ÍþR 321	4	
	ÍþR 361	2	
	ÍþR 381		6
	ÍþR 3H1	2	
	ÍþS 102/112/122	3	3
	Litla Hraun	4,8	4,8
	Samtals	79,8	79,8

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nýr áfangi ÍþR 4J1 var kenndur á vorönn. Er hann framhaldsáfangi á eftir ÍþR 3J1. Í ÍþR 3J1 eru kennd undirstöðuatriði í jóga. Þar sem um íþróttáfanga er að ræða er megin áherslan á hið líkamlega jóga en samt sem áður er jóga sem heildrænt mannræktarkerfi

kynnt og rætt. ÍþR4J12 er framhaldsáfangi sem byggir á því sem farið var í í ÍþR3J12 og má því segja að farið sé aðeins dýpra í efnið í þeim áfanga. Þessi áfangi var kenndur í fyrsta sinn á vorönn og var að mati kennara vel heppnaður. Markmiðið var að ná að halda áfram að kynna jóga, kenna fleiri stöður, kynna heimspekina betur og leggja sérstaka áherslu á hugleiðslu. Það tókst nokkuð vel og gáfu nemendur til kynna ánægju sína með áfangann.

Í bóklegu íþróttunum (ÍþR 101-111-201-211) var gengið alla leið í notkun Moodle námsumhverfisins. Verkefnum var því skilað á netinu og íþróttirnar því að mestu pappírslausar. Þykir kennurum þetta til bóta og sama er að segja um flesta nemendur. Nokkrir nemendur töldu þó að erfiðara væri að muna eftir að gera heimaverkefni sem væru á netinu heldur en þeim sem væru á blaði eða í vinnubók.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Sömu sögu er að segja um bóklegu íþróttirnar nema þar er endað á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Lokaprófið gildir 30% af lokaekinnun.

Lokapróf, í próftöflu, er í ÍþF 102, 203 og 303 sem gildir 50% af lokaekinnun.

Í ÍþR 3J1 og 4J1 eru 3 verkefni yfir önnina sem gilda 50% á móti mætingu sem gildir einnig 50%. Krafa er gerð um að minnst 2 af 3 verkefnum sé skilað til að standast áfangann. Námsmatið er að mati kennara hæfilega fjölbreytt og vel heppnað.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Á skólaárinu fór Sverrick á námskeiðið „boltaíþróttir“ sem haldið var af Keili.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Erlingur Richardsson, Zdravko Demirev og Sigurður Ingimundarson.

Ragnheiður sótti sér innblástur og nýjar hugmyndir í jógatíma hjá öðrum jógakennurum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun á skólaárinu. Hins vegar var vinnubók í bóklegum íþróttum lögð til hliðar og Moodle námsumhverfið notað í staðinn eins og áður segir. Í jóga áföngunum er ekki um eiginlega kennslubók að ræða en kennari setur lesefni af vefnum inn á Moodle sem og efni sem hann hefur þýtt úr erlendum jógabókum. Sýndar eru heimildamyndirnar Yoga Unveiled og Origins of Yoga og kvikmyndin Peaceful Warrior.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Næsta skólaár er ætlunin að kennsla íþróttar fari fram með svipuðum hætti og það síðasta. Við erum þó stanslaust að velta fyrir okkur hvernig hægt sé að finna heppileg hreyfiúrræði fyrir sem flesta og einnig að það geti notast þeim áfram sem heilsurækt að skólagöngu lokinni.

Framhaldsáfanginn í jóga er enn í mótun og mun Ragnheiður eflaust gera breytingar á honum hvað varðar skilaverkefni.

Sverrir er með hugmyndir að nýjum áfanga þar sem ýmsar „öðruvísi“ íþróttagreinar væru kynntar. Það yrði þá gert í samvinnu við íþróttadeildir, dans og heilsurækt á staðnum eins og taekwondo, judo og sumba svo eitthvað sé nefnt. Þessi hugmynd er þó á algeru frumstigi og því ósennilegt að farið verði af stað á næsta skólaári.

Sverrir hefur einnig áhuga á að koma á keppni milli nemenda og kennara í að ganga á fjallið. Þar gætu nemendur og kennarar gengið á fjall, t.d. Ingólfsfjall, skrifað nafn sitt í gestabók sem búið væri að koma fyrir á ákveðnum stað. Síðan væri á ákveðnum tíma talið hvort nemendur eða kennarar hefðu skrifað oftar í bókina. Þetta gæti svo verið ein keppnisgrein í íþróttakeppni nemenda og kennara. Þarna er hugsanlega hægt að virkja minni spámenn á íþróttasviðinu til hreyfingar og komið einhverjum af stað í hreyfingu. Hugsanlega mætti nota fundir/félagslíf tímanna einu sinni til að koma gestabókinni fyrir og nemendur og kennarar færu saman í hópöngu en eftir það færi fólk í göngurnar utan skólatíma.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Hugsanlega mætti gera betri aðstöðu fyrir þá sem koma hjólandi í skólann. Er þá helst um að ræða yfirbyggt skýli fyrir hjól þannig að hjól séu þurr (þó hann rigni) þegar hjóla á heim.

Einnig gæti verið sniðugt að koma fyrir skilti við skólann með kílómetramældum göngu og skokkleiðum í nágrenni við skólann. Þetta gæti nýst bæði í íþróttakennslu skólans og einnig almenningi. Bragi Bjarnason íþróttastjóri og tómskundafulltrúi Árborgar hefur tekið jákvætt í samstarf á þessu sviði.

Sverrir Geir Ingibjartsson
fagstjóri íþróttadeildar

2.2.2 Raungreinar

Kennslustjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

Kennsluskipting raungreina veturinn 2010 – 2011 var eins og tilgreint er í töflu 1. Alls kenndu sjö kennarar þá raungreinaáfanga sem skólinn bauð upp á þennan vetur.

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn 2010 Kest.fj.	Vorönn 2011 Kest.fj.
Ester Ýr Jónsdóttir	Efn 203	6	6
	Efn 303	6	
	Efn 313		6
	Líf 203		6
	Líf 243	6	
	Nát 123	6	6
Íris Þórðardóttir	Lol 103		6
	Lol 203	6	
Jón Grétar Hafsteinsson	Efn 103	8	8
	Nát 123	18	12

	Nær 103		12
Ólafur Einarsson	Líf 103	6	6
	Nát 103	18	18
Úlfur Björnsson	Eðl 102	4	
	Jar 203		6
	Jar 213	6	
	Lan 103	12	12
	Lan 203		6
Þorsteinn B. Einarsson	Eðl 103	6	6
	Eðl 203		6
	Eðl 403	6	
Örn Óskarsson	Jar 103	6	6
	Nát 103		6
	Nát 113	18	12
	Samtals:	138	146

Tafla 1. Kennsluskipting.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Ester:** Samvinnunám var helsta viðfangsefni nýrra kennsluhátta, unnið í tengslum við starfendarannsóknanámskeið sem ég sat í vetur. Nemendur voru látnir vinna markvisst saman að verkefnum, verklegum æfingum og undirbúningi þeirra. Þá var gerður greinarmunur á hópvinnu og því að sitja saman í hóp. Nemendur voru flestir mjög ánægðir með þessar nýjungar og kölluðu eftir fleiri samvinnuverkefnum. Verklegar æfingar voru áfram undir smásjóni. Unnið var markvisst að undirbúningi þeirra með nemendum.
- Íris:** Íþróttasalurinn í Iðu er mikið notaður til að leika og setja upp heilu líffærin og líffærakerfin til að auka skilning og fara aðeins út úr kennslustofunni. Það er almenn ánægja með það. Moodle var í fyrsta skiptið notað við kennslu í lol haustið 2010 og var ég og nemendur mjög sátt við þann möguleika og það umhverfi, ég hafði notað Angel áður, en Moodle finnst mér koma mun betur út og vera aðgengilegri bæði fyrir kennara og nemendur. Set ég þar allt inn; glósur, skilaboð verkefni og heimavinnu.
- Jón Grétar:** Í Nær 103 (vorönn) var fenginn gestafyrirlesari, Dominique Plédel Jónsson, frá samtökunum Slowfood.
- Ólafur:** Aukið vægi verkefna í námsmati. Dregið úr vægi skýrslna í NÁT103, önnur verkefni og breytt mat á vinnu nemenda í verklegum tímum kom í staðinn.
- Úlfur:** Á vorönn var gerð tilraun með að kenna án skylduviðveru. Í upphafi hvers tíma var stutt innlagn um það efni sem áætlun gerði ráð fyrir. Nemendur unnu síðan verkefni í tengslum við það. Þeir kennsluhættir gengu ekki í 100 áföngum en viðunandi í 200 áföngum. Tilraunin gefur ekki tilefni til að endurtaka hana án breytinga.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Ester: Allir áfangar eru símatsáfangar þar sem 3-5 próf eru á önninni ásamt verkefnum af ýmsu tagi. Í öllum tilfellum tókst nokkuð vel til. Mat verkefna á önninni var á formi frammistöðu-, jafningja- og sjálfsmats svo eitthvað sé nefnt.

Íris: Lokapróf 70%.

Jón Grétar: Efn 103: Lokapróf 60%. Nát 123: Símat, 2 lotupróf 55%. Nær 103: Lokapróf 55%.

Ólafur: Nát 103: Símat. Líf 103: símat á haustönn en 40% lokapróf á vorönn. Áfangakönnun var gerð í NÁT103 og LÍF103 báðar annir.

Úlfur: Allir áfangarnir (að EÐL undanskildum) voru símatsáfangar þar sem nemendur þurftu að skila lágmarks verkefnafjölda (um 75 – 80% verkefna) og ná lágmarks árangri (50,00%) til að standast lágmarkskröfur.

Þorsteinn: Símat (50%) og lokapróf (50%).

Örn: Símat í öllum áföngum, 3 annarpróf og 15-22 verkefni. Allir áfangar í Moodle.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ester: Fuglarnir í nágrenni okkar, 18. – 20. júní 2010, á vegum Samlífs.
Erfðamengjaöldin, 7. – 8. janúar 2011, á vegum Samlífs.
Umsjón með vettvangsnámi fyrir raungreinakennara, veturinn 2010 – 2011, á vegum Endurmenntunar HÍ.

Starfendarannsóknir fyrir framhaldsskólakennara, 10 ECTS stiga námskeið á Mastersstigi veturinn 2010 – 2011. Menntavísindasvið HÍ.

Ólafur: Fuglarnir í nágrenni okkar, 18. – 20. júní 2010, á vegum Samlífs.

Úlfur: Haust: Námskeið í skipulagsfræðum og námskeið í borgarskipulagi á vegum Endurmenntunar HÍ og námskeið í stjórnufræði og notkun einfalds sjónauka á vegum Stjornuskoðunarfélags Seltjarnarness.

Vor: Námskeið í stjórnufræði, einkum með tilliti til sólarinnar og áhrifa hennar á jörðina við NAROM og Norrlands Universitet i Bodö í Noregi (fjarnám og einnar viku staðarnám).

Örn: Fuglanámskeið í Borgarfirði 18.-20. júní 2010 (Þátttakandi og leiðbeinandi). Námskeiðið "Erfðamengjaöldin" í janúar 2011.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ester: Samin voru nokkur heimadæmi í efnafræði til viðbótar.

Ólafur: Sýndar voru fleiri fræðslumyndir, sérstaklega í NÁT103.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ester: Öryggismál í efnafræðistofunni hafa verið bætt í vetur en þeim þarf þó að gera betri skil.

Áfram verði unnið að undirbúningi verklegra æfinga með nemendum þannig að þeir öðlist betri skilning á því sem þeir eru að gera.

Ólafur: Auka mætti vettvangsvinnu í NÁT103 ef fjárhagur leyfir.

Úlfur: Auka kennslutíma á kostnað prófatíma.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Ester: Afla tekna með því að selja bílastæðakort fyrir önnina/veturinn, bæði nemendur og starfsfólk kaupi kortin. Nemendafjöldi í verklegum raungreinaáföngum er allt of mikill. Ég var til að mynda með 29 nemendur í Líf 203. Þar eru verklegar æfingar þess eðlis að ekki er hægt að skipta hópnum án þess að tvöfalda kostnað og fyrirhöfn við þær. Erfitt var oft á tíðum að koma verklegum æfingum fyrir í efnafræði sökum of margra nemenda, það varð til þess að verklegar æfingar urðu færri en eðlilegt er.
- Ólafur: Fjölga smásjám, víðsjám ef fjárhagur leyfir. Vantar ljós fyrir tvær af nýju víðsjánum. Fjölga mætti fartölvuvögnum. Mjög erfitt er að hafa marga nemendur í verklegum tímum í líffræði. Þegar nemendur eru yfir 20 eru það alltof margir til þess að hægt sé að sinna þeim almennilega! Hópar í verklegum tímum ættu því ekki að vera stærri en 15 nemendur.

Annað

- Ester: Tíunda landskeppnin í efnafræði fór fram þriðjudaginn 15. febrúar 2011. Fimm nemendur við FSu tóku þátt og stóðu þau sig öll með þryði. Fimmtán nemendur úr forkeppni komust áfram í úrslitakeppni þar sem fjórir bestu skipa síðan Ólympiulið Íslands í efnafræði, keppnin í ár verður haldin í Tyrklandi. Þátttakendur voru að þessu sinni 115 nemendur úr sjö framhaldsskólum. Einn nemandi frá FSu, Valtýr Freyr Hlynsson, náði þeim frábæra árangri að komast í úrslitakeppnina, sem haldin var 12. – 13. mars, hann hafnaði þar í 8. sæti. Valtýr fékk síðar boð um að taka þátt í lokakeppninni í Tyrklandi en gat því miður ekki tekið þátt þar.
- Íris: Bækurnar í þýðingu Reginu Stefnisdóttur eru enn kenndar, þó að hluti af tölum í þeim séu úreltar. En ég set bara nýjustu tölur í glósurnar og bendi nemendum á það. Læt þá jafnvel stríka yfir sumar töflur. Ég er mjög sátt við niðurstöðu kennslunnar hjá mér og árangur nemenda í hópnum.

Eitthvað þurfum við að gera til að fjölga nemendum á náttúrufræðibraut og þar með vonandi einnig í efri áföngum raungreina. Það er mikið áhyggjuefni að í nýrri námskrá fyrir grunnskóla hafi skyldutími náttúrufræðigreina verið skorinn töluvert niður hjá efstu bekkjum hans. Ég óttast að það verði til þess að í framtíðinni komi enn færri nemendur til með að velja náttúrufræðibraut í framhaldsskóla. Í kjölfarið gæti orðið erfiðara að halda úti raungreinaáföngum. Við það fengju nemendur jafnvel ekki þá áfanga sem þeim eru nauðsynlegir til að komast inn í háskólanám sem þeir stefna að. Ég fagna því að FSu ætli í samstarf með öðrum skólum hvað varðar fjarkennslu ýmissa áfanga. Með því verður án efa auðveldara að halda úti kennslu nauðsynlegra áfanga. Hins vegar er vert að hafa í huga að þegar um er að ræða áfanga þar sem verkleg kennsla er stór þáttur ber að undirbúa fjarkennslu þeirra vandlega og sjá til þess að verklega þættinum, sem og öðrum þáttum, verði fullnægt.

Efni skýrslunnar er unnið úr einstaklingsskýrslum þeirra kennara sem kenndu raungreinar veturinn 2010 – 2011, nöfn þeirra má sjá í töflu 1. Allir kennarar skiluðu skýrslu.

Selfossi, 31. maí 2011
Ester Ýr Jónsdóttir,
 kennslustjóri raungreina

2.2.3 Starfsnám (*Hestabraut, viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagr.*)

Kennslustjóri: Íris Þórðardóttir

Viðskiptagreinar

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Ægir Sigurðsson	Hag213	6	
	Við133		6
	Samtals	6	6
Pórey Hilmarsdóttir	Bók103		6
	Bók213	6	
	Hag103	6	
	Hag113		6
	Við123		6
	Við143	6	
Samtals	18	18	

Tölfræðigreinar

Ragnar Geir Brynjólfsson	TÖL103	6	6
	TÖL203	6	6
	TÖL303	6	6
	TÖL123	6	6
	TÖL113	6	6
Samtals	30	30	

Eysteinn Ó. Jónasson

UTN-103 og UTN-203 veturinn 2010 -2011.

Kenndir saman á haustönn 2010 og vorönn2011 (einn hópur 6 kst. á viku.)

Hestabraut

Sissel Tveten og Freyja Hilmarisd.	Rem203	9	9
	Rem403	6	6
	Samtals	15	15
Magnús Lárusson	HEM111		16
	HEM211		16
Sigurður Torfi Sigurðsson	JÁR 102	18	
	JÁR 201		18
	JÁR 301		18
Hugrún Jóhannsdóttir	HEM103	6	0
	HEM202	0	4
	HEM302	4	
	HEM402	0	4
	Samtals	10	8

Sjúkraliðabraut

Íris Þórðardóttir	Hjú 203		6
	Hjú 103	6	
	Vin 105		6
	Hjv 103	24	
	Lol 103		6
	Lol 203	6	
	Sam 103	6	
	Sjú 103		6
	Vin 105		6?
	Samtals	42	30?

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Ragnar: Moodle kennslukerfið var tekið í notkun haustið 2010. Það kerfi er ekki jafn fullkomið og Angel kerfið var en það er í hægri framþróun þannig að agnúar lagast

vonandi með tímanum. Að öðru leyti er sama kennslumódel notað áfram þar sem það hefur sýnt sig að reynast vel og vera skilvirk. TÖL123 áfanginn var tekinn í notkun haustið 2010.

Eysteinn: Breytingar frá fyrri vetri eru helstar þær að Office 2007 í borðtölvum í stofu 303 var uppfært í Office 2010. Þetta kallaði á nýjar kennslubækur sama höfundar, Jóhönnu Geirsdóttur, en við höfum notað kennslubækur frá henni undanfarnar annir og í UTN – 203 bók hennar og Sólveigar Friðriksdóttur varðandi uppsetningu verslunarbréfa og flóknari uppsetninga í þeim geira. Að vísu fengu fjarnemendur á Litla Hrauni, Bitru og Kviabryggju að vinna áfram með eldri útgáfuna og voru próf þar því í samræmi við það.

Hugrún: Fór í samstarf við Meistaradeild í hestaþróttum og var með verkefni tengd því. Heimsókn á Hóla. Verkefni sem vannst alla önnina dagbókarform.

Íris: Þar sem nýr hópur byrjaði núna haustið 2010 þá tók hún upp fulla notkun á moodle og er mjög ánægð með árangurinn af því. Nemendur eru líka mjög ánægðir og þarna setti hún inn glósur, verkefni, skilaboð, skipulag og skil á verkefnum frá nemendum. Þarna er allt sett inn og ef nemendur missa af tíma einhverra hluta vegna þá á ekkert að koma þeim á óvart þar sem allt er sett inn í moodle eftir hvern tíma og er aðgengilegt þar.

Fékk inn gestakennara á vorönn Unni Þormóðsdóttur sem var með fyrirlestur um vistunarmat í hjú 203, þar sem hún er í vistunarmatsnefndinni fyrir allt Suðurlandið. Á haustönn var Else Nielsen gestakennari og var með tvo, tvöfalda tíma í nuddi í hjv 103

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Ægir: Símat í viðskipta- og hagfræðiáföngum.

Þórey: Allir áfangarnir eru símatsáfangar með 2 – 4 prófum á önninni og verkefnaskilum. Tölvubókhalda Bók213 er annað hvort staðið eða fallið og skilyrði til að standast áfangann er að nemendur klári og skili ákveðnum verkefnum á önninni

Ragnar: Símat: 35%, Lokapróf 65% í öllum áföngum nema TÖL303. Þar gildir verkefnaeinkunn 100%.

Sissel og Freyja: Fjölga skyndiprófum og verkefnum. Lækka vægi á lokaprófi.

Magnús: Mæting í alla tímuna gerir áfangann staðinn.

Sigurður Torfi: Námskeiðið er hugsað sem kynning á viðfangsefninu þannig að til að standast áfangann þarf nemandi að mæta a.m.k. í 75% tímanna. Ekki er gefin einkunn.

Hugrún: Lokapróf 60% og verkefni á önninni 40%

Íris: Þetta er í bland hjá henni, próflaust í áföngum sem standa sjálfir eins og sam 103 en próf í þeim áföngum sem eru undirstaðan fyrir kunnáttu og færni í hjúkrun og skyldum fögum. Svo er verklegt próf í HJV103 þar sem prófdómari var Katrín Ósk Þorgeirsdóttir – voru þær tvo morgna að prófa hópinn. En í vin-áföngunum eru það tenglarnir á vinnustöðunum sem gefa einkunn á nemandann sem þær hafa umsjón með og er Íris í flestum tilfellum með í þeirri vinnu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ægir: „Nýjar áherslur með nýrri námskrá fjármálalæsi o.fl.“

Námskeið 3. september á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og Samtaka kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum.

Námskeið á Möltu dagana 13.-17. sept. 2010. „Training Teachers and Instructors to Teach in Prisons and Detention Centres“ Á námskeiðinu var fjallað um kennslu í fangelsum víðs vegar um Evrópu.

Námskeið á vegum endurmenntunarstofnunar HÍ. Excel-Pivot töflur 7. október 2010.

Þórey: Engin námskeið sótt en fullt af fundum í tengslum við stéttarfélagsmál og endurmenntunarsjóð framhaldsskólakennara og stjórnenda í framhaldsskólum.

Ragnar: Engin á síðasta skólaári. Á sumri komanda eru engin athyglisverð fagnámskeið í boði hjá endurmenntun HÍ, hvorki fyrir tölvukennara né tölvufræðinga. Stutt sumarfrí (6 vikur) og verkefni tengd tölvukerfi skólans í sumarfrí þegar starfsemi skólans liggur niðri draga líka úr möguleikum og áhuga á því að sækja sumarnámskeið – væru þau í boði.

Sigurður Torfi: Kennari er í fullu námi í Landbúnaðarháskóla Íslands.

Íris: Hef ekki farið á námskeið, en hef verið dugleg að fara í hádeginu fyrsta fimmtudag í mánuði, í kjallarann á sjúkrahúsinu á fyrirlestur í fjarbúnaði frá Landspítalanum, um t.d. Noro veiruna, smitgát, legusáravarnir, passivar æfingar, gildi hreyfingar og snertingar o.s.frv.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ægir: Notuð var ný kennslubók í Hag213. Þjóðhagfræði eftir Þórunni Klemenzdóttur.

Þórey: Tilraun með að nota þjóðhagfræði eftir Þórunni Klemenzdóttur í Hag113. Tel það ekki hafa gefið góða raun. Tel bók Ingu Jónu Þórðardóttur betur falla til náms og kennslu.

Í viðskiptalögfræði Við143 prófaði ég að sleppa kennslubók og styðjast fyrst og fremst við lögin (vef Alþingis). Tel að það eigi að þróa það áfram.

Ragnar: Engar. Notast er við sömu kennslubækur áfram enda hefur útgáfa og þróun íslenskra kennslubóka í faginu stöðvast. Ein kennslubókin er að verða of gömul (útg. 1999). Hugsanlega verður að taka upp erlendar bækur og námsefni, t.d. í TÖL123.

Sigurður Torfi: Kennari semur allt námsefni sjálfur.

Hugrún: Já dvd spólur frá Sigurbirni Bárðarsyni Skeið..... Benedikt Lyngdal FRUMTAMNING OG ÞJÁLFUN 1 OG 2

Er að skoða bókina frá Ingimar Sveinssyni Hestafræði!!!!

Íris: Því miður engar bækur – en moodle kemur sterkur inn.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ragnar: Stefnt verði að því að halda áfram og auka samstarf við aðra skóla um tölvukennslu í dreifnámi.

Sissel og Freyja: Hugmyndir í vinnslu í sambandi við þróun brautarinnar, og að bæta við þriðja árinu. (stúdentsbraut)

Hugrún: Það eru vinnufundir í gangi sem Magnús stjórnar um stefnu og sérstöðu brautarinnar.

Íris: Verknámið fyrir vin 205 liggur klárt fyrir – og verður 29. ágúst til 16. sept.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Ragnar: Koma meira til móts við duglega nemendur skólans með því að auka framboð dreifnámsáfanga og útbúa viðmið um hverjir fái að taka slíkt nám og í hve miklum mæli.

Þetta gæti bæði aukið framboð áfanga sem nemendum þættu áhugaverðir og einnig gefið duglegum nemendum tækifæri til að hraða námi.

Eysteinn: *Ég legg til enn sem áður:*

a) ...að nú verði allir nýnemar FSu að læra á fyrsta ári grundvallaratriði notkunar *ritvinnsluforríta* til uppsetningar á skýrslum og frágang ritsmíða, *töflureikna* til tölfraðilegra uppsetninga á hinum ýmsu formum svo og annarra forrita sem koma þeim að notum í áframhaldandi námi.

b) ...eða að þær deildir sem nota tölvuvinnslu í sínum fögum fái ákveðinn tíma á hverri önn til markvissrar kennslu á þau forrit sem fagið krefst, eða mun krefjast í framhaldsnámi í háskóla. Útfærslu þessa mætti hugsa sér á marga vegu.

Helstu kvartanir háskóla eru þær að nemendur kunni ekki á þessa hluti, sem við erum að kenna allt of fáum nemendum á.

Sissel og Freyja: Vinna með okkur, i að finna fjármagn fyrir þróun brautarinnar.

Magnús: Bæta andlegt ástand nemenda

Hugrún: Vantar meira utanumhald og tengingu utanum heildina á hestabrautinni

Meira samstarf við Hóla og Hvanneyri.

Hafa fleiri vinnufundi á milli kennara verklegt og bóklegt. Einhver sem stjórnar og heldur utan um hestabrautina.

Annað

Eysteinn: Nú stendur til að skipta um móðurborð í borðtölvum í stofu 303. Síðast var það gert fyrir u.þ.b. 6 árum. Örgjörvar virðast hafa hægt svo á sér að þær tölvur eru mjög seinar að ræsast en vinna síðan nokkuð örugglega. Fartölvur nemenda eru mun hraðvirkari þótt þær vinni í gegnum staðarloftnet.

Það verður að segjast eins og er að það er sorglegt að horfa upp á að einn öflugasta framhaldskóli landsins í upplýsingatækni um síðustu aldamót, sé orðinn einn af þeim sem aftast er á merinni nú í þeim málum áratug síðar. Þar kenni ég um óskynsamlegum ákvörðunum skólastjórnenda varðandi breyttar þarfir nemenda til upplýsingatækninnar. Á þessum áratug hefur framförum fleygt svo fram, að venjulegt fullorðið fólk áttar sig ekki á hvað er að gerast í þessum geira. Fyrir aldamótin vorum við að sinna nemendum sem ekkert kunnu á tölvur, enda þá ekki komin skipulögð kennsla á það fag í grunnskólunum. Þá var auðvelt að sinna skiptinemum, jafnvel fákunnandi á okkar tungumál, notkun tölva þar sem auðvelt var að ná í efni á ólíkum tungumálum um það efni. Nú hins vegar gengur á engan hátt upp að sinna þeim nemendum þar sem kennslan er orðin miklu sérhæfðari og kennari þarf jafnvel að eyða stórum hluta kennslu í að útskýra tækniorð fyrir íslenskum nemendum. Þetta hafa stjórnendur okkar skóla því miður alls ekki skilið þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir okkar tilsjónarmanna í gegnum undanfarnar annir að útskýra málið.

2.2.4 Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

Kennslumagn og skipting

Skólaárið 2010-2011 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Tíu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og níu á vorönn. 4 kennarar voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á haustönn og jafn margir á vorönn.

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Eyvindur Bjarnason	Stæ 122	6	6
	Stæ 2S36		6
	Stæ 5S36	6	
Ingvar Bjarnason	Stæ 102	6	6
	Stæ 103	6	6
	Stæ 203	6	12
	Stæ 262	6	
Auk þess hafði Ingvar umsjón með fjarnámi grunnskólanema í Stæ 103 á haustönn. Og Stæ 103 og 203 á vorönn.			
Kjartan Ólason	Stæ 102	12	6
	Stæ 122		6
	Stæ U93	6	
Magnús Másson	Stæ 102	6	6
	Stæ 103	6	
	Stæ 122	12	12
	Stæ 403		6
Ólafur Bjarnason	Stæ 102	12	6
	Stæ 122	6	
	Stæ 313	6	6
	Stæ 413		6
	Stæ F93	6	
	Stæ U93		6
Renata Lis	Stæ 303	12	6
	Stæ 403		12
	Stæ 503	6	6
	Stæ 523	6	
	Stæ 603		4
	Stæ 703	4	

Skúli Halldórsson	Stæ 202		6
	Stæ 262		6
	Stæ 403	6	
	Stæ U93	6	
Úlfur Björnsson	Stæ 262	6	
Þorsteinn Einarsson	Stæ 303	6	6
Ægir Sigurðsson	Stæ U93	6	6
	Stæ 202	6	6
	Litla Hraun	9,6	9,6
	Samtals	177,6	163,6

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nokkrir kennarar deildarinnar kynntu sér notkunarmöguleika „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og gæti reynst gott hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Þetta á samt eftir að skoða mun betur og gera sér fyllri grein fyrir notkunarmöguleikum.

Í byrjun haustannar var tekið í notkun Moodle kennslukerfið sem leysir af kerfið Angle. Nokkrir kennarar í deildinni hafa tileinkað sér þetta kerfi og láta vel af, sérstaklega kom notagildi þess í ljós við utanumhald fjarnáms grunnskólanemendanna.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í stærðfræðiáfanganum U93 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20%, stöðupróf á önn 20% og lokaprófi 60%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur og hefur vafalítið skilað einhverju í bættum námsárangri.

Sami háttur var hafður á í áfanganum stæ 102, nema að þar gilti lokapróf 70% á móti ástundun/vandvirkni 10% og stöðupróf/heimadæmi 20%

Í áföngunum stæ 102 og stæ 122 var ákvæði í kennsluáætlun, þar sem gert var ráð fyrir að nemandi sem uppfyllti 75% námsmarkmiða annarinnar gæti, ef hann vildi, sleppt lokaprófi. Á vorönn var sami háttur hafður á í U93. Nokkrir nemendur tóku þessari áskorun í þessum áföngum. Dæmi var um að nemandi í U93 kláraði áfangann um miðja önn og hélt síðan áfram og tók líka stæ 102 og stóð sig með þryði. Þannig að segja má að þetta fyrirkomulag hafi virkað mjög vel a.m.k. í sumum tilvikum.

Í áfanganum stæ 413 var skiptingin þannig að lokapróf gilti 60% á móti verkefnum annarinnar sem giltu 40%. Verkefni annarinnar voru: Tölvupróf 10% og tvö hópverkefni, Verkefni A 5% og Verkefni B 25% .

Í öðrum áföngum voru haldin hefðbundin lokapróf þar sem vægi lokaprófs var yfirleitt 80% á móti verkefnaskilum annarinnar 20%.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námstefna Flatar, félags stærðfræðikennara var haldin á Hótel Selfossi dagana 1.-2. október 2010. Stærðfræðikennarar skólans sáu ekki ástæðu til að sækja námstefnuna að þessu sinni. Töldu kennara að viðfangsefni námstefnunnar höfðu ekki endilega til kennara í framhaldsskólum og einnig fylgir svona samkomum nokkur kostnaður.

Íslenska stærðfræðifélagið efndi til fundar með stærðfræðikennurum í framhaldsskólum 23. febrúar 2011. Fundurinn var haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Fundinn sóttu milli 80 og 100 kennarar úr bæði framhaldsskólum og háskólum. Flestir fundarmenn voru framhaldsskólakennarar af SV- horni landsins, en einnig voru þarna kennara úr M.A. H.Í. H.R. og H.A.

Markmið fundarins var að efla umræðu um stærðfræðimenntun í framhaldsskólum. Fjallað var sérstaklega um hvað megi gera vel í framtíðinni og hvað þurfi að gera í dag að svo megi verða. Fundarmönnum var skipt uppí 8-10 manna hópa og málin rædd út frá mismunandi sjónarhornum í hverjum hóp. Talsmaður hvers hóps gerði síðan grein fyrir helstu niðurstöðum úr viðkomandi hóp. Fundarmenn veltu fyrir sér hvort núverandi námskrá væri raunhæf og við hæfi allra nemenda. Fundarmenn voru almennt á þeirri skoðun að skylda ætti alla framhaldskólanema til að leggja stund á grundvallaratriði tölfræði. Einnig var það áberandi skoðun að nú væri tækifæri til breytinga í ljósi sjálfstæðis skóla við gerð nýrrar námskrár.

Í marsmánuði fór Ingvar Bjarnason á námskeið í notkun þrívíddarteikniforrítsins Revit. Námskeið þetta var haldið í Reykjavík á vegum félags byggingafræðinga. Ingvar telur að með þessu forriti skapist áhugaverðir möguleikar í rúmfræðiteikningum sem nota mætti í vissum stærðfræðiaföngum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á báðum önnum var notuð kennslubókin Stæ 103 eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum stæ 102, stæ 103 og stæ 122. Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel og verður haldið áfram með hana í þessum áföngum á næstu önn. Í áfanganum stæ 203 var notuð á báðum önnum bókin stæ 203 eftir Jón Hafstein Jónsson o.fl.

Í áfanganum stæ 303 var notuð kennslubók í bókaflöknum 3000 á haustönn, en skipt um kennslubók á vorönn og tekin í notkun bókin stæ 303 eftir Jón Hafstein Jónsson o.fl. Verður sú bók notuð áfram á næstu önn.

Í stæ 403 var notuð bók eftir Jón Hafstein Jónsson o.fl. Báðar annirnar.

Í stæ 503 var á haustönn notuð kennslubók í bókaflöknum 3000.

Í stæ 603 var á vorönn notuð kennslubók eftir Jón Hafstein o.fl.

Nú hefur verið tekin sú ákvörðun í stærðfræðideild að nota til kennslu áfanganna stæ 203, stæ 403, stæ 503 og stæ 703 kennslubókina Calculus with Applications, 9/E eftir Margaret L. Lial, Raymond N. Greenwell og Natan P. Ritchey.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir
Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar. Það er samdóma álit starfsmanna stærðfræðideildar að aðstæður í Selinu uppfylli ekki lágmarkskröfur hvað þetta varðar.

Tækjakostur

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Nú er lágmarksbúnaður í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

Annað

Þann 13. október 2010 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2010-2011 (forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Við FSu tóku þátt 9 nemendur, tveir á neðra stigi og sjö á efra stigi. Keppendur af öllu landinu voru alls 399. Magnús Borgar Friðriksson nemandi í FSu, sem keppti á efra stigi, náði þeim árangri að komast í lokakeppni sem fram fór í mars 2011, en sigurvegurum í þeirri keppni gefst kostur á að taka þátt í Norrænni stærðfræðikeppni og í framhaldi af því er svo Alþjóðleg stærðfræðikeppni sem fram fer erlendis í júlí í sumar en þangað komast væntanlega 6 keppendur frá Íslandi. Fullur vilji er innan stærðfræðideildar til að halda áfram þátttöku á þessum vettvangi.

Önnur stærðfræðikeppni, þ.e. Stærðfræðikeppni grunnskólanema á Suðurlandi fór fram í FSu þann 16. mars 2011. Þátt tóku um 60 nemendur úr 8. 9. og 10. bekk frá ýmsum grunnskólum á Suðurlandi. Keppni þessi var haldin í samstarfi við Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Skólaskrifstofu Suðurlands og nokkur fyrirtæki á svæðinu sem styrktu keppnina með ýmsum hætti s.s. veitingum og verðlaunum. Sams konar keppni var haldin á sama tíma á Akranesi, í Hafnarfirði og á fleiri stöðum.

Það er von okkar í Stærðfræðideild að keppnir sem þessar stuðli að auknum áhuga og árangri í stærðfræði innan skólans sem utan.

Mörg undanfarin skólaár hefur verið starfrækt stuðningskennsla í stærðfræði við skólann. Á undanförunum skólaárum hefur þessi kennsla verið veitt frá miðri önn til loka annar. Þá hefur verið miðað við að miðannarmat lægi fyrir.

En á vorönn 2010 var tekin upp ný eyktaskipan þar sem þrisvar í viku var stoðtími í ½ klst í senn eftir hádegi á mánud., þriðjud. og miðvikud. Þessir tímar komu m.a. í stað hefðbundinna stuðningstíma í stærðfræði. Ekki eru skjalfestar nákvæmar upplýsingar um notkun þessara tíma, en þó ljóst að hún var nokkur en þó mismunandi eftir áföngum. Velta má því fyrir sér hvort ástæða sé til að gera úttekt á nýtingu þessara stoðtíma.

Selfossi 26. maí 2011

Ólafur Bjarnason, kennslustj. í stærðfræði.

2.2.5 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn '10 Kest. fj.	Vorönn '11 Kest. fj.
Sigurður Grímsson	HSU102	8	
	LSU102	4	
	PLV102	8	
	AVV202	4	
	RSU102	4	
	REN202	4	
	AVV102		8
	MÆM101		4
	REN103		8
	HVM203		6
PLV202		4	
LitlaHr. Haust: LSU102, RSU102, HSU102		5.6	5,6
	Samtals	37,6	35,6
Þorvaldur Guðmundsson	LSU102	4	
	MSM173	6	6
	MSM1S3	6	6
	MSM2S3		
	MSM3S3		
	MSM4S3		
	RAF113	6	
	GÆV101	2	
	EFM102	4	
	TTÖ102		4
	EFM201		2
	VFR102		4
	HVM103		8
Samtals	28	30	
Grímur Lúðvíksson	VGR 103	6	
	VGR 202		4
	VGR 302	4	
	VGR 402		4
	TNT 102	4	
	TNT 202		4
	TNT 303	6	

	TNT 403		6
	RAM 303	6	
	RAM 203		6
	RTM 102		4
	RTM 202	4	
	RTM 302		4
	Samtals	30	32
Þór Stefánsson	RAL 102	4	
	RAL 202		4
	RAL 303	6	
	RAL 403		6
	RAM 103	6	
	RAM 403		6
	STR 102	4	
	STR 203		6
	STR 302	4	
	STR 402		4
(Starfsbraut strákarnir hans Harðar)	RAF 1S3	6	
	(GM) RÖK 102		4
	(GM) RAT 102	4	
	(GM) MRM 102	4	
	Samtals	38	30
Jón Sigursteinn Gunnarsson			
	GRT 103/203	12	
	FRV 103	6	
	EFG 103	6	
	GLU 104	6	
	LHÚ 104		6
	SVH102		2
	ÁGS 102		2
	ÚVH102		2
	TRÉ173		6
	GRT 103/203		12
	Samtals	30	30
Kristján Þórðarson			
	VTG106C	10	
	TRÉ1S3-3S3-4S3	6	
	HÚB102		4
	TIH10AK		20
	INK102		2
	VTS103		6
	Samtals	16	32

Svanur Ingvarsson	INR106		8
	TRÉ173	12	
	TRÉ109	18	
	TRÉ1S3/2S3	6	
	TRÉ1S3/2S3/3S3		6
	ÖRF101		námskeið 2 umsj/ke
	TRS102		námskeið
	TST101		námskeið 2 umsj/ke
	Samtals	24	32

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

ÞG-Ekki teljandi

GL-Lokapróf í próftöflu í TNT 403

Fleiri verkefni í VGR 202 og VGR 402

Prentplötugerð í fyrsta sinn hjá mér.

Jón-Vettvangsferðir og vinnustaðaheimsóknir - Tenging við atvinnulífið

SI-Tveir nemendur af starfsbraut, hvor í sínu lagi, ásamt aðstoð sóttu tíma og unnu í sínum verkefnum, óháð því hvaða hópur var í smíðastofunni.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

SG-Símat.

ÞG-Símat byggt á verkefnavinnu og prófum.

GL-Símat notað í flestum áföngum, en lokapróf í próftöflu FSU í áföngunum Ram 203, RTM 102, TNT 403.

Fleiri verkefni gerð í tíma en áður.

Þór-Símat notað í öllum áföngum nema RTM 102, RAM 103 og 203.

Jón-Í TRÉ 173, LHÚ 104 og GLU 104 voru að mestu verklegir áfangar og verkefni og frammistaða í kennslustundum lögð til grundvallar námsmati.

Lokapróf var í GRT103 og 203 ásamt mati á verkefnamöppu.

Aðrir áfangar voru bóklegir, þar sem frammistaða í kennslustundum var metin ásamt verkefnum sem nemendur unnu á önninni. Í lok annar var lagt fyrir próf/verkefni.

KÞ-Símat er í áföngunum VTG106C, TRÉ1S3, TRÉ3S3, TRÉ 4S3 og TIH10AK. Í áfanganum HÚB102 er stuðst við útkomu úr verkefnum og bóklegu prófi, sem og í VTS103 ásamt verklegu prófi.

SI-Símat, sem á vel við í verklegri kennslu. Velti því þó sífellt fyrir mér hversu strangar kröfur sé heppilegt að setja um verkefnaskil og slíkt. Í bóklegu námskeiðunum ÖRF og TST var stuðst við verkefnaskil og mætingu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GL-Kennsluréttindanam 30 CTS einingar Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Cisco Discovery netkerfisstjórnunarnámskeið í Tækniskólanum. 7 vikur.

Þór sótti námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands í byrjun júní - Framleiðsla raforku, grænt eða geislar, Námskeiðið verður haldið í Milano og byggist á fyrirlestrum um raforkuframleiðslu og dreifingu raforku með skírskotun til sýningarinnar Powergen Euoroe Expo sem haldin er á Fieara Milano sýningarsvæðinu.

Markmiðið er að kynna kennurum í rafiðnaði stefnur og strauma í raforkuframleiðslu á heimsvísu með áherslu á möguleikum endurnýjanlegra orkugjafa.

Þór fór til Ítalíu í þorpið Courmayeur til að taka þátt í undirbúningsfundi vegna umsóknar til Comeniusar um samstarfsverkenfi á milli 9 annarra skóla í Evrópu. Ferðin var í byrjun desember og tók viku.

Jón-Námskeið á vegum Iðunnar um sveppi og myglu í húsum.

Námskeið á vegum Verkmenntar um byggingasögu í landnámi Helga magra.

Kynning á vegum Steinullarverksmiðjunnar um nýjungar í framleiðslu steinullareinangrunar.

Námskeið á vegum Verkmenntar um mannvirkjalögin og byggingastjóramöppu.

Námskeið á vegum Verkmenntar um vistvænar byggingaraðferðir.

KÞ-Námskeið á vegum Verkmenntar um mannvirkjalögin og byggingastjóramöppu.

Námskeið á vegum Verkmenntar um vistvænar byggingaraðferðir.

SI-Námskeið á vegum Iðunnar um raka og myglu í húsum, - á vorönn.

Námskeið á vegum Verkmenntar um mannvirkjalögin og byggingastjóramöppu.

Námskeið á vegum Verkmenntar um vistvænar byggingaraðferðir.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

ÞG-Ekki teljandi.

GL-Í VGR 403 var bætt við gítarmagnara og nýjum bassamagnara sem ég hannaði hvort tveggja sjálfur. Bassamagnarinn var ýmist fyrir 230V eða fyrir 12V í bíl. Prentplötur gerðar hér í fyrsta sinn og notaði ég ljósmyndataekni til þess. Búnaður til þessa keyptur. Einnig voru 2 gerðir HiFi magnara smíðaðar.

Jón-Sárlega vantar kennsluefni fyrir verklegar greinar. Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun, en ný kennslugögn voru reglulega sótt á netið. Heimasíður fyrirtækja, framleiðenda byggingarefnis og opinberra aðilla.

SI-Ekki nema að í annað sinn lét ég nemendur í tré 109 kaupa hefil og nokkur sporjárn.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

GL-Áfram sparnaður í gangi. M.a. eru ekki keyptar tilbúnaðar prentplötur heldur gerðar hér, spennugjafinn frá Danmörku ekki lengur notaður heldur hönnun frá mér með ódýrara efni.

Einnig sleppa smíði hátalarakassa vegna sparnaðar

Jón-Farið verði varlega í niðurskurð kennslustunda í verklegum greinum. Reynt sé eins og kostur er að verklegir áfangar myndi samfella í stundarskrá.

SI-Láta þetta rúlla með svipuðu sniði.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

SG-Aukið námsframboð og tækjakostur í tengslum við stækkun á Verknámshúsi.

ÞG-Mjög aðkallandi að endurnýja vélar og áhöld í smíðasal fyrir verknám málmiðna sérstaklega ef viðbygging við verknámshúsið tefst og þar með áætluð stofnbúnaðarkaup.

GL-Betri aðstaða fyrir verklega kennslu og tækjakostur bættur.

Endurnýjun á skólahúsnæðinu.

Endurnýjun á stólum og borðum orðin brýn.

Mála húsnæðið.

Þór-Innrétta kjallarann í Odda fyrir kennslu í RAL, bent á þetta í skýrslu síðasta árs. Full ástæða til að endurnýja fartölvur í VR, tölvurnar sem eru til afnota eru ekki nógu öflugar, rýrir þann hugbúnað sem nemendur þurfa að nota og kvarta þeir oft yfir því að fá ekki að nota jafn öflugar tölvur og standa nemendum til boða í Odda.

Jón-Tekjur af sölu sumarhúss verð látnar renna til deildarinnar í formi tækja, námsefnis eða annars sem nemendum kemur til góða.

Iðnnám verði kynnt sem valkostur fyrir þá sem hyggja á frekara nám í verkfræði/tæknigreinum.

KP-Sem fyrr tel ég tel að kaup á nýrri plötusög sé nauðsynleg vegna þess hvað sögin er orðin slitin og eins til að við séum samstíga öðrum skólum í tækni. Þá ber þess að geta að sögin er á undanþágu frá öryggisstöðlum og hefur svo verið frá árinu 1997.

SI-Bæta drykkjarvatnið í Hamri sem er bæði gruggugt og volgt.

Í ljósi þess að ekki er vitað hvenær byrjað verður á viðbyggingu við Hamar þarf að huga að endurnýjun véla og tækja, má þar nefna plötusög.

Þakkantur á viðbyggingu Hamars rennur o.fl. þarfnast endurnýjunar, þá hafa verið vandræði með rafmagnið sem slær oft út.

Annað

GL-Ég hef keypt inn efni frá Bandaríkjunum og Kína sem hefur sparað okkur töluverða peninga.

Efnislager rafeindaefnis er kominn í þokkalega gott horf, allt efni í merktum skúffum.

Stærðfræðikunnátta nemenda sem byrja í Grunndeild rafíðna er almennt óviðunandi.

Nemendur þennan vetur voru fyrir neðan meðallag í frammistöðu og einkunnum.

Þór-Ekki var farið í ferðir með nemendur á haustönn vegna kreppunnar. Spurning hvort ekki sé ástæða til að endurvekja þessar ferðir.

Deildin fékk glæsilega gjöf frá Rafporti, aðaltöflur í hús sem munu nýtast vel til kennslu í RAL 303.

Hamarsmenn þakka fyrir veturinn.